



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. mars 2007 – 83. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Boðið í afmæli hjá Elton John

Ragnheiður Hansson afþakkaði boð poppgóðsins pent.

TÍMAMÓT 12

### Frá Vatnsstíg til Laugaskarðs

Illugi Gunnarsson minnst rússneska tónjófursins Tchaikovsky og annarra fórnarlamba sögufólsumar kvikmyndanna.

Í DAG 10

### Í eilífum Barbíleik

Ljósmyndarinn Vera Pálsdóttir á farsælan feril að baki og hefur unnið með mörgum af frægustu ljósmyndurum og fyrirsætum heims fyrir alþjóðleg tiskublöð.


VÍÐTAL 20

### Með níu fingur á bikarnum

Stjörnustúlkur eru svo gott sem orðnar Íslandsmeistarar í handknattleik eftir sigur á Haukum í gær. Helsti keppinauturinn, Gróttá, tapaði á sama tíma.

ÍÞRÓTTIR 30

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞURRT NORÐAUSTAN TIL** – Í dag verður suðlæg átt, 5-13 m/s. Rigning eða skúrir sunnan til, skúrir eða él vestan til en þurrt og bjart með köflum norðaustast á landinu. Hiti 2-9 stig, mildast norðaustan til.

VEDUR 4

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA allt landið

### Sunnudagur



\*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í nóvember 2006.



**ÚTILÍFSHELGI Í VOTVÖÐRI** Um hundrað skátar á aldrinum 10-14 ára flykkust um helgina í Heiðmörk, þar sem blásið var til Útíllífs-helgar skátaflokka í þriðja sinn. Útivistin varð styttri en áætlað var, þar sem veðurguðirnir virtust í vonskukapi í Heiðmörkinni. Mótshaldarar létu það þó ekki stöðva sig og héldu með friðan flokk skáta inn í hús Skógræktarfélag Reykjavíkur. Ekki var annað að sjá en að inniveran legðist vel í skátana þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Íslandshreyfingin með fimm prósent

Fimm prósent segjast myndu kjósa Íslandshreyfinguna, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins sem er fyrsta könnunin sem gerð er eftir að flokkurinn kynnti framboð sitt. Ómar Ragnarsson segir þetta ánægjulegar niðurstöður.


**SKOÐANAKÖNNUN** „Þetta eru ánægjulegar niðurstöður,“ segir Ómar Ragnarsson, formaður Íslandshreyfingarinnar, um niðurstöðu skoðanakönnunar Fréttablaðsins. 5,0 prósent segjast myndu kjósa hreyfinguna og gæti hún því fengið þrjá þingmenn kjörna. „Íslandshreyfingin er rétt að fara af stað og ég vona að þetta gefi tóninn fyrir áframhaldið.“

Frjálslyndi flokkurinn heldur áfram að tapa fylgi og segjast nú 4,4 prósent myndu kjósa flokkinn. Samkvæmt því er ólíklegt að flokkurinn fengi nokkurn þingmann kjörinn. „Mér finnst fylgistaðið óásættanlegt og sýnir að við þurfum að fara á fullt með kosningabaráttuna okkar, sem er ekki hafin að neinu marki enn,“ segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins.

Fylgi Samfylkingar eykst aðeins frá síðustu könnun blaðsins og segjast nú 21,0 prósent myndu kjósa flokkinn, sem gæfi um fjórtán þingmenn. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, segist treysta þjóðinni til að velja skynsamlega í vor. „Margir

## FYLGI STJÓRNMAÐAFLOKKA

Hvaða lista myndir þú kjósa ef boðað yrði til alþingiskosninga nú?



eru óákveðnir enn, en Samfylkingin er að mjakast upp, sem er í takt við það sem við höfum fundið.“

Vinstri græn missa svolítið fylgi nú og segjast 23,3 prósent myndu kjósa flokkinn. Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, segir niðurstöðuna eins og við hafi verið að búast. „Nýja framboðið var kynnt í vikunni og fékk mikla athygli, svo það kemur ekki á óvart

að það komist á blað. Það er hins vegar ekki hægt að segja að það fylgi því mikil sveifla, því bæði Frjálslyndir og Íslandshreyfingin eiga það á hættu að fá engan mann kjörinn.“

Fylgi Sjálfstæðisflokks dalar einnig lítillega og segist 36,1 prósent myndu kjósa flokkinn nú, sem gæfi flokknum 24 þingmenn. Arnþjórg Sveinsdóttir þingflokksformaður segir niðurstöðuna sýna að flokksmenn þurfi að herða sig enn frekar, þrátt fyrir að vera á góðu róli.

Fylgi Framsóknarflokks stendur í stað og segjast nú 9,4 prósent myndu kjósa flokkinn. Samkvæmt því yrðu framsóknarþingmennirnir sex. Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, segir könnunina lofa góðu fyrir framsóknarmenn. „Við erum álíka stórir og við vorum mánuði fyrir síðustu kosningar og við næstum því tvöfölduðum það fylgi. Stóru fréttirnar í þessu eru náttúrulega þær að enn er þessi mikla athafnaríkisstjórn fallin sem hefur setið að völdum á Íslandi. Það eru stórtíðindi.“

- ss/ sjá síðu 4

## Kjarnorkuáætlun Írana: Refsiaðgerðir samþykktar

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti einróma í gærkvöldi ályktun um frekari refsiaðgerðir gegn Írönnum vegna kjarnorkuáætlunar þeirra. Í þeim felst bann við vopnaútflutningi frá Íran og að eignir þeirra einstaklinga og samtaka sem koma að kjarnorku- og eldflaugaáætluninni verða frystar.

Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti var ekki viðstaddur atkvæðagreiðsluna þrátt fyrir að hafa óskað sérstaklega eftir því. Hann segir Bandaríkjamenn hafa tafið fyrir afgreiðslu á vegabréfsáritun fyrir hann. Því neita Bandaríkjamenn. Eldfimt ástand ríkir á milli Írana og Vesturlanda eftir að Íranar handtöku fimmtán breska sjóliða á föstudag.

- sh/sjá síðu 2

## Stjórnendur Borgarholtsskóla: Banna tölvuleikjamót

**SKÓLAMÁL** Skólayfirvöld bönnuðu nemendafélagi Borgarholtsskóla að halda Lan-mót, sem gengur út að hópur fólks hittist og spilar saman tölvuleik yfir netið. Stjórn nemendafélagsins segir sér hafa verið hótad brottrekstri ef mótið hefði verið haldið. Reynir Grétar Jónsson, sem situr í stjórn nemendafélagsins, er ósáttur við þessa ákvörðun og segir mjög marga nemendur hafa haft áhuga á mótinu.



REYNIR GRÉTAR JÓNSSON

Aron Tómas Haraldsson, forvarnafulltrúi Borgarholtsskóla, segir orðum aukid að stjórninni hafi verið hótad brottrekstri úr skólanum. „Við erum ekki að segja að tölvur og tölvuleikir séu upphaf alls ills,“ segir Aron Tómas, sem segir skólayfirvöld einfaldlega vera að bregðast við frétum af því að heimilishaldi sé stundum haldið í heljargreipum vegna tölvuleikjafíknar.

- fgg/sjá

Endalaust úrval af fermingargjöfum!



Opið 13-17 í dag

Kringlan

Komdu norður! Helgarævintýri á Akureyri



## SPURNING DAGSINS



Sigurður Kári, ertu búinn að tryggja þér miða?

„Nei. En miði er möguleiki.“

Vinstri græn standa fyrir kosningahappdrætti og meðal vinninga er grillveisla í garðinum hjá Ögmundi Jónassyni. Sigurður Kári Kristjánsson er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.



TVÖ FIDRILDI Í HENDI... Taivönum er afar annat um velferð fiðrildanna fögru.

## Hraðbraut í Taívan girt af: Bílarnir víkja fyrir fiðrildum

**TAÍVAN, AP** Hluti hraðbrautar í Taívan verður girtur af á næstu dögum til að rýma fyrir flökkufiðrildum sem fljúga frá syðri hluta landsins til þess nyrðri í lok mars ár hvert.

Fiðrildategundin, sem hefur einkennandi hvíta depla á purpurabrúnum vængjunum, lifir aðeins á Taívan og talið er að stofninn telji einungis tvær milljónir fiðrilda.

Yfirvöld munu einnig setja upp net á hraðbrautinni til að fá fiðrildin til að fljúga hærra og forðast bílana á brautinni. Einnig verða sett upp útfjólublá flóðljós til að leiðbeina þeim.

- sh

## STJÓRN MÁL

### Samkomulagi ekki enn náð

Líklegt þykir að gengið verði frá samkomulagi um takmarkanir á auglýsingum stjórnmálaflokka í dag. Samkvæmt heimildum fréttastofu Stöðvar 2 verður settur rammi utan um birtingar á auglýsingum stjórnmálaflokka á sjónvarpi, útvarpi og landsmálablöðum, en ekki verður samið um auglýsingar í landshlutamiðlum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Brotist inn á Strikið

Brotist var inn á veitingastaðinn Strikið á Akureyri í fyrrinótt. Innbrotspjófurinn var handtekinn á staðnum og fluttur í fangageymslur lögreglunnar.

Bretar og Evrópusambandið krefjast þess að Íranar láti fimmtán sjóliða lausa:

## Segja Breta hafa reynt innrás

**TEHERAN, AP** Íranar fullyrtu í gær að bresku sjóliðarnir fimmtán sem Íranar handtóku á föstudag á Persaflóa hefðu játað að hafa siglt í leyfisleysi inn í íranska lögsögu. Íranar saka Breta um að hafa reynt að ráðast inn í landið. Sjóliðarnir hafa verið fluttir til Teheran.

Bresk stjórnvöld krefjast þess að sjóliðunum verði sleppt úr haldi tafarlaust. Þeir hafi ekki verið við störf í íranskri landhelgi, heldur íraskri, en Íranar og Írakar eru ósammála um það hver hefur yfirráð yfir svæðinu.

Háttsettur foringi í Íraksher sagði í gær að samkvæmt upplýsingum hans hefðu bresku sjó-



Á SIGLINGU Bretarnir voru á bát áþekktum þessum þegar þeir voru teknir haldi af Írönnum og fluttir til hafnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

liðarnir ekki verið í íraskri landhelgi. Evrópusambandið krafðist þess einnig í gær að Bretunum yrði sleppt án tafar.

Sjóliðarnir bresku höfðu verið við leit í írönsku kaupskipi vegna gruns um bílasmygl þegar írönsk skip umkringdu báta þeirra og fylgdu þeim með vopnavaldi til íranskrar hafnar.

Málið eykur enn á spennuna milli Írans og Vesturlanda vegna kjarnorkuáforma Írana og ásakana Bandaríkjamanna þess efnis að Íranar sæju herskám sjúum í Írak fyrir vopnum.

Íraskir harðlínumenn hafa talað fyrir því að sjóliðunum verði ekki sleppt nema Vesturveldin falli frá fyrirhuguðum refsiaðgerðum gegn Írönnum vegna kjarnorkuáforma þeirra.

- sh

Vinnuslys á Grundartanga:

## Missti fót í vinnuslysi

**SLYS** Alvarlegt vinnuslys varð fyrir utan kerskála við álver Norðuráls á Grundartanga í gær. Starfsmaður varð fyrir lyftara og fékk tönn lyftarans í fótinn.

Þyrta Landhelgisgæslunnar var kölluð til og var maðurinn fluttur á Landspítalann við Hringbraut.

EKKI er ljóst hver tildrög slyssins voru en slæmt veður var á svæðinu í gær.

Maðurinn gekkst undir aðgerð á Landspítalanum. Að sögn læknis missti maðurinn annan fótinn en líðan hans var stöðug.

Hann hlaut ekki aðra áverka við slysið.

- þo

# Vilja íbúðahverfi á vatnsbóli í Laxnesi í Mosfellsdal

Laxnesbúið ehf. vill að vatnsvernd verði aflétt á svæði umhverfis vatnsbólið Guddulaug í Mosfellsdal til að byggja íbúðir. Draumórar, segir bóndinn á Laxnesi. Halldór Laxness sagði lindina hafa lækningamátt.

**UMHVERFISMÁL** Laxnesbúið ehf. á Laxnesi II vill að bæjaryfirvöld breyti aðalskipulagi þannig að ekki verði lengur vatnsverndarsvæði í kringum vatnsbólið Guddulaug í Mosfellsdal.

Aðaleigandi Laxnesbúsins er Nýsir ehf. Fyrirtækið hyggur á uppbyggingu stórs íbúðahverfis á um 120 hekturum. Vill félagið fá vatnsvernd aflétt af 24 hektara svæði umhverfis Guddulaug. Lindin er varavatsnból fyrir Mosfellsbæ.

Nóbelskálidið Halldór Laxness gat um uppsprettuna Guddulaug í æskuminningabók sinni Í túninu heima:

„Í dalnum trúðu allir á þessa lind; einlægt ef einhver var sjúkur var sótt vatn í þessa lind. Faðir minn trúði á þessa lind. Ég trúði líka á þessa lind. Þegar faðir minn var hætt kominn af lúgnabólgu í fyrra sinnið var ég látinn sækja vatna handa honum í þessa lind tvisvar á dag og honum batnaði,“ skrifaði Halldór.

Haraldur Línal Haraldsson, framkvæmdastjóri Nýsis þróunarfélags, segir skipulagningu nýja Laxnes-hverfisins alla á frumstigi. Hugsanlega verði þar eingöngu hálf til eins hektara einbýlishúsaloðir en ef till vill blönduð íbúðabyggð.

Varðandi vatnsverndina segist Haraldur vongóður um að orðið verði við óskum félagsins. „Við værum ekki að sækja um nema vegna þess að við teljum ekki óeðlilegt að fara fram á þetta,“ segir hann.

Vatn er notað úr Guddulaug á álagstímum þegar vatnsbólið í Laxnesdýjum þar ofar í sveitinni fullnægir ekki þörfum Mosfellinga. Annars fá íbúar bæjarins tvo þriðju hluta neysluvatns síns frá Reykvíkingum.

Skipulagsnefnd Mosfellsbæjar frestaði því á síðasta fundi að taka afstöðu til erindis Laxnesbúsins. Haraldur Sverrisson, formaður nefndarinnar, segist ekki eiga von á því að aðalskipulaginu verði breytt í bráð. „Það er dálítið langt í það, held ég,“ segir formaðurinn.

Hestabóndinn Þórarinn Jónasson á Laxnesi I tekur enn dýpra í árinna: „Þetta eru bara draumórar. Hér er vatnsverndarsvæði og landið er til landbúnaðarnota. Því verður ekki breytt í fyrirsjáanlegri framtíð.“

gar@frettabladid.is



**GUDDULAUG** Nýsir vill fá vatnsvernd við varavatsnból Mosfellsbæjar afnumda og byggja þar íbúðahverfi. Halldór Laxness sagði vatnið úr Guddulaug hafa bjargað föður sínum úr lungnabólgu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR



**LAXNES** Landið þar sem Nýsir vill reisa nýtt íbúðahverfi er í landi Laxness, norðanmegin við Þingvallavegin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR



**ÞÓRARINN JÓNASSON** Áform Nýsis eru bara draumórar, segir nágrannabóndinn á Laxnesi I.

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

# straumsvik.is

Kynntu þér röksemdir fyrir stærra og betra álveri og sjáðu myndband um stækkun álversins í Straumsvík.

straumsvik.is



## Rúmlega 85 þúsund Íslendingar í stjórnmálaflokkum: Þarf að taka til í skrá

**STJÓRN MÁL** „Þessi mikli fjöldi hlýtur að skýrast af því að skrár þeirra flokka sem eiga sér langa prófkjörshæfð eru orðnar mjög bólgnar og það þarf að taka til í þeim,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, um úttekt Fréttablaðsins á flokkskrám stjórnmálaflokkanna. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru rúmlega 85 þúsund Íslendingar skráðir í stjórnmálaflokk.

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, tekur í sama streng og Steingrímur. Hann segir að vel hafi verið tekið til í flokkskrá Frjálslyndra fyrir landsfund og því séu tölur um flokksmenn raunsannar.

Arnbjörg Sveinsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, segir að þessi mikli

fjöldi flokksbundinna hljóti að skýrast af almennum stjórnmálaáhuga Íslendinga. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, segir hins vegar að frekar hafi dregið úr flokks-hollustunni en hitt „Það geta þó verið ákveðin meðmæli með flokkunum hversu margir vilja vera flokksbundnir,“ segir Ágúst.

Í Framsóknarflokkinn eru skráðir 12.188 félagsmenn. Samt sem áður mælist flokkurinn aðeins með 9,4 prósentu fylgi í nýjstu skoðanakönnun Fréttablaðsins. Guðni Ágústsson, varaformaður Framsóknarflokksins, segir að stærsti hluti flokksmanna sé virkur í flokknum. „Í mínu prófkjöri varð ég var við að langstærsti hluti þeirra sem voru skráðir í flokkinn mætti á kjörstað,“ segir Guðni.

- þo/-sh

Aðstandendur drykkjukeppni:

## Segja keppnina ekki hættulega

**HEILBRIGÐISMÁL** Á vefsíðu tileinkaðri drykkjukeppni sem halda átti á skemmtistaðnum Pravda í gærkvöldi segja aðstandendur hennar litla hættu fölgna í uppátækinu. Mesta mögulega magn sem einn keppandi geti drukkið séu tveir lítrar af bjór, eða 1,5 lítrar af bjór og eitt snafsskot. Auk þess verði þriðja árs hjúkrunarfræðinemi á staðnum.

Matthías Halldórsson landlæknir ritaði varnaðarorð um keppnir sem þessa á vefsíðu sína á föstudag, þar sem hann lýsti þeim sem mjög hættulegum.

Ólgerð Egils Skallagrímssonar sendi frá sér yfirlýsingu þar sem fyrirtækið sór af sér öll tengsl við keppnina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

MATTHÍAS HALLDÓRSSON

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR

FRÉTTABLAÐIÐ/GAR



Vorsprung durch Technik [www.audi.com](http://www.audi.com)

Sjáðu allt það besta frá Audi

R8 S8 S3 RS4 Q7 TT

Lúxus- og sportbílasýning um helgina



### Stórviðburður fyrir allt bílaáhugafólk

Í tilefni af opnun nýrra og glæsilegra salarkynna fyrir Audi efnum við til stórkostlegrar bílasýningar og frumsýnum alls sex gerðir Audi bíla sem ekki hafa sést hér á landi áður.

Komdu og skoðaðu ofursportbílinn R8, stóra glæsivagninn S8 og glænýjan TT. Einnig verða sýndir RS4, S3 og Q7 S-line sem er ný sportútfærsla af þessum vinsæla lúxusjeppa.

Ekki missa af glæsilegustu lúxus- og sportbílum Audi.

Opið í dag sunnudag kl. 12–16.





GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	66,31	66,63
Sterlingspund	130,3	130,94
Evra	88,78	88,53
Dönsk króna	11,849	11,919
Norsk króna	10,866	10,93
Sænsk króna	9,483	9,539
Japanskt jen	0,5635	0,5667

SDR	100,2	100,8
-----	-------	-------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
120,4073  
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Neta-, línu- og dragnótabátar mokveiða á miðunum fyrir Suður- og Vesturlandi:

# Mikill þorskur um allan sjó

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflabrogð minni báta fyrir Suður- og Vesturlandi eru með afbrigðum góð í öll veiðarfæri. Línubátar á Faxaflóa og Breiðafirði hafa mokað þorsk síðan í nóvember. Netabátar á hefðbundinni slóð fyrir Suðurlandi geta tekið mikið magn af þorski og ufsa á stuttum tíma. Stöðug bræla hefur þó gert sjómönnum lífið leitt og hefur það komið illa niður á minnstu bátunum, sem hafa legið í höfn dögum saman vegna ógæfta.



FRÍÐRIK SIGURÐSSON ÁR Búið að moka veiða ufsa og þorsk undanfarnar vikur.

Guðmundur Þorkelsson, skipstjóri á netabátinum Friðriki Sigurðssyni ÁR 17 frá Þorlákshöfn, hefur verið við ufsa- og þorskveiðar undanfarnar vikur á Selvogsbanka. „Það hefur verið óhemjuveiði. Síðasti ufsaróðurinn var rúmlega fimmtíu tonn. Þá fórum við í þorsk og það er búið að vera mok. Ég veit til þess að menn eru

af fá góðan afla í hálfónýtar neta-druslar.“ Guðmundur segir að vertíðin í ár fari í flokk þeirra allra erfiðustu hvað veðurlag snertir.

Baldur Kristinsson, skipstjóri á dragnótabátinum Rifsara SH 70 frá Rífi, segir að allir séu á flotta undan þorski á Breiðafirði. „Við leitum oft að ýsu frameftir degi en tökum svo þorsk í einni, tveimur sköfum ef maður finnur ekkert annað. Það er vandalaust að veiða þorsk og allir sjómenn eru sammála um að hann sé auðveiddur í öll veiðarfæri.“ Baldur hefur fregnir af mikilli fiskgængd við Vesturland, bæði á djúpslóð og á grunnu vatni.

## Mjólka flytur afurðastöð: Reisir nýja stöð í Borgarnesi

**LANDBÚNAÐUR** Stjórn Mjólka áformar að flytja afurðastöð félagsins frá Reykjavík í Borgarnes, að því er segir í fréttatilkynningu. Sölu- og dreifingarstarfsemi Mjólku verður þó ekki flutt frá Reykjavík. Áformað er að ný afurðastöð verði um 2.000 fermetrar að stærð, og koma tvær lóðir í Borgarnesi helst til greina undir starfsemi. Ástæður flutningsins eru sagðar þær að núverandi húsnæði sé orðið of lítið til að hýsa starfsemi félagsins. Auk þess leggi fleiri mjólkurbændur á Vesturlandi nú afurðir sínar inn hjá Mjólku. Ekki kemur fram hvenær af flutningnum verður.



FÍKNIEFNI Mennirnir voru að pakka fíkniefnum í neysluumbúðir þegar þeir voru handteknir.

Þrjár handteknir í Vesturbænum:

## Voru að pakka fíkniefnum

**LÖGREGLUMÁL** Þrjár ungir karlmennt voru handteknir í Reykjavík í fyrrinótt. Mennirnir voru að pakka fíkniefnum í neysluumbúðir þegar lögregla gómaði þá í íbúð í Vesturbænum.

Í íbúðinni fundust meðal annars 250 grömm af hassi, sex tíu grömm af marjúána, tuttugu e-töflur og tuttugu grömm af ætluðu kókafíni. Þá lagði lögregla hald á um 160 þúsund krónur en peningarnir eru taldir tengjast fíkniefnasölu.

Mennirnir gistu fangageymslur en var sleppt í gær að loknum yfirheyrslum og telst málið upplýst. Stúlka um tvítugt var einnig yfirheyrð vegna málsins.

Karl Steinar Valsson aðstoðaryfirlögreljubjóinn segir að 107 fíkniefnamál hafi komið inn á borð fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu það sem af er þessu ári. „Þetta eru vissulega mörg mál en vonandi segir þetta ekki til um það sem koma skal á næstu mánuðum,“ segir Karl en í fyrra hafði lögreglan í Reykjavík afskipti af 200 fíkniefnamálum.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Ölvun við Bakarið

Mikil ölvun var á Dalvík aðfaranótt laugardags. Ólæti brutust úr skemmtistaðinn Bakarið og þurfti lögregla að skakka leikinn. Einn gisti fangageymslur og nokkur ungmenni voru keyrð heim til foreldra sinna.

# Dregur saman með S og V

Fylgi Samfylkingar eykst aðeins, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins, en Framsóknarflokkur stendur í stað. Fimm prósent segjast myndu kjósa Íslandshreyfinguna. Fylgi annarra flokka dalar.

**SKOÐANAKÖNNUN** Fimm prósent þeirra sem afstöðu tóku í nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segjast myndu kjósa Íslandshreyfinguna. Þetta er fyrsta könnunin sem gerð er eftir að Íslandshreyfingin boðaði framboð sitt á fimmtudaginn. Ef þetta yrði niðurstaða kosninga myndi flokkurinn fá þrjú þingmenn kjörna, vegna reglna um jöfnunarsæti sem segja að framboð þurfi að ná fimm prósentu fylgi á landsvísu til að ná jöfnunarsæti.


Hið nýja framboð virðist höfða frekar til karla en kvenna; 6,4 prósent karla segjast myndu kjósa listann en 3,3 prósent kvenna. Þá segjast 5,3 prósent kjósenda á höfuðborgarsvæðinu myndu kjósa Íslandshreyfinguna en 3,1 prósent íbúa landsbyggðarkjördæmanna þriggja.

Vikmörk reiknast 2,0 prósentustig, sem þýðir að með 95 prósentu vissu er hægt að segja að fylgi flokksins sé á bilinu 3,0 prósent til 7,0 prósent.

Vegna fimm prósentu reglunnar myndi Frjálslyndi flokkurinn hins vegar ekki fá neinn jöfnunarmann þar sem fylgi flokksins mælist nú 4,4 prósent. Ekki er loku fyrir það skotið að flokkurinn fengi þingmann kjördæmakjörinn, til dæmis í Norðvesturkjördæmi, en líklegt væri að flokkurinn fengi engan mann kjörinn. Nokkur munur er á fylgi flokksins eftir búsetu, en 3,1 prósent íbúa á landsbyggðinni segjast myndu kjósa flokkinn, en 5,3 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Lítil munur er eftir kyni.

Frjálslyndi flokkurinn fékk 7,4 prósent atkvæða í síðustu kosningum og fjóra þingmenn kjörna og mældist með 5,7 prósentu fylgi í könnun blaðsins 10. mars. Vikmörk við fylgi Frjálslyndra reiknast nú 1,8 prósentustig.

Vinstri græn hafa verið á miklu flugi að undanförunu, en fylgi flokksins minnkar nú, úr 25,7 prósent-



um í síðustu könnun í 23,3 prósent nú. Vikmörk eru 3,8 prósentustig. Miðað við það fylgi fengi flokkurinn sextán þingmenn kjörna. Flokkurinn hlaut 8,8 prósent atkvæða í síðustu kosningum og fimm þingmenn kjörna.

Konur eru líklegri til að styðja flokkinn en karlar. 27,1 prósent kvenna segist myndu kjósa flokkinn, en 20,2 prósent karla. Þá er meira fylgi við Vinstri græn á landsbyggðinni nú en á höfuðborgarsvæðinu. 26,9 prósent íbúa á landsbyggðinni segjast myndu kjósa Vinstri græn, en 20,8 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Í síðustu könnun blaðsins sögðust 26,8 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu myndu kjósa Vinstri græn.

Fylgi Samfylkingar eykst um tæplega tvö prósentustig frá síðustu könnun blaðsins. Nú segjast 21,0 prósent myndu kjósa flokkinn og yrðu þingmenn Samfylking-

ar því fjórtán. Vikmörk eru 3,7 prósentustig. Samfylking hlaut 30,9 prósent atkvæða í síðustu kosningum og tuttugu þingmenn kjörna.

Mest eykst fylgið á höfuðborgarsvæðinu, þar sem 23,9 prósent íbúa segjast myndu kjósa Samfylkingu, en 16,6 prósent íbúa á landsbyggðinni eru sama sinnis. Þá segjast 22,4 prósent kvenna styðja flokkinn en 19,9 prósent karla.

36,1 prósent segist myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn og dalar fylgi flokksins um tæp þrjú prósentustig frá síðustu könnun blaðsins. Þingmenn flokksins yrðu samkvæmt því 24. Vikmörk eru 4,3 prósentustig. 33,7 prósent kusu flokkinn í síðustu kosningum og hlaut flokkurinn 22 þingmenn.

Nokkuð fleiri karlar en konur styðja flokkinn; 39,0 prósent karla en 32,4 prósent kvenna. Þá segist 39,1 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu styðja flokkinn og 31,6

prósent íbúa á landsbyggðinni. Fylgi Framsóknarflokksins stendur í stað frá síðustu könnun og er nú 9,4 prósent. Vikmörk eru 2,6 prósentustig. Samkvæmt því yrðu Framsóknarþingmennirnir sex. 17,7 prósent greiddu Framsóknarflokknum atkvæði sitt í síðustu kosningum og hlaut flokkurinn tólf þingmenn kjörna.

Mikill munur er á fylgi flokksins eftir búsetu. 17,1 prósent íbúa á landsbyggðinni segist myndu kjósa Framsóknarflokkinn en 4,2 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 24. mars og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga nú? 59,6 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar. 34,8 prósent sögðust óakveðin.

svanborg@frettabladid.is

**Nauðsynlegur!**

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**MINNI VINDUR**  
Þessir vindar sem nú í mars hafa reglulega gengið yfir landið eru orðin heldur þreytandi. Raunar óþolandi. Þetta rífar upp niðurstöður athugana um að Ísland sé eitt mesta rokkrassgat í heimi. Vafasamur heiður!! Í dag verður vindur hinsvegar hægari en í gær þó óvída sé verið hægt að státa af hægviðri. Mér sýnist að austanlands hvesi á morgun.

**VEÐURHORFUR Í BORGinni Í DAG**  
Sunnan 5-8 m/s. Skúrir í fyrstu en síðan rigning. Hiti 3-6 stíg.

**VEÐURSPÁ**

**um hádegi »**

**» á morgun**

**» þriðjudagur**

**um hádegi »**

Kaupmannahöfn	11°C heiðskirt	London	11°C léttskýjað
Billund	12°C heiðskirt	Paris	9°C alskýjað
Oslo	4°C léttskýjað	Frankfurt	10°C skúrir
Stokkhólmur	6°C alskýjað	Friedrichshafen	9°C hálfskýjað
Gautaborg	7°C heiðskirt	Berlin	13°C heiðskirt

Alicante	19°C heiðskirt
Mallorca	14°C skúrir
Basel	8°C hálfskýjað
Eindhoven	11°C alskýjað
Las Palmas	19°C léttskýjað

\* Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Þegar málefnalega er fjallað um sambúð vandaðs álvers og þéttbýlis er í raun

# ekki deilt um mengun í lofti heldur ásynd

gagnvart íbúum og vegfarendum.

Það er kjarni málsins.

Engum sem horfir á einfaldar staðreyndir um mengun frá álverinu í Straumsvík getur dulist að starfsemi þess ógnar á engan hátt heilsu fólks. Þess vegna snúast málefnalegar umræður um sambúð okkar með Hafnfirðingum og nálægð við þéttbýli höfuðborgarsvæðisins fyrst og fremst um sjónmengun.


Vönduð hönnun kerskála til viðbótar við þau mannvirki sem þegar eru til staðar mun að okkar viti ekki breyta útliti verksmiðjunnar til hins verra – nema síður sé. Með aukinni fjarlægð frá þjóðvegnum opnast einnig kærkomin tækifæri til þess að brjóta sjónlínur að álverinu og laga það betur að umhverfi sínu.

Um mengun í lofti og skaðsemi hennar gagnvart nærsamfélaginu tala tölur álversins skýru máli. 99,9% flúors er hreinsað og flúor í nágrenni álversins er álíka mikið og áður en verksmiðjan tók til starfa. Brennisteinsdíoxíð mælist í nágrenni álversins að meðaltali 0,64% af því magni sem talið er að hugsanlega gæti skaðað fólk. Topparnir í þessum mælingum eru á bilinu 1-2%. Losun ryks er mjög lítil og sýna loftgæðamælingar á Hvaleyrarholti að engin fylgni fæst milli ryktoppa í loftgæðamælingum og vindátta frá ISAL. Uppruni þess er því annar.

Losun gróðurhúsalofttegunda er ekki skaðleg heilsu fólks í nágrenni álvera heldur veldur hún hnattrænum áhrifum. Það skiptir því ekki máli hvar losunin verður heldur hve mikil hún er. Losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu áls hjá ISAL er með því lægsta sem þekkist í heiminum í dag og má þakka tækninýjungum, hugviti og árvekni starfsmanna þennan góða árangur. Þegar við bætast endurnýjanlegir orkugjafar ásamt framleiðslu Alcan á hráefni sem allir viðurkenna sem eitt umhverfisvænasta smíðaeefni heims má segja að með rekstri Alcan í Straumsvík leggi Íslendingar sitt af mörkum til vistvænni búskaparhátta heimsbygðarinnar en ella væri.

## Gróðurhúsalofttegundir

- Losun gróðurhúsalofttegunda er nú 70% minni á hvert framleitt tonn af áli heldur en var árið 1990.



## Brennisteinsdíoxíð

Brennisteinsdíoxíð á Hvaleyrarholti mælist að jafnaði 0,64% af leyfilegum heilsuverndarmörkum. Til að hafa áhrif á heilsu barna eða fullorðinna þyrfti styrkleiki þess að verða tvö hundruðfalt meiri.

## Flúor

Flúor í gróðri í nágrenni álversins er álíka mikið og það var áður en álverið tók til starfa.

## Svifryk

Engin fylgni er milli ryktoppa í loftgæðamælingum á Hvaleyrarholti og vindátta frá ISAL.





Ertu með klink í veskinu þínu?

Já 49%  
Nei 51%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu skráð(ur) í stjórnmála-  
flokk?

Segðu skoðun þína á visir.is.

visir

Karlmaður dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að slá konu með glasi í andlitið:

## Braut fimm tennur í konunni

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fertugsaldri var á föstudag dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir stórfellda líkamsárás.

Maðurinn var staddur á skemmtistað í miðborg Reykjavíkur í janúar í fyrra þegar hann hellti fyrir slysi úr björglasi yfir sjálfan sig. Þar sem gekk framhjá honum varð við það og flissaði konan að atburðinum.

Við það reis maðurinn upp og kýldi konuna með björglasinu í andlitið. Við högg-ið brotnuðu fimm tennur í konunni, þrjár í efri gómi og tvær í þeim neðri, auk þess sem hún hlaut fjögur sár á hálsi og bólgu á neðri vör.

Síðan árásin átti sér stað hefur konan þurft að gangast undir viðamiklar tann-



**BJÖRGLAS** Maðurinn sló konu með björglasi eftir að hún hafði flissað þegar hann sultaði yfir sig.

viðgerðir auk lýtaaðgerðar til að lagfæra þá áverka sem hún varð fyrir.

Hinn ákærði játaði fyrir dómi að hafa slegið stúlkuna í andlitið. Hann kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis og fíkniefna umrætt kvöld. Síðan hann framdi brot sitt hafi hann hins vegar tekið sig á, sýnt iðrun og vilja til að bæta sig með því að leita sér aðstoðar við fíkniefnavanda sínum.

Í dómsorði er það virt honum til refsilækkunar. Þar er þó tekið fram að atlaða hans hafi verið stórhættuleg og hending hafi ráðið því að ekki hafi farið verr. Auk refsingarinnar var maðurinn dæmdur til að greiða fórnarlambi sínu rúmlega hálfá milljón króna auk sakarkostnaðar. - þsj

Fjöldamótmæli í Rússlandi:

## Leyst upp af stjórnvöldum

**RÚSSLAND, AP** Lögregla leysti upp mótmæli í Nizhny Novgorod, fjórðu stærstu borg Rússlands, í gær. Skipuleggjendur mótmæla segja lögreglu hafa hundruð mótmælenda í haldi, þar á meðal tugi innlendra og erlendra blaðamanna.

Mótmælendur létu í ljós óánægju sína með stefnu stjórnvalda á svæðinu í umhverfis- og húsnæðismálum, en gagnrýndu jafnframt stjórnvöld í Moskvu fyrir að hamla málfrelsi. Þetta voru þriðju mótmælin af þessu tagi á síðustu mánuðum. Fyrir í mánuðinum leysti lögregla upp mótmæli í St. Pétursborg. - sun

## Kosning utan kjörfundar

- Utankjörfundarskrifstofa Framsóknarflokksins að Hverfisgötu 33 er opin frá kl. 9–17 alla virka daga.
- Kosning fer fram hjá sýslumönnum um land allt og hjá sendiráðum og ræðismönnum erlendis.
- Í Reykjavík er kosið í Skógarhlíð 6, virka daga kl. 9:00–15:30. Frá og með 16. apríl í Laugardagshöll kl. 10:00–22:00.
- Nánari upplýsingar í síma 540 4300 eða á netfanginu einar@framsokn.is.

**Framsóknarfólk!**

Látið okkur vita um stuðningsmenn sem ekki verða heima á kjördag, t.d. námsmenn erlendis o.s.frv.



framsokn.is

Framsókn



**MIKIL VIÐHÖFN** Horst Köhler, forseti Þýskalands, og kona hans, Eva-Luise, biða komu leiðtoga aðildarríkjanna 27 fyrir utan forsetabústaðinn í Berlín í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Hvatt til breytinga í afmælisfögnuði

Leiðtogar ríkja Evrópusambandsríkja funduðu í Berlín í tilefni 50 ára afmælis Rómarsáttmálans. Angela Merkel hvatti til samþykktar stjórnarskrár sambandsins. Stjórnarskráin var hvergi nefnd í svokallaðri Berlínaryfirlýsingu.

**BERLÍN, AP** Leiðtogar aðildarríkja Evrópusambandsins hittust í Berlín í gær í tilefni þess að 50 ár eru liðin frá því að Rómarsáttmálinn svokallaði var undirritaður um stofnun Efnahagssambands Evrópu, sem var undanfari Evrópusambandsins.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, hvatti aðra leiðtoga aðildarríkja Evrópusambandsins til að styðja endurnýjun grunnstoða sambandsins á næstu tveimur árum, og sagðist vona að afmælishöldin myndu leiða til lausnar sjálfheldunnar sem skapaðist í kringum stjórnarskrá sambandsins, sem hafnað var af Frökkum og Hollendingum árið 2005. Hún sagði mikilvægt að senda skýr skilaboð til 490 milljóna íbúa Evrópusambandsríkjanna um það hvert sambandið stefndi.

„Djódverjar fara með nú forsæti í Evrópusambandinu og er mjög annan um að ná samkomulagi innan sambandsins um stjórnarskrá.“

Fundarstaðurinn, Berlín, hefur verið í hringið margra áfalla sem dunið hafa á Evrópu, allt frá kreppunni miklu á millistríðsárunum og harðstjórn nasista til Kalda stríðsins. Merkel sagði þetta undirstrika mikilvægi þess að Evrópusambandið væri samheldið.

„Borg sem eitt sinn var sundruð en stendur nú sameinuð ... er tákni fyrir það sem hefur unnist í Evrópu undanfarið 50 ár,“ sagði Merkel.

Til þess að tryggja að deilurnar um stjórnarskrána myndu ekki varpa skugga á hátíðarhöldin var öllum þrættueplum, sem og tilvísunum í stjórnarskrána, haldið frá hinni svokölluðu Berlínaryfirlýsingu, sem samþykkt var á fundinum og einblíni á fyrri afrek Evrópusambandsins. Þar er til dæmis ekkert minnst á áætlanir um inntöku nýrra aðildarríkja, til að mynda Tyrkland, Albaníu og Úkraínu, en talsverður styr hefur staðið um áætlanir þeirra um innngöngu í sambandið.

Jan Peter Balkenende, forsætisráðherra Hollands, sagði á fundi íhaldssamra leiðtoga fyrir hátíðarhöldin, að yfirlýsingin væri mjög góð, en „best væri að forðast alfarið orðið „stjórnarskrá“.“

stigur@frettabladid.is

Segja fisflugvöll ekki skapa hættu fyrir hestamenn:

## Hestamenn mála skrattann á vegginn

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er alls ekkert vandamál og það er verið að mála skrattann á vegginn,“ segir Ágúst Guðmundsson, formaður Fisfélags Reykjavíkur, en hestamenn í Fjár-eignarfélagi Reykjavíkur hafa mótmælt fyrirhuguðum fisflugvelli á Hólmsheiði. Hestamennirnir telja að völlum sé of nærri hesthúsaheverfinu sem ris nú í grenndinni og það kunni að stofna lífi hrossa og hestamanna í hættu.

Ágúst segir að flugvöllurinn verði á vel afmörkuðu svæði og að tæpir tveir kílómetrar muni skilja á milli flugvallarsvæðisins og hestamannasvæðisins. Þá verði reiðstígar færðir til svo ekki eigi að vera hætta á

ferðum. „Það þarf ekki annað en líta á Tungubakkana í Mosfellsbæ; þar eru flugvöllurinn og hestamannasvæðið nánast á sama bletti og ég veit ekki til þess að vandræði hafi skapast þar,“ segir Ágúst.

Unnið hefur verið að því síðastliðin fjögur ár að finna framtíðarstað fyrir fisflugvöllinn. Nú hefur Fisfélagið aðstoðu á Grund en það svæði hefur verið tekið undir byggingarland. „Hólmsheiðin er í raun eina svæðið innan borgarmarkanna sem kemur til greina. Það hlýtur að vera hægt að leysa þetta í sátt og samlyndi svo bæði hestamenn og fisflugmenn fái aðstoðu á þessu svæði,“ segir Ágúst. - þo

Landsfundur Samfylkingar:

## Sahlin og Schmidt mæta

**STJÓRNMÁL** Mona Sahlin og Helle Thorning Schmidt verða heiðursgestir á landsfundi Samfylkingarinnar í Egilshöll 13.–14. apríl. Sahlin var nýverið kjörin formaður sænska Jafnaðarmannaflokksins, fyrst kvenna í 118 ára sögu hans. Helle Thorning Schmidt hefur verið formaður danska Jafnaðarmannaflokksins frá árinu 2005. Þær stefna báðar að því að verða fyrstar kvenna til að gegna embætti forsætisráðherra í heimalöndum sínum.

Ingbjörg Sólrún Gísladóttir og Thorning Schmidt voru heiðursgestir á aukalandsfundi sænska flokksins um síðustu helgi, þar sem þær árunuðu Sahlin heilla. - sun

smjor.is

Íslenskt smjör er hrizin náttúruafurð og gefur betra bragði!

Hreina náttúruafurð

Afram með SMJÖR iðl



## GEFÐU GEIMFERÐ Í FERMINGARGJÖF

### Í FRAMTÍÐINI VERÐUR HÆGT AÐ GERA MIKLU MEIRA VIÐ PENINGINN.

Framtíðarreikningur er fermingargjöf sem verður verðmætari með hverju ári. Reikningurinn ber alltaf bestu vexti sparireikninga bankans og þar að auki bætum við 2.000 kr. við hverja gjöf upp á 5.000 kr. eða meira.\* Framtíðarreikningurinn fæst í næsta útibúi Glitnis og á [glitnir.is](http://glitnir.is)

\* Tilboðið gildir fyrir alla sem eru fæddir 1993 og gildir allt að fimm sinnum fyrir hvern einstakling.

**GLITNIR**





1. Hverju fagnaði Sundhöllin í Reykjavík á föstudaginn?
2. Hvaða Íslendingur er tilnefndur til dönsku auglýsingaverðlaunanna Guldorn?
3. Hvernig útskýra Íranar handtöku fimmtán breskra sjóliða á föstudag?

Lögregla rannsakaði barnsrán: Sótti rangt barn á leikskóla

**KRÓATÍA** Lögregla í Króatíu leit að logandi ljósi að nærsýnum króatískum ellilífeyrisþega í vikunni eftir að maðurinn sótti óvart rangt barn á leikskóla og hafði það á brott með sér.

Hinn sjötugi Luka Karlovic ætlaði að sækja Petar, fimm ára sonarson sinn, en þegar kallað var á Petar kom annar drengur fram, sem einnig hét Petar, og Karlovic ók með hann á brott. Mistökinn uppgötvuðust hálf tíma síðar, þegar faðir drengsins kom að sækja hann.

„Ég er farinn að sjá illa og hafði ekki séð Petar í hálf tít ár,“ sagði Karlovic. „Mér fannst hann hafa breyst, en hvaða börn gera það ekki?“



VILHJÁLMUR P. VILHJÁLMSSON Borgarstjórinn í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Dagþjálfun alheimersjúkra: Óskýr svör frá ráðuneyti tefja

**HEILBRIGÐISMÁL** Vilhjálmur P. Vilhjálmsson borgarstjóri segir skýr svör enn skorta frá heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu varðandi þjálfun ný þess fyrir dagþjálfun alheimersjúklinga. Þetta kemur fram í svari borgarstjórans við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, sem vísa til þess að Félag áhugafólks og aðstandenda alheimersjúkra hafi óskað eftir atbeina borgarinnar við að útvega húsnæði fyrir þjálfunina.

Borgarstjóri segir borgina hafa leitað upplýsinga hjá ráðuneytinu en ekki fengið skýr svör: „Þegar skýr afstaða ráðuneytisins liggur fyrir mun Reykjavíkurborg ekki láta sitt eftir liggja.“

Fatafellur á árlegu karlavöldi hestamannafélagsins Harðar:

## Formaður LH harmar málið

**FÉLAGSMÁL** Stjórn Landssambands hestamannafélaga ætlar að álykta um málefni hestamannafélagsins Harðar á stjórnarfundi á fimmtudag. Félagið hefur sætt harðri gagnrýni fyrir að fá tvær konur til að fækka fötum á karlavöldi félagsins í febrúar, körlunum til skemmtunar. Haraldur Þórarinnsson, formaður stjórnar Landssambands hestamannafélaga, sagði sambandið þó lítið geta gert. „Ég hef farið yfir reglurnar og við höfum engar heimildir til þess að ávíta félagið samkvæmt lögum okkar,“ sagði Haraldur. Hann sagði landssambandið ekki geta gegnt hlutverki siðgæðisvarðar fyrir aðildarfélög.



**HESTAMENN GAGNRÝNDIR** Karlavöld hestamannafélagsins Harðar er umdeilt.

„Hins vegar hörmum við þetta, því okkur finnst þetta alls ekki viðeigandi,“ sagði Haraldur, sem þótti gagnrýnin réttmæt.

Félagsskona í Herði gagnrýndi fyrirkomulagið á karlavöldinu í

nafnlausu bréfi sem birtist á síðu hestamanna, www.847.is, fyrr í vikunni. Feministafélagið tók undir mótmæli hennar, og í pistli á heimasíðu ÍSÍ gagnrýndi Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ, háttarnið harðlega. „Við getum ekki látið svona uppákomur viðgangast í hreyfingu sem stendur fyrir forvarnir, heilbrigði og góðan félagsanda,“ skrifar Stefán. „Vilji menn þessu sviði er best að þeir geri það á öðrum vettvangi.“

Formaður Harðar, Marteinn Hjaltsted, vildi ekki tjá sig um málið í samtali við Fréttablaðið. „Mér er alveg sama hvað fólk tuðar, ég segi ekki orð,“ sagði hann. - sun

Náttúruverndarsamtökin: Heiðmerkur-kæru vísað frá

**UMHVERFISMÁL** Kæru Náttúruverndarsamtaka Íslands vegna framkvæmda Kópavogsbæjar í Heiðmörk var vísað frá á fimmtudaginn.

Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála telur að þar sem samtökin eigi ekki aðild að kærumálum á sviði skipulags- og byggingarmála, hafi þau ekki lagalegar forsendur til að kæra framkvæmdaleyfið.

Að auki hafi Skipulagsstofnun ekki talið framkvæmdirnar háðar mati á umhverfisáhrifum, en það sé forsenda aðildar umhverfissamtaka.

- kóp

## Verð á grænmeti hækkar í sumar

Verðtollur leggst á grænmeti frá ríkjum utan Evrópusambandsins frá 1. júlí. Verð á jökla-salati, lausu salati og laukum kann að hækka um allt að þrjátíu prósent. Tegundir á borð við gulrætur, sveppi og kartöflur bera vörutoll og hækka ekki.

**MATARVERÐ** Allt bendir til þess að verð á grænmeti hækki í sumar þegar verðtollur upp á allt að þrjátíu prósent verður tekinn upp á grænmeti, til dæmis jökla-salati, frá ríkjum utan Evrópusambandsins.

Fyrir fimm árum var tollurinn afnuminn tímabundið. Upp-töku hans hefur verið frestað í tvígang en kemur nú til framkvæmda.

Guðmundur B. Helgason, ráðuneytisstjóri landbúnaðarráðuneytisins, segir að í samkomulagi Íslands og Evrópusambandsins frá 1. mars síðastliðnum hafi fallist að grænmeti frá ríkjum utan sambandsins skuli tolllagt.

Ekki er að fullu ljóst hvernig útfærsla tollunarinnar verður en Guðmundur segir unnið að málinu.

„Við höfum líka sett af stað vinnu sem miðar að því að uppfæra fríverslunarsamninga við þriðju ríki,“ segir hann og telur hugsanlegt að hægt verði að kaupa grænmeti frá ríkjum sem Íslendingar hafa fríverslunarsamninga við, til dæmis Mexíkó og Ísrael, í gegnum Bandaríkin án þess að tollur verði lagður á.

Á síðasta ári var flutt inn grænmeti í þessum tilteknu vöruflokkum fyrir tæpan milljarð króna. Þar af kom um fjórðungur frá löndum utan ESB. Guðrún R. Jónsdóttir á Hagstofnunni segir bróðurpart hefðbundins grænmetis sem Íslendingar neyta koma frá ESB-ríkjum og hækka því ekki. „Tollar af innfluttu grænmeti voru lagðir niður árið 2002. Gulrætur, kartöflur og sveppir voru þó ennþá tolluð til þess að styðja við íslenska framleiðslu. Þessar vörur bera nú þegar vörutoll og hækka því ekki í verði,“ segir Guðrún.



**GRÆNMETI HÆKKAR** Verð á grænmeti, sérstaklega salati, hækkar í sumar þegar innflutningstollur leggst aftur á vörur frá ríkjum utan Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Grænmeti frá til dæmis Bandaríkjunum getur hækkað um allt að þrjátíu prósent.



GUÐMUNDUR B. HELGASON



SIGURÐUR P. JÓNSSON

Sigurður P. Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að tollurinn þýði að vörur sem eru upprunnar í Bandaríkjunum, eða löndum utan Evrópusambandsins, taki á sig verðtoll yfir sumarmánuðina, þegar sömu eða svipaðar vörur séu ræktaðar utandyra á Íslandi. Máni Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Holt og gott, sem

flytur inn grænmeti, segir tíðindin slæm enda þýði þrjátíu prósentatollur þrjátíu prósentatoll verðhækkun. „Við höfum mótmælt þessari hækkun. Þetta er mjög slæmt,“ segir Máni.

Ekki eru lagðir tollar á ávexti þar sem ávextir eru almennt ekki ræktaðir á Íslandi.

gbs@frettabladid.is  
thorgunnur@frettabladid.is



HJÁLMAR R. RAGNARSSON Rektor Listaháskólans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Rektor Listaháskólans:

## Biður enn um nýja skólalóð

**SKÓLAR** Hjálmar R. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, hefur ítrekað við borgaryfirvöld ósk um að skólinn fái lóð fyrir nýbyggingu.

„Reykjavíkurborg hefur dygglega stutt við uppbyggingu annarra háskóla sem hafa haslað sér völl innan borgarmarkanna. Háskóli Íslands hefur lengi haft til umráða feikilegt flæmi lands á kjörlandi í Vatnsmýri og Háskólinn í Reykjavík hefur nýverið fengið til frjálstrar ráðstöfunar verðmætt landsvæði á besta stað í borginni sem hann getur ráðstafað bæði til eigin nota og skyldrar starfsemi. Listaháskóli Íslands telur sig geta fært til borgarinnar eigi minni verðmæti en hvor þessara skóla,“ segir í bréfi rektors til borgarstjóra.

- gar

Innbrot í austurborginni:

## Lögregla rakti fótspor þjófsins

**LÖGREGLUMÁL** Brotist var inn í íbúðarhús í austurborginni aðfaranótt laugardags. Þjófavarnarkerfi fór í gang og þjófurinn hljóp á brott tómhentur.

Lögreglunni tókst að rekja fótspor mannsins í nýföllum snjónum og eftir að elst hafði verið við spörin í rúma klukkustund fannst þjófurinn. Hann var handtekinn og fékk að gista fangageymslu. - þo

# Lykill að fortíðinni

Reykjavík  
**871**<sup>±2</sup>

Landnámsýningin  
The Settlement  
Exhibition



Aðalstræti 16  
www.reykjavik871.is



Minjasafn  
Reykjavíkur

Landnámsýningin við Aðalstræti veitir gestum tækifæri til að skyggast inn í lífið á landnámsöld. Miðpunktur sýningarinnar er skálarúst frá 10. öld. Einnig má þar finna fornleifar frá því um 871 og eru það elstu mannvistarleifar sem fundist hafa á Íslandi.

Einstök margmiðlunartækni gerir gestum kleift að ímynda sér hvernig lífi heimilisfólks í fyrstu byggð Reykjavíkur var háttað og hvernig umhverfi og landslag borgarinnar var við landnám.





# Merkjavara

Auðvitað vilja meðvitaðir neytendur vita hvaðan varan sem þeir kaupa er upprunnin. Og þeir sem eru komnir á bragðið með vörur ræktaðar á Íslandi vilja líka gjarna vera fljótir að finna hana í verslunum. Það er enginn vandi lengur, íslensk ræktun er nú vel merkt með rönd í íslensku fánalitunum.

**Mundu eftir fánaröndinni!**

Íslensk  
garðyrkja





Skattleysi í flughöfnum:

## Þó ekki flórsköfur

**PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Sú var tíð að tollskráin mælti fyrir um sérstakan toll á skóflur en þó ekki flórsköfur. Á sama hátt voru skýr ákvæði um toll á nagla en þó ekki hóffjadrir. Þetta þótti sjálfsgætt og eðlilegt. Tollskráin var reyndar fleytifull af mismunandi gildismati sambærilegra hluta. Skattalög- in voru sama marki brennd.

Það er ekki aðeins að þessi tími sé liðinn. Hugmyndafræðin sem réði þessu gildismati í skattalögum og tollskrár reyndist ekki góð og gild vara í búð reynslunnar. Hún ræður ekki lengur ríkjum. Eigi að síður finnast leifar hennar hér og þar.

Samtök viðskipta og þjónustu lögðu spurningar fyrir talsmenn stjórnmálaflokkanna í tengslum við ársfund sinn í liðinni viku. Þær sneru eðlilega að ýmsum brennandi hagsmunamálum og voru um margt athygliverðar. Á sama veg má segja að svörin hafi verið. Ein þessara spurninga vék að gömlu gildismati sem enn er við lýði áratugum eftir að menn hættu að gera greinar- mun á skóflum og flórsköfum í tollskránni.

Þetta er sú sérstaka skipan að selja gjaldfrjálsan varning í flughöfnum. Ríkissjóður selur rauðvínsflöskuna á lægra verði til þeirra sem ferðast til útlanda en hinna sem ekki ferðast. Jafn- vel gleraugu hafa verið skattlögð með ólíkum hætti eftir því hvar þau eru keypt. Tvær hlíðar eru á þeim réttlætispeningi.

Stjórnmálaflokkarnir voru allir á einu máli um að þessi skipan mála skyldi standa óbreytt. Ólík hugmyndafræði réði engu þar um. Hún megnaði ekki að rjúfa pólitíska einingu þegar að þessu kom. Jafnvel talsmenn Samtaka verslunar og þjónustu töldu að ríkissjóður mætti selja vín með þessum hætti ef mismununin næði ekki til annarra vörutegunda.

Ástæðurnar fyrir sameiginlegri afstöðu stjórnmálaflokkanna eru einfaldar. Skattlaus verslun er vitaskuld til vinsælda fall- in. Í réttu hlutfalli við fjölgun ferðamanna nýtur vaxandi fjöldi þessa verðhagræðis. Líklegt er því að þeir yrðu fleiri sem létu afnám reglunnar fara fyrir brjóstid á sér en þeir sem sæju rétt- læti í samræmdri skattlagningu. Enginn getur lokað augunum fyrir þessum einfalda veruleika.

Afstaða stjórnmálaflokkanna á einnig rætur í þeirri staðreynd að þessi verslun skilar tekjum til uppbyggingar og viðhalds flug- stöðinni. Það er skiljanlegt sjónarmið rétt eins og menn gátu vel skilið að það var á sinni tíð þáttur í að tryggja afkomu bænda að hafa flórsköfurnar tollfrjálsar meðan aðrir, sem gegndu að mati þeirrar tíðar þýðingarminni verðmætasköpun, greiddu hærri toll af skóflum.

En hvernig sem á málið er litið er spurning Samtaka verslunar og þjónustu um þetta efni bæði gild og réttmæt. Þó að hún sé ekki eitt af hinum stóru málum þjóðfélagsmálaþingar á hún eigi að síður heima þar og með öllu ástæðulaust að gefa henni ekki gaum.

Vegabréfaeftirlit á tilteknum stað í flugstöðvarbyggingu breytir því ekki að þar gilda íslensk lög, hegningarlög, lög um heilbrigðiseftirlit, vinnuvernd, jafnrétti, samkeppni og tekju- og eignaskatt, svo dæmi séu tekin. Hvernig er unnt að rökstyðja að löggjöf um gjöld á vöru og þjónustu gildi þar ekki?

Þegar um þetta mál er spurt er um leið komið við snöggan blett. Í góðu lagi er að hafa það í huga.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ADSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. issn 1670-3871



## Bílasalar

Undirbúningsnámskeið vegna prófs til leyfis sölu notaðra bifreiða verður haldið dagana 10.- 26. apríl í Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 3. apríl Nánari upplýsingar og skráning í síma 586-1050

IDAN fræðslusetur  
Hallveigarstíg 1  
101 Reykjavík  
[www.idan.is](http://www.idan.is)  
s. 590-6400

Prófnend bifreiðasala

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Pólitísk tíðindi!

Geir H. Haarde forsætisráðherra telur ríkisstjórnarsamstarf Samfylkingarinnar og Vinstri grænna af hinu slæma. Raunar versta kostinn af öllum mögulegum. Þessu var slegið upp á mbl.is í aðdraganda útgáfu sunnudagsblaðs Morgunblaðsins – eins og ekkert væri sjálfsgætt. Einhvern tíma hefðu það nú ekki þótt sérstök pólitísk tíðindi að formanni Sjálfstæðisflokksins hugnaðist illa ríkisstjórnarsamstarf vinstriflokkanna og teldi það slæmt fyrir land og þjóð. En nú á dögum er það frétt. Í það minnsta á mbl.is

#### Nafnar á Brúnastöðum

Kunn er sú staðreynd að við götuna Brúnastaði í Reykjavík býr Guðni Ágústsson, nafni ráðherra frá Brúnastöðum í Hraungerðishreppi. Við þá ágætu götu búa líka Sigurjón Þórðarson, nafni þingmanns Frjálslynda flokksins, Hreggviður Jónsson, nafni fyrrverandi þingmanns Borgaraflokksins, og Illugi Gunnarsson, nafni verðandi þingmanns Sjálfstæðisflokksins. Hvort fjórmenningarnir á Brúnastöðum eru jafn áhugasamir um pólitík og nafnar þeirra er ekki vitað.

#### Er það svo?

Nokkrir álitsgjafar og stjórnmálamenn hafa skrifað hugleiðingar

á heimasíður sínar um fjármögnun auglýsinga- og undirskriftaferferðar Framtíðarlandsins. Velta þeir fyrir sér hvaðan í ósköpunum allir peningarnir komi og hvort eðlilegt sé að félagasamtök beiti sér óhefti í pólitískum málefnum á meðan stjórnmálaflokkarnir eru bundnir af lögum sem takmarka svigrúm þeirra til fjárfllunar. Björn Ingi Hrafnsson er óhress og segir lýðræðislega stjórnmálaflokka múlbundna í kerfi og „geta sig hvergi hrært“. Það á nú eftir að sýna sig að flokkarnir geti sig hvergi hrært og komi á daginn að þeir hafi ekki ráð á að auglýsa sig fyrir kosningarnar er Bleik brugðið.

bjorn@frettabladid.is

## Frá Vatnsstíg til Laugaskarðs

Ég sá margar mjög skemmtilegar bíómyndir í MÍR-salnum við Vatnsstíg í gamla daga. Þar voru sýndar rússneskar bíómyndir um helgar sem margar áttu lítinn sýns í bióhúsum borgarinnar, en voru samt mjög áhugaverðar. Mér er mjög minnisstæð ein mynd sem ég sá þar um ævi Tchaikovsky. Myndin var gerð einhverntímann upp úr 1960 að ég held. Leikstjórinn stóð frammi fyrir mörgum flóknum vandamálum við gerð myndarinnar. Tchaikovsky var og er eitt mesta tónskáld Rússlands og saga hans því vandmeðfarin í samfélagi þar sem sannleikurinn var ekki alltaf sagna bestur.

Eitt vandamálið var að það er þekkt að Tchaikovsky var ekki hneigður til kvenna og var á því einföld skýring, en hún hentaði ekki söguskoðun sovétisins. Til að leysa þennan vanda bjó leikstjórinn til eftirfarandi senu: Í glæsilegu húsi er haldin stórfín veisla. Þangað er boðið fyrirfólki margskonar, konum og körlum. Tónjörurinn situr í öndvegi, fágaður og fínlegur. Konurnar í veislunni eru þrátt fyrir fallegu kjólana sína og merkilegu ættarnöfnin einkar ógeðfelfdar. Þær hlæja með munninn opinn, fullan af mat; drekka ógurlega og hafa hátt. Eftir því sem á veisluna líður aukast þjáningar tónskáldsins, af ótímabærri stéttvísi horfir hann á konurnar sem færast jafnt og þétt í aukana og augljóst að hann fær að lokum nóg af kvenþjóðinni allri í eitt skipti fyrir öll. Fleiri áhugaverð atvik áttu sér stað í þessari mynd sem var allrar athygli verð og mátti leikstjórinn eiga það að hugmyndaflugi hans voru engin takmörk sett þegar þurfti að tryggja „réttá“ sögulega nálgun. Myndin var hin besta skemmtun, en maður þakkaði í hljóði (þetta var jú í MÍR-salnum) fyrir að búa ekki í alræðisríki þar sem hægt væri að



ILLUGI GUNNARSSON Í DAG | Sagan á hvíta tjaldinu

falsa söguna með jafnrúddalegum hætti og þarna var gert.

Nú er það svo að mannkynssagan er vandmeðfarið efni og það sem einum þykir rétt söguskoðun kann öðrum að þykja röng. Í opnu, frjálsu samfélagi þræta menn um þetta fram og til baka og komast stundum að einhverri niðurstöðu og stundum ekki. Aðalatriðið er að skoðanaskiptin séu einlæg og ekki sé beitt afli til að blekkja eða falsa. Sagan er mikilvæg, hún er vegvisir um framtíðina, hún bindur þjóðfélagið saman og gefur okkur sameiginleg viðmið. Þess vegna er það svo freistandi fyrir alræðisstjórnir að falsa söguna, stjórna því hvað það er sem við notum sem viðmið.

Hollywood er án efa eitthvert áhrifaríkasta menningarvald okkar tíma. Þaðan streyma bíómyndir út um allan heim, sumar góðar, aðrar vondar, eins og gengur. Ekki er nokkur ástæða til þess að amast við lélegum myndum og ekki má gleyma því að rétt eins og það er ekki bara ein söguskoðun þá er ekki heldur einn bíósmekkur. En því miður virðist það færast í aukana að frá Hollywood komi myndir sem eru helberar sögufalsanir. Reyndar taka framleiðendur myndanna gjarnan fram að einungis sé byggt á sögulegum staðreyndum og síðan taki við listrænt frelsi framleiðenda og leikstjóra. Innan ákveðinna marka gengur slík röksemdafærsla vissu-

lega upp, en hún getur ekki verið vörn fyrir sögufölsunum.

Í bíó er þessa dagana verið að sýna myndina 300. Þar er byggt á þeim atburðum er Spartverjar börðust við Persa í Laugaskarði. Myndin er öður til mann- drápa á hæsta stigi og vissulega ekki ætlað að vera fræðslumynd um átök Persa og Grikkja. En það var sérkennilegt að fylg- ast með því hvernig Spartverjum, af öllum, voru eignuð meira og minna gildi bandarískrar utanríkisstefnu. Hlutur Persa er allur af- bakaður og afmyndaður og vart til sá mannlægur löstur sem ekki fyrir- fannst í hroðalegum her þeirra. Reyndar minntu búningar sumra hermanna Persa nokkuð á þann klæðnað sem vígamenn öfgasinn- aðra múslíma klæðast nú á þessum síðustu og verstu tímum. Vit- anlega var það hið besta mál að Grikkjum tókst að standa af sér árársir Persa og frelsishugsjón Bandaríkjanna er þess virði að standa vörð um, en það er engum greiði gerður með afbökunum eins og þeim sem bornar eru á borð í myndinni 300.

Fleiri svona myndir má nefna, t.d. U571. Í þeirri mynd var því haldið fram að Bandaríkjamenn hefðu náð með hetjudáðum dul- málsvél Þjóðverja og þar með breytt gangi seinni heimstyrjald- arinnar, en hið rétta var að það var Bretum sem tókst það.

Það er fjárrí mál að leggja að jöfnu hryllingsstjórn kommúnista og ruglið í Hollywood. En vænt- anlega hefði manni fundist hlægi- legt ef þeir í MÍR hefðu boðið upp á mynd, byggða á sannsöguleg- um atburðum, þar sem sagt væri frá því hvernig Sovétmenn hefðu fyrstir manna komist til tunglsins. Því miður virðist núorðið ástæða til að gjalda nokkurn varhug við myndum frá Hollywood sem sagð- ar eru byggja á sönnum atburðum.

## Hugur fylgir máli

#### UMRÆÐAN

Vistkerfi hafsins

Sú afstaða sem Ísland átti þátt í að smóta varðandi verndun viðkvæmra vistkerfa hafsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna fyrr á þessu ári, fékk einróma stuðning innan FAO á dögumun. Við minnumst þess að ýmsir urðu til þess að gagnrýna okkur fyrir afstöðuna á sínum tíma. Sú stefnumótun var þó engu að síður staðfest samhljóða, með fiskveiði- ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna.

Einhverjir töldu það henta sér að ráðast á okkur Íslendinga fyrir þessa stefnumótun, sem var sann- arlega í samræmi við okkar sjónarmið, en naut ein- nig stuðnings stórra fiskveiðiþjóða, svo sem Kanada- manna, Rússa, Japana, Kínverja, Kóreumanna og sjálfs Evrópusambandsins. Í þessu sambandi má nefna frægan leiðara úr Washington Post. Furðu- legast af öllu var þó að verða að því vitni að jafnvel ábyrgir íslenskir stjórnmálamenn lutu svo lágt að reyna að slæma á okkur höggi fyrir afstöðu okkar og voru greinilega tilbúnir að lúta í gras og fórna augljósum hagsmunum Íslands.

Afstaða okkar byggðist á því að móta fyrirkomu- lag þar sem stigið yrði mikilvægt skref til vernd- unar viðkvæmra vistkera í úthafinu, svo sem kald- sjávarkóralla, neðansjávartinda og hverastrýta, án



EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON

þess að bönnuð væru tiltekin veiðarfæri og án þess að skapa hið stóra framfylgni- vandamál sem hefði fylgt slíku banni.

Þessari stefnumótun, – sem segja má að alþjóðasamfélagið hafi í raun viður- kennt, – höfum við nú fylgt eftir. Sam- komulagið sem varð á vettvangi FAO og fyrr er vitnað til, er algjörlega í sam- ræmi við fiskveiðiályktun SP. Mótað- ar verða tæknilegar viðmiðunarreglur um verndun hinna viðkvæmu vistkerfa. Þessar reglur munu auðvelda ríkjum að stjórna djúpsjávarveiðum, með þeim hætti að þær valdi ekki skaða. Við sýndum áhuga okkar á þessari ábyrgu stefnumótun með því leggja fram fjármagn, 100 þúsund Bandaríkjadali, til þess að auðvelda FAO verkið, enda er almennt viðurkennt að hún sé sú stofnun sem best er til slíkra verka fallin.

Þessi saga er býsna lærdómsrík. Hér gerist það að lítil þjóð hefur jákvæð áhrif á stefnumótun um ábyrga auðlindanýtingu. Við eigum okkar þátt í því, ásamt öðrum, að koma málinu inn á þann vettvang sem bestur er til þess fallinn að vinna því framgang svo vel sé og sýnum hug okkar í verki með því að leggja fram fjármuni til verkefnisins. Það er því algjörlega óumdeilt að við höfum sýnt að hugur fylg- ir máli, í þessu þýðingarmikla úrlausnarefni.

Höfundur er sjávarútvegsráðherra.



# Stuðningur Íslands er mikils metinn

## UMRÆÐAN

Þróunarsamvinna

Nú erum við aldeilis í klandri, hugsaði ég þar sem bátskænan skoppaði á öldutoppunum og regnið buldi á bátsverjum. Við vorum stödd á Viktoríuvatni, ferðafélagar frá Íslandi og Úganda, eftir viðburðaríka heimsókn til Kalangalaeja. Á heimleiðinni hrepptum við mikið þrumuveður sem gerði þessa ánægjulegu heimsókn að hinn mestu svaðilför. Ekki var laust við að sjóveiki gerði vart við sig og varð mér að orði að starf utanríkisráðherra væri svo sannarlega meira en fundasetur og formlegar athafnir.

Að lokinni fyrstu heimsókn minni til Afríku er margt sem brennur á ferðalanganum. Í aðra röndina er sárt að sjá þá neyð sem víða ríkir í fátækustu löndum heims, en í hina röndina fyllist maður lotningu og virðingu fyrir heimafólki, sem með sterkum vilja og ótrúlegri lífsgleði reynir að bæta líf sitt og barna sinna.

Það eftirminnilegasta við heimsóknina voru konurnar sem ég hitti. Hvort sem þær voru ráðherrar, þingmenn eða konur að berjast fyrir bættu lífi fyrir sig og sína, fann ég að framtíð Afríku býr í krafti kvennanna. Mér þótti líka gaman að eftir því var tekið að sendinefndin frá Íslandi var aðeins skipuð konum og þetta varð oft tilefni fjöru umræðna um stöðu kvenna almennt.

*Það eftirminnilegasta við heimsóknina var konurnar sem ég hitti. Hvort sem þær voru ráðherrar, þingmenn eða konur að berjast fyrir bættu lífi fyrir sig og sína, fann ég að framtíð Afríku býr í krafti kvennanna.*

Stefnu ríkisstjórnarinnar um aukningu framlaga til þróunarmála hefur verið fylgt eftir af festu. Þróunarsamvinna er í dag ein meginstöð utanríkisstefnu Íslands. Á síðasta ári námu framlög til málaflokksins 0,27% af vergum þjóðartekjum, samanborið við 0,18% árið áður. Þetta er mikil hækkun, sem þýðir að Ísland nálgast það meðaltal sem önnur iðnríki leggja til þróunarmála. En betur má ef duga skal. Takmarkið er að ná 0,35% markinu árið 2009 og að mínu mati á ekki að staldra við þar, heldur stefna áfram og uppfylla markmið Sameinuðu þjóðanna um að 0,7% þjóðartekna renni til þróunarsamvinnu. Því markmiði tel ég raunhæft að ná árið 2015.

Nýverið lagði ég fram á Alþingi skýrslu um skipulag þróunarsamvinnu Íslands. Núverandi fyrirkomulag hefur þjónað okkur ágætlega í aldarfjórðung, en nýjar leiðir og breyttar áherslur í alþjóðlegu þróunarstarfi kalla á að við skoðum með gagnrýnum hætti hvernig þessum málum verði best háttátt til framtíðar.

Utanríkisráðuneytið fer með stefnumótun í þróunarsamvinnu og Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) með yfirstjórn tvíhliða verkefna í samstarfslöndum Íslands. Báðir aðilar starfa með frjálsum félagasamtökum og með viðskiptalífni og utanríkisráðuneytið fer með framkvæmd friðargæsluverkefna. ÞSSÍ er heimilt að starfa með alþjóðastofnunum, en utanríkisráðuneytið hefur fyrirvar í málefnum þeirra. Endurskoðunin leiddi því í ljós að núverandi fyrirkomulag er flókið og felur í sér verulega skörun innan stjórnsýslunnar. Þegar horft er til framtíðar þarf að forðast enn frekari skörun og tvíverknað.

Á ferð minni til Úganda sá ég hversu mikilvægt starf ÞSSÍ vinnur þar í landi. Sú þekking á þróunarsamvinnu og málefnum þróunarlanda sem hefur byggst upp innan stofnunarinnar er mjög dýrmæt og hana þarf að varðveita. Það gerum við hins vegar ekki með

óbreyttu fyrirkomulagi, þar sem starfsemi ÞSSÍ er aðskilin störfum utanríkisráðuneytisins.

Sú leið sem ég tel skynsamlegasta fæli í sér samruna ÞSSÍ og utanríkisráðuneytisins. Ennfremur yrði sett á fót þróunarsamvinnuráð, sem í sætu fulltrúar Alþingis, félagasamtaka, viðskiptalífs og fræðistofnana. Þróunarsamvinnuráðið yrði ráðgjafarvettvangur fagaðila um stefnu og áherslur í þróunarmálum, en svið að fyrirkomulag er algengt í nágrannalöndunum.

Með þessu fyrirkomulagi



VALGERÐUR SVÆRISDÓTTIR

fengist heildarsýn á þróunarsamvinnu Íslands. Veruleg samlegðaráhrif myndu nást, m.a. hvað varðar mannauðsstjórn og fjársýslu. Auðveldara yrði að framfylgja áherslum Íslands vegna alþjóðlegra skuldbindinga og sú þekking og mannaúður sem hefur skapast á þróunarmálum myndi samnýttast

til heildstæðrar umfjöllunar um málaflokkinn.

Jafnframt myndi breytt fyrirkomulag einfalda samstarf stjórvalda við frjáls félagasamtök sem verða sífellt virkari þátttakendur

á sviði þróunarsamvinnu og neyðar- og mannúðarástoðar. Síðast, en ekki síst, er ég þeirrar skoðunar að mörg tækifæri felist í samstarfi við viðskiptalífið. Þörf þróunarlandanna fyrir fjárfestingu og tæknipækkingu er mikil og við eigum að virkja útrásarvilja og nýsköpun íslensks viðskiptalífs þróunarlöndunum til hagsbóta.

Á sama tíma vil ég efla atbeina Alþingis enn frekar og umfjöllun þess um þróunarmál. Til dæmis hefur borið á því að þróunarmál falli í skuggann af umdeildari utanríkismálum þegar reglubundnar skýrslur utanríkisráðherra eru ræddar á Alþingi. Þessu þarf að breyta, t.d. með auknu samráði við utanríkismála-

nefnd og að þróunarsamvinnan verði rædd sérstaklega í þingsölum a.m.k. einu sinni á ári.

Nú er skammt til þingkosninga. Það kemur því í hlut nýrrar ríkisstjórnar og þings að taka endanlega afstöðu til þeirrar niðurstöðu sem skýrslan geymir. Skýrslan er innlegg í umræðu sem mikilvægt er að fari fram og leiði til farsællar niðurstöðu sem sátt geti ríkt um. Málefnið er svo sannarlega mikilvægt og fagleg sjónarmið eiga að ráða ferðinni. Skýrsluna má nálgast á vefsetri utanríkisráðuneytisins, þar sem einnig er hægt að koma á framfæri ábendingum og skoðunum um málefnið.

*Höfundur er utanríkisráðherra.*



## QASHQAI ER KOMINN!

KOMDU OG REYNSLUAKTU Í DAG KL. 13-16

**Qashqai** er glænýr tímamótabil frá Nissan. Þessi borgarjeppi sem beðið hefur verið með þvilríkri eftirvæntingu á Íslandi á eftir að koma verulega á óvart, enda helsti tiskubillinn í evrópskum borgum. **Qashqai** sameinar eiginleika töff borgarbíls og harðsnúins fjallajappa.

**Qashqai** – allt á einu bretti.

Ingvar Helgason

Sævarhólfsta 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt

Akranesi 431 1376

Akureyri 464 7940

Höfn í Hornafirði 478 1990

Njaróvik 421 8808

Reyðarfirði 474 1453



TÓMAS R. EINARSSON TÓNLISTARMAÐUR  
ER 54 ÁRA Í DAG.

„Það er voðalega erfitt að halda því fram að einræði hafi í för með sér vonða tónlist. Það er eiginlega þvert á móti. Tónlistin lifir sínu eigin lífi.“

Tómas er hrifinn af kúbverskri tónlist, sem hann segir alls óháða pólitík.



## tímamót

timamot@frettabladid.is

25. MARS 1957

## Rómarsáttmálinn undirritaður

Á þessum degi árið 1957 skrifuðu nokkur ríki Evrópu undir svokallaðan Rómarsáttmála. Sáttmálinn markar upphaf Evrópusambandsins eins og við þekkjum það í dag. Hann samþykktu fulltrúar frá Frakklandi, Vestur-Þýskalandi, Ítalíu, Belgíu, Hollandi og Lúxemborg. Tilgangur bandalagsins var að stuðla að samkennd meðal ríkja Evrópu eftir seinni heimsstyrjöldina. Undirliggjandi var líka trygging á því að Þýskalandi og Frakklandi lenti ekki saman á ný. Tveir sáttmálar voru samþykktir í Róm, og ganga saman undir nafninu Rómarsáttmálarnir. Stofnsáttmálinn er sá frægari þeirra, en einnig var skrifað undir sáttmála



öllum aðildarlöndum. um stofnun Evrópska bandalagsins um kjarnorku. Hann átti að stuðla að friðsamlegri nýtingu á kjarnorku í álfunni. Frá undirritun Rómarsáttmálanna hefur Evrópusambandið vaxið á ógnarhraða en sáttmálinn aldrei misst gildi sitt. Í honum er að finna mörg af meginmarkmiðum Evrópusambandsins sem litið er til í dag eins og fyrir fimmtíu árum. Rómarsáttmálinn og Maastricht-sáttmálinn frá 1991 mynduðu hálfgerða stjórnarskrá Evrópusambandsins þangað til eiginleg stjórnarskrá var gerð árið 2004. Hún hefur þó enn ekki verið samþykkt af

## MERKISATBURÐIR

- 1807 Breska þingið afnemur þrælshald í Vestur-Índíum.
- 1838 Póstskip kemst til landsins eftir miklar hrakningar en það átti að leggja að í nóvember árið áður.
- 1901 Fyrsti Mercedes-bíllinn er frumsýndur á bílasýningu í Nice.
- 1975 Friðlýsing Vatnsfjarðar í Barðastrandarsýslu er samþykkt og friðlandið um eitt hundrað ferkilómetrar að stærð.
- 1975 Faisal konungur af Sádi-Arabíu er skotin til bana af frænda sínum.



DRAMATÍSK STUND Ellý og Guðbjörg fögnuðu en Palli og Gís voru sorgmædd þegar úrslitin lágu fyrir á föstudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURJÓN RAGNAR

## Gís send heim

Mikil spenna var í Vetrargarðinum í Smáralind á föstudagskvöld þegar ljóst varð hvaða atriði kæmst í þriggja manna úrslitin í X-Factor. Að þessu sinni höfðu dómarnir ekkert að segja um úrslitin, atkvæði þjóðarinnar réðu öllu. Þjóðin kaups að senda þær Guðnýju og Írisi, sem skipa dúettinn Gís, heim. Þar með er ljóst

að í þriggja manna úrslitunum verður eitt atriði frá hverjum dómara; Hara frá Páli Óskari, Jógvan frá Einari Bárðar og Guðbjörg frá Ellýju.

Mikil dramatík braust út þegar úrslitin voru kunnngjörð. Guðbjörg og Ellý fögnuðu dátt en Gís-stóllur fengu uppörvandi faðmleg frá Palla.

## MR og MK í úrslit

Lið Menntaskólans í Reykjavík og Menntaskólans í Kópavogi mætast í úrslitum Spurningakeppni framhaldsskólanna næstkomandi föstudag. Lið MR lagði lið Verzlunarskóla Íslands að velli á fimmtudagskvöldið og MK fór með sigur af hólmi í æsispennandi keppni við Menntaskólann við Hamra-

hlíð á föstudagskvöld. Menntaskólinn í Reykjavík er sigursælasti skólinn í sögu Gettu betur. Lið skólans hafa unnið tólf sinnum á því 21 eina ári sem keppnin hefur verið haldin. Lið Menntaskólans í Kópavogi hefur einu sinni farið með sigur af hólmi í keppninni, árið 1989.



- sun

RAGNHEIÐUR HANSON: BOÐIÐ Í SEXTUGSAFMÆLI SIR ELTON JOHN

## Afþakkaði afmælisboð

Ragnheiði Hanson, sem skipulagði tónleika Elton John á Laugardalsvelli hinn 1. júní árið 2000, var á dögnum boðið í sextugsafmæli breska tónlistarmannsins Elton John, sem verður haldið í Madison Square Garden í New York í kvöld. Þar mun Elton flytja öll sín þekktustu lög fyrir framan vini sína og vandamenn.

Ragnheiður ákvað að þekktast ekki boðið en fara þess í stað til Ítalíu í afslöppunarferð. Hún segir Elton hafa verið mjög viðkunnanlegan er hún hitti hann á sínum tíma. „Hann var afskaplega fín og skemmtilegur. Hann var með hómorinn í lagi og reytti af sér brandarana,“ segir Ragnheiður. Elton stoppaði stutt við hér á landi og flaug út með einkaflugvél sinni strax eftir tónleikana. Náði hann þó að svala glerlistaráhuga sínum á þeim klukkutímum sem hann hafði af-lögu. „Hann hefur greinilega mikinn áhuga á gleri og hann keypti sér eitthvað af gleri og dóti, þannig að hann reyndi að fá eitthvað frá landinu. Síðan sagðist hann vilja koma aftur hingað til að skoða sig um.“

Talið berst þá að afmælistónleikum Ólafs Ólafssonar, stjórnarformanns Samskipa, þar sem Elton tróð óvænt upp. „Mér var ekki boðið, því er nú verr og miður. Ég hefði alveg verið til í að mæta,“ segir Ragnheiður og hlær.

Elton John fæddist í bænum Pinner í Middlesex-sýslu á Englandi. Var hann skírður Reginald Kenneth Dwight en breytti nafninu síðar í Elton Hercules John. Hann hefur gefið út fjölmargar plötur í gegnum tíðina og á meðal þekktustu laga hans eru Crocodile Rock og Candle in the Wind. Ragnheiður segist eiga mörg uppháldslög með Elton. „Daniel er æðislegt og líka Someone Saved My Life Tonight. Þessi ferill hans hefur verið alveg æðislegur og hann er frábær tónlistarmaður. Hann er æðislega flottur á tónleikum og spilaði í þrjá klukkutíma hér, sem eru lengstu tónleikar sem hafa verið haldnir á Íslandi. Hann hefur gefurlegt úthald og að spila í þrjá klukkutíma er alveg stórmærkilegt,“ segir hún.

freyr@frettabladid.is



ELTON JOHN Tónlistarmaðurinn Elton John heldur upp á sextugsafmæli sitt í dag.



ÓLAFUR ÓLAFSSON Forstjóri Samskipa fékk Elton til að syngja í fimmtugsafmæli sínu á dögnum.

## RAGNHEIÐUR HANSON

Ragnheiður skipulagði úttónleika Elton á Laugardalsvelli sumarið 2000.

## AFMÆLI

**Þórhildur Þorleifsdóttir** leikstjóri er 62 ára.

**Sigurður Karlsson** leikari er 61 árs.

**Andri Sigþórsson** bakari er 30 ára.

## FÆDDUST ÞENNAÐAG

**Jack Ruby**, morðingi Lee Harvey Oswald, 1911.

**Aretha Franklin** söngkona 1942.

**Sarah Jessica Parker** leikkona 1965.

## SPRON gefur vatnsbrunna

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis fagnar 75 ára afmæli sínu 28. apríl næstkomandi. Í tilefni af afmælinu mun SPRON gefa sjö-tíu og fimm vatnsbrunna til Hjálparstarfs kirkjunnar, einn fyrir hvert ár sem SPRON hefur starfað. Samstarfssamningur þess efnis var nýverið undirritaður, en hann hljóðar upp á tólf milljónir, og nær til þriggja ára, að því er segir í fréttatilkynningu.

Brunnunum verður komið fyrir hjá sjálfsþurftarbændum og fjölskyldum þeirra í Malaví og Mósambík í Afríku. Sökum vanefna og þurrka á svæðinu er uppskera bændanna stopul. Brunnarnir munu veita þátttakendum í verkefninu greiðari aðgang að hreinu



AFMÆLISJÓF FRÁ SPRON Þorsteinn Pálsson, stjórnarformaður Hjálparstarfs kirkjunnar, og Guðmundur Hauksón sparisjóðsstjóri undirrita samninginn.

vatni til drykkjar, en jafnframt leggja hönd á plóginn í búskapnum, þar sem að bændur geta komið á fót áveitum. Brunnarnir verða þannig grundvöllur

bættra lífskjara, þar sem uppskerur verða öruggari og meiri, fæði fjölbreyttara og heilsufar betra. Þeim fylgir fræðsla um hreinlæti og smíthættu.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlyg og vináttu við fráfall elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og systur,

**Guðrúnar Sigríðar Baldvinsdóttur**

áður Klettaborg 3, Akureyri.

Birgir Tryggvason

Anna Margrét Tryggvadóttir

Guðný Tryggvadóttir

Ólöf Guðrún Ólafsdóttir

Anna Margrét Ólafsdóttir

Júlíus Aron Thibautson Guilbert

Helga Sigurlaug Baldvinsdóttir.

Hörður Guðmundsson

Ólafur G. Viktorsson

Thibaut P. M. Guilbert



## 80 ára afmæli

Þriðjudaginn 27. mars nk. verður

**Guðmundur Bjarnason**

rafvirkjameistari áttatíu ára. Af því tilefni býður hann ættingjum og vinum til samfagnaðar í Félagshemili OR, rafveituhemilinu Elliðaárdal, frá kl. 17 til 20 á afmælisdaginn.





**Komdu  
norður!**



Matur



Afslöppun



Listir



Útivist

## Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Og svo eru Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt steinsnar frá.

### Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, Listasafnið og önnur skemmtilega söfn, tónleikar, fjöldi gallería – og kaflar úr menningar- og listasögu landsins í hverju skrefi.
- Skíðaparadís (með heimatilbúnum snjó ef þarf), 2 sundlaugar, 3 líkamsræktarstöðvar, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, skipulagðar gönguleiðir, óvissuferðir, Hrísey – og svo að sjálfsögðu Kjarnaskógur, þessi perla!
- 4 hótél, 16 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 3 tjaldsvæði – og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 15 veitingastaðir, 6 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval fjölda ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar um ferðamöguleika og viðburði á [akureyri.is](http://akureyri.is) og [norurland.is](http://norurland.is).



# DREYMIÐ SVEITINA SÍNA

**Freysteinn Jónsson** verður 104 ára í maí. *Índiana Ása Hreinsdóttir* blaðamaður og *Valgarður Gíslason* ljósmyndari hittu þennan elsta karlmann landsins.

**F**reysteinn Jónsson frá Vagnbrekku í Mývatnsveit er elsti karlmaður landsins. Hann verður 104 ára hinn 17. maí. Freysteinn fæddist árið 1903 og bjó mestan hluta ævinnar í Mývatnsveit, fyrst á Geirastöðum og síðar að Vagnbrekku. Í dag dvelur hann á Öldrunarheimilinu Seli á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. „Ég var heilsulítil sem barn,“ segir Freysteinn, sem furðar sig á þeim háa aldri sem hann hefur náð. „Húsakynnin á þessum tíma voru afar léleg en við höfðum alltaf nóg að bíta.“

Leyndarmálið að svo löngu lífi segir Freysteinn vera kæruleysi. „Að hafa ekki áhyggjur af öllum sköpuðum hlutum og svo er mjólkurdrykkja ákaflega mikils virði,“ segir Freysteinn, sem hefur það ágætt á Seli þótt heyrnin sé farin að gefa sig og sjónin orðin léleg. Hann segist lúra mestallan daginn en í kringum hann í herberginu eru ljósmyndir úr sveitinni og af fjölskyldu hans. Freysteinn, sem var mikill hestamaður á yngri árum, saknar sveitarinnar en segist ekki þurfa annað en að horfa á myndirnar til að komast þangað aftur í huganum. „Mig dreymir sveitina og finnst ákaflega gott að komast aftur í húsið við vatnið,“ segir hann og bætir við að hann hafi verið heppinn með fjölskyldu sem sé dugleg að heimsækja hann. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI





# X-TRA mikið fyrir X-TRA lítið

# x-tra



AUGLÝSINGASTOFA VIKURFÉTTA



# MEIRIHÁTTAR OPNUNARTILBOÐ!

Sprengiverð!

**795** kr.  
kg

Goða lambalæri, frosið  
GILDIR ADEINS Í KRÓNUNNI BÍLDSHÖFÐA!

Nóa páskaegg  
no 4 fylgir með!  
GILDIR ADEINS Í KRÓNUNNI BÍLDSHÖFÐA!

**kaupauki!**

með hverri 4x2 l kippu  
af Coke fylgir Nóa  
páskaegg númer 4

**699** kr. pk.

**25%**  
afsláttur

**839** kr.  
kg

Laxasneiðar

**50%**  
afsláttur

**798** kr.  
kg

Hóla  
hamborgarhryggur

Tvöfaldur  
pakki!

**399** kr.  
pk.

Tvöfaldur Cheerios

**2**  
fyrir  
**1**

ORGANIC BABY  
BARNAMATUR

**3**  
fyrir  
**2**

Pampers duo  
blejur

GILDIR ADEINS Í KRÓNUNNI BÍLDSHÖFÐA!

**1989** kr.  
stik.

Sessa fyrir  
barnastól

**4990** kr.  
stik.

Krili barnastóll





**KRONAN**  
fyrst og fremst...

**NÝ UPPLIFUN**

**í lágvörðunarslun!**

**Erum búnir að opna**

**nýja og breytta**

**Krónuverslun**

**að Bíldshöfða 20**

**Opnð frá 11:00-19:00**  
alla daga



# Friðargæsluliði svarar fyrir sig

Allt frá því að sprengjuárás varð í teppabúð í Afganistan árið 2004 og heimildarmynd um störf friðargæslunnar í landinu var frumsýnd skömmu síðar, hefur aðgangur fjölmiðla að starfinu í Kabúl verið lítill. *Klemens Ólafur Prastarson* heimsótti friðargæsluna í Afganistan og ræddi við **Inga Þór Þorgrímsson**, forsvarsmann Íslendinga við stjórnun flugvallarins í Kabúl.

**Þ**að eru margir heima á Íslandi sem telja skipta meira máli í hvernig búningum við göngum og hvaða verndartól við göngum með en hvaða starf við innum af hendi,“ segir Ingi þegar við hefjum spjallið.

Vopnaburður friðargæslunnar hefur verið alræmdur og sérstaklega eftir að Íslendingar fóru í teppabúð með alvæpni og tveir Afganar létu lífið, þegar sjálfsmorðsprengjumaður gerði árás. Ingi þvertur fyrir að þeir hafi beðið bana út af ábyrgðarleysi og „hermennskutilburðum“ friðargæslumanna. „Þegar þetta gerðist fóru menn hér af vellinum oft niður í bæ. Þá var hættustigið talið mjög lágt og engin svona árás hafði átt sér stað áður. Það er hluti af friðargæslu að blanda geði við heimamenn. Fólk, sem hafði enga innsýn í málið, dæmdi þá sem lentu í þessu þannig að þeir hafi verið þarna að leggja líf sitt að veði í teppakaupum. Fjölmiðlar kusu að rangtúlka þennan atburð, frekar en að rannsaka hann,“ segir hann.

## Íslenska sveitin

Ingi telur að störf og verkefni friðargæslunnar hefði mátt kynna betur til fjölmiðla, til að koma í veg fyrir háværa umfjöllun. „En það sem mér finnst sorglegast er að þeir fréttamenn, sem helst hafa tekið að sér að kynna þessi verkefni, þeir jafnvel blekktu menn um tilgang fararinnar, til þess að fá upplýsingar sem síðan voru rangtúlkaðar og gáfu ranga



INGI ÞÓR ÞORGRÍMSSON Segir það starf sem íslenska friðargæslan innir af hendi á Kabúl-flugvelli grundvöll til að hægt sé að senda aðra aðstoð til Afganistans og koma henni til skila.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS

mynd af starfinu. Friðargæslan fékk aldrei að njóta sannmælis.“

Ingi segir heimildarmyndina sem gerð var um friðargæsluna „skammarlega“. „Fólk heldur að ég sé með geltandi vélbyssu uppi í fjalli að skjóta mann og annan frá nú til fimm. En í grunninn er þetta ósköp svipað starf og þegar ég var rekstrarstjóri suður í Keflavík. Ég hef til dæmis aldrei þurft að grípa til vopna, þótt ég hafi gengið um vopnaður í þrjú ár.“

Vopnaburður kemur starfinu alls ekki við, segir Ingi. Hins vegar er hann nauðsynlegur í ótryggu umhverfi eins og í Afganistan. „Ef eitthvað kemur fyrir þá er betra að ég sé vopnaður. Í Af-



Klemens Prastarson SKRIFAR FRÁ AFGANISTAN

lega frekar ráðist á óvopnað fólk hér og það er staðreynd.“

## Vanhugsuð þróunaraðstoð?

Því hefur verið haldið fram að til þróunaraðstoðar skilaði meiri árangri að láta fé af hendi rakna til góðgerðarstarfsemi, en að vera með friðargæslu. Ingi segir þetta sjónarmið fremur vanhugsuð. „Staðreyndin er sú að friðargæslan og það starf sem við vinnum hér á Kabúl-flugvelli, er grundvöllur þess að hægt sé að senda aðstoð og koma henni til skila. Allar samgöngur hér byggjast á þessum velli. Það er engin leið að koma mat eða fötum á endastöð án flugvallarins. Þegar Íslendingar komu hingað fyrst, þá stóð flugvöllurinn ekki undir þessu. Því er það gífurlega mikilvægt uppbyggingar- og hjálparstarf að halda þessari lífæð opinni.“

Framlag Íslendinga er einungis dropi í hafið á flugvellingum í Kabúl. Ingi telur að hlutfallslega skili friðargæslan afar góðu starfi og upphæðin skipti ekki höfuðmáli.

„Ég held að það sé aldrei hægt að meta hjálparstarf bara í krónum og aukum eða mannfjölda. Mælikvarðinn er alltaf hvernig þetta skilar sér á leiðarenda. Það er hægt að leggja mikinn pening í aðstoð og hún skilar sér illa. Svo er hægt að leggja lítinn pening og hann skilar sér vel. Það sem Íslendingar eru að gera hér hefur skilað sér mjög vel. Það sem skiptir höfuðmáli er að það er að skila sér til langtímauppbyggingar sem mun nýtast þjóðinni sem við erum komin til að hjálpa. Upp-

hæðin verður alltaf umdeilanleg, en henni þarf að vera vel varið til góðra verka, þannig að við höfum sáð til framtíðar en ekki verið með tímabundið verkjalyf.“

”

Fólk heldur að ég sé með geltandi vélbyssu uppi í fjalli að skjóta mann og annan frá nú til fimm. En í grunninn er þetta ósköp svipað starf og þegar ég var rekstrarstjóri suður í Keflavík.

## Umdeilt erindi Íslendinga

Fyrir í vikunni varð blaðamaður vitni af því þegar bandarískur kaffeinn leitaði til Inga vegna starfs sem þurfti að vinna til að koma framkvæmdum af stað. Vandinn var sá að starfið var utan vinnuáætlunar. Ingi ráðlagði honum að hliðra til í áætlunum, án þess að brjóta reglur beinlínis, og ráða heimamenn til framkvæmdarinnar fyrir lítið fé. Nokkurn tíma tók að útskýra fyrir kaffeininum að þetta væri hægt. Ingi segir að

svona reddingar séu í karakter Íslendinga, þegar hann er spurður hvort aðrar þjóðir en Íslendingar séu ekki betur til þess fallnar að reka flugvöll í Kabúl.

„Lítið samfélag eins og Ísland gerir menn að mörgu leyti hæfari til að koma að svona rekstri, því heima eru menn vanari að vinna á fleiri en einu sviði og geta bjarguð sér. Að redda því sem þarf að redda. Þegar lítið er til af tækjum og búnaði og takmörkuð úrræði til að vinna úr, þá eru þeir sem eru vanir að vinna á mörgum sviðum betur settir en til dæmis margir nágrannar okkar. Þar er vinnureynsla og verksvið hvers og eins mun þrengri en hjá okkur. Þetta skilar sér því mjög vel í svona starfi.“

## 7.000 kílómetra að heiman

„Fjölskyldulífið er vissulega slitíð í tvennt. Mesta fórnin er að vera fjarri og missa af lífi sinnar fjölskyldu. Að vera 7.000 kílómetra að heiman hefur náttúrulega áhrif á fjölskyldulífið, því er ekki að neita. Svona starf getur enginn tekið að sér nema í sátt við sína fjölskyldu. Það er ekki bara fórn okkar að koma hingað út, heldur fórn þeirra sem eru heima að taka á sig aukna ábyrgð. Makar, sérstaklega, þurfa að taka við öllu búnu þegar við sem erum hér erum ekki til staðar.“

„En að vinna við svona uppbyggingu er mjög gefandi. Ég hef aldrei fengið annað en blíðar móttökur og þegar maður kemur aftur hingað út eftir brottveru þá er manni fagnað eins og ættingja. Þannig finnst manni maður vera að skila miklu meira en í vinnu þar sem maður stimplar sig bara inn og út. Þetta er hugsjón og það verður að vera hugsjón hjá þeim sem eru að gefa sig í þetta. Þeir verða að gera það af alefli og af sannri trú fyrir starfinu. Ef þú ert hér bara í vinnu þá er erfitt að réttlæta þessa fjarveru frá fjölskyldu og vinum.“

## ÍSLENSKA FRIÐARGÆSLAN

■ Íslensku friðargæslunni var komið á fót í núverandi mynd árið 2001.

■ Verkefnið olli nokkrum deilum, sökum hernaðarlegrar umgjörðar, svo sem búninga og titla, en ekki síst vopnaburðar.

■ Starfsemi friðargæslu var endurskoðuð árið 2006 og utanríkisráðherra kynnti þá breyttar áherslur hennar.

■ Í nýjum lögum er sérstaklega tekið fram að verkefnaval verði borgaralegs eðlis og ásynð gæslunnar „nýkrí“. Ráðherra leggur og áherslu á aukinn hlut kvenna.


■ Undir hatti friðargæslunnar starfa nú alls 33 starfsmenn, utan þriggja í ráðuneytinu heima. Sextán eru í Afganistan á vegum NATO/ISAF, ellefu á Srí Lanka hjá SLMM, norrænu eftirlitssveitinni, einn í Írak á vegum NATO, annar í Serbíu með UNIFEM, einn í Bosníu með EUPM, löggæsluverkefni Evrópusambandsins, og þrír eru í Líbanon við jarðsprengjuleit.



FLUGVÖLLURINN Í KABÚL Flugvöllurinn er helsta lífæð Afganistan. Landið liggur ekki að sjó og torfært fjallandi hamlar flutningum með bílum. Vonast er til að Afganir taki endanlega við stjórn vallarins á næstu árum.

FRÉTTABLAÐIÐ/KLEMENS





# TAX FREE

# DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Dagana 23.-25. mars  
afnemunum við VSK af  
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,  
herra- og barnafatnað,  
undirföt, sokka  
og sokkabuxur án  
virðisaukaskatts  
þessa þrjú daga.

*Fatnaður á alla  
fjölskylduna*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 25. mars 2007.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla



# Eilífur Barbíleikur

Ljósmyndarinn **Vera Pálsdóttir** er nýflutt til Reykjavíkur frá tiskuborginni París. Hún á farsælan feril að baki og hefur unnið með mörgum af frægustu ljósmyndurum og fyrirsætum heims, fyrir alþjóðleg tiskublöð. **Anna Margrét Björnsson** hitti hana yfir kaffi og sigó og fékk að heyra meira.

**V**era Pálsdóttir situr ein í sófa á Kaffi Sólun, klædd svörtum fötum og með frumlega þrjónahúfu á höfðinu. Klassísk, Parísar-dömulæg og látlaus í senn þar sem hún reykir langa, mjóa sigarettu og dreypir á stórum kakóbolla fullum af rjóma. Hún er með hlýtt og leiftrandi bross sem ljómar af kímni og lífsreynslu. „Ég hef alltaf verið dálítill flakkari í mér,“ útskýrir Vera. „Ég eyddi nokkrum æskuárum í Noregi og svo eftir menntaskólann þar byrjaði ég í sálfræði hér heima. Ég hætti í henni og hélt til Bandaríkjanna til að læra ljósmyndun. Í Brooks-skólanum í Santa Barbara lærði ég aðallega auglýsingaljósmyndun, en ég hafði alltaf haft mikinn áhuga á sálfræðinni á bak við auglýsingar.“

En hvernig endaði hún í París? Vera hlær. „Ég ætlaði bara að flytja aftur heim, hafði séð það í hillingum. En eftir níu mánuði heima þá fékk ég algera innlokunarkennd og þræði að fara út aftur. Ég valdi París bara vegna rómantíkunnar sem umlykur hana og fegurð franska tungumálsins. Ég skræði mig á frönskunámskeið í Sorbonne en ákvað svo að fara í mastersnám í ljósmyndun. En eins og allt í mínu lífi þá er lítið „plan“ í gangi, hlutirnir bara gerast af sjálfu sér, og mér var ráðlagt að hætta áformum um frekara nám og hella mér bara út í vinnu.“ Hún útskýrir að á þessum árum hafi allt snúist um að ná sér í sem mesta reynslu sem fyrst, og vinna með rétta fólkinu.

## Vann með Helmut Newton

Ég var mjög heppin. Ég fékk góða vinnu hjá frægu stúdíói sem heitir Studio Rouchon. Ég vann þar sem „stagiaire“ (manneskja sem vinnur kauplaust fyrir reynslu) í níu mánuði. Ég vann eins og brjálaðingur og fékk ekki krónu fyrir, bara ókeypis fæði. En svo þegar það losnaði pláss fyrir aðstoðarmannskju í stúdíóinu þá fékk ég stöðuna. Ég byrjaði hjá ljósmyndara sem heitir Christophe Kutner og var mjög þekktur á þessum tíma. Hann hafði til dæmis unnið mikið fyrir ítalska Vogue sem þykir mesta biblíatiskuljósmyndunar. Ég var svo heppin að fá að vinna með frábæru fólki á þessum árum – til að mynda Helmut Newton árið 1994.“ Vera segir hann hafa verið eftirminnilegan karakter vegna þess látleysis sem hann bjó yfir. „Ég var von því að vinna með þessum frægu tiskuljósmyndurum þar sem öllu var tjaldað, ótal ljósum og miklum mannskap, en Newton bara mætti með eina litla tösku, gerði sitt og útkoman var auðvitað snilld. Hann var afskaplega mikið þrúðmenni og kom eins fram við alla. Það var frábær reynsla fyrir mig að vinna sem aðstoðarkona á þessum sex árum. Ég var ekkert að flýta mér út í eigin ljósmyndun, bara naut augnabliksins. Þetta var tímabilið þegar ofurfyrirsæturnar komu á sjónarsviðið – og það var gaman að upplifa það. Manni fannst þær sumar eins og geimverur, þær voru svo óraunverulegar í útliti, eins og til dæmis Nadja Auermann. Ég man eftir skemmtilegu atviki þegar við vorum að mynda Claudiu

Schiffer, en hún var þá með töframanninum David Copperfield. Meðan á tókunni stóð læstist hann inni á klósetti og uppi varð fótur og fit. Þetta þótti afar myndi að þessi frægi sjónhverfingamaður sem er alltaf að hlekkja sig á sviði skyldi ekki komast út af klósetti! En ég man líka að Elle Macpherson var afskaplega hryssingsleg við fólk og Naomi Campbell var afar óörugg.“ Ofurfyrirsæturnar voru vissulega divur að sögn Veru og létu alltaf bíða eftir sér, klukkustundum saman. „Ef þær áttu að mæta átta um morgun þá komu þær þrjú um eftirmiðdaginn. Ég eyddi öllum tímanum mínum í að bíða. Ég byrjaði að reykja á þessum tímapunkti!“

## Ævintýralegur heimur tiskunnar

Vera fór í endalaus ferðalög með Kutner þegar hún var orðin það sem kallast „first assistant“. Maður var alltaf á ferð og flugi, fór mikið til New York og í raun um allan heim til að taka myndir. Það var óneitanlega gaman að fá að upplifa það, og að fá að búa á lúxushótelum, en maður getur fengið leið á því eins og öllu. Stundum langaði mann bara til þess að fara heim til sín og borða skál af pasta með smjöri!“ Ég spyr Veru hvað sé ævintýralegasti staðurinn sem hún heimsótti á þessum tíma. „Það var án efa ítalska eyjan Stromboli. Það er alger paradís á jörð. Þar eru engir túristar og ég var að vinna þar með svo skemmtilegum hópi. Og svo er fyrsta skiptið sem ég fór til Marokkó mér minnisstætt. Mér fannst eins og ég væri stödd í Tinnabók.“

Árið 1998 hætti Vera að vinna hjá Kutner þar sem hún yldi einbeita sér að eigin ljósmyndun. „Ég hafði tekið sjálf fyrir nokkur blöð úti og fannst ég loks tilbúin til þess að hella mér út í óvissuna. Ég er nefnilega ekki svona „hornamanneskja“ eins og allir eru í þessum heimi. Maður þarf að geta stangast á við fólk, berjast til þess að ná frama. Í tiskubransanum gengur þetta allt út á hvern þú þekkir og hvernig þú selur sjálfan þig. Ég var hins vegar alltaf sannfærð um að ég hlýti að komast áfram bara á myndunum mínum. Ég er lítið fyrir að trana mér fram. Ég fékk mér umboðsmann og í gegnum hann fékk ég finar bókanir og fór að vinna hjá hinum ýmsu tiskublöðum.“

## Að finna eigin stíl

Vera hlær að því að í byrjun hafi fólki þótt myndirnar hennar of drungalegar og of dramatískar. „Ég átti svo góða æsku og stormalaust líf að ég hef kannski tekið dramatíkuna út í myndunum mínum, sem þóttu ekki nógu „commercial“. Á þessum tíma var „heroin-chic“ lúkkið alveg búið og myndir áttu að vera glaðlegar, litríkar og heilbrigðar. Ég ákvað því að taka þeirri áskorun að vinna hjá afskaplega „mainstream“ blaði, Figaro Madame, en það er helgartímarit sem fylgir dagblaðinu Le Figaro. Mér fannst þetta ekki beint skapandi og skemmtilegt en þetta var ofsalega góður skóli. Þarna tókst mér að fínpússa minn persónulega stíl og finna milliveg á milli „commercial“ og listrænna mynda. Eftir eitt og hálf ár þar hætti ég og einbeitti mér eingöngu að „freelance“ verk-



VERA PÁLSDÓTTIR LJÓSMYNDARI „Maður þarf að stangast á við fólk, berjast um að ná frama í þessum heimi.“ FBL/Valli

efnum og fór að vinna fyrir blöð eins og franska og bandaríska Elle, Glamour, Seventeen og svo slatta af svona „trend“ blöðum eins og hið þýska Style and Family Tunes. Núna hefur franska Vogue „fylgst með mér“ í þrjú ár sem þykir mikill heiður og ég vona að ég fái að spreyta mig þar í framtíðinni.“

## Vantar tiskublað á Íslandi

Nú hefur Vera kosið að vera búsett á Íslandi, að minnsta kosti í bili. „Ég kom heim í vetur með tveggja ára dóttur mína. Þegar maður eignast barn breytist aðeins forgangsröðin. Mig langar að Sóley dóttir mín geti notið þess að vera hér í hinu örugga reykviska umhverfi og læri fullkomna íslensku. Hún er komin á leikskóla og við mæðgurnar erum afar ánægðar hér.“ En hvernig líst Veru á íslensk tímarit? „Ég get ekki sagt að ég fylgist grannt með íslenskum blöðum, ég þekki aðallega þessi tímarit sem hafa alltaf komið út hérna. Eina blaðið sem mér fannst flott og öðruvísi var Núllið sem kom út fyrir löngu síðan. Hin blöðin eru bara eins og... hvað á ég að segja... einhver blöð frá litlu landi í fyrrverandi Sovétríkjunum. Það er eitthvað mjög púkalegt við þau og það skil ég ekki, því að Ísland er svo smart að öðru leyti, og þykir svo „trendí“ erlendis. Hér úir og grúir af flottum

fatahönnuðum og skemmtilegum tiskubúðum. Íslendingar hafa mikinn áhuga á tísku. Af hverju það er ekki til almennilegt tiskublað hérna skil ég ekki. Það er í raun ekki til eitt einasta tiskublað, bara blöð sem blanda tísku saman við greinar, viðtöl, pólitík og annað. Það er eins og það vanti ákveðna stefnu og konsept í þessi blöð. Ég er sannfærð um að það sé markaður fyrir alvöru tiskublað í Reykjavík. Eins finnst mér að fólk skilji ekki hvað orðið stílisti þýðir – en góður stílisti skiptir auðvitað sköpum hvort myndir heppnast eða ekki.“ Vera segist alltaf hafa jafngaman af tiskuljósmyndun. „Verkefni eru alltaf svo margbreytileg og stundum tek ég að mér verkefni fyrir framúrstefnuleg blöð sem borga ekki neitt, bara af einhverri listrænni hugsjón. Vinna mín er dálítið eins og að vera lítil stúlka í eilífum barbíleik.“ En óttast hún ekki að hún fái bráðum leið á að vera heima, og fá aftur innlokunarkennd? „Nei,nei, alls ekki.“ hlær hún. „Reykjavík hefur breyst svo mikið síðan ég bjó hérna síðast. Það er nóg að gerast og mikil gróska á öllum sviðum. En ég er enn með verkefni vestan hafs svo að ég hef nóg af tækifærum til að skreppa út.“ Og nú er Vera búin að setja aftur upp húfuna og brosir breitt þegar hún hverfur út um dyrnar í íslenska vetrarkuldanum. ■

”

Ég átti svo góða æsku og stormalaust líf að ég hef kannski tekið dramatíkuna út í myndunum mínum, sem þóttu ekki nógu „commercial“.



**Ein frægustu tiskublöð heims** Hér gefur að líta nokkrar af myndum Veru Pálsdóttur sem hún hefur tekið á farsælum ferli sínum. Frá vinstri: „Beauty“skot fyrir Ameríska Elle, myndir í þýska blaðið Style and Family Tunes, mynd fyrir franska Glamour, tiskumynd fyrir franska Elle, og mynd fyrir tímaritið Surface.





PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Verkefnastjóri

### Hagfræðingur - viðskiptafræðingur

Póst- og fjarskiptastofnun er opinber eftirlitsstofnun á sviði póst- og fjarskiptamála og starfar samkvæmt sérstökum lögum, sjá [www.pta.is](http://www.pta.is).

Óskum eftir að ráða hagfræðing og/eða viðskiptafræðing til starfa hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Verkefnastjóri mun leiða hóp er vinnur að hagfræðilegum verkefnum innan stofnunarinnar og sjálfstæðum verkefnum sem snerta fjarskiptamarkaðinn s.s. varðandi markaðsgreinina, kostnaðargreiningu, hagfræðirannsóknir, söfnun og úrvinnslu gagna auk stuðnings við störf annarra deilda stofnunarinnar.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi lokið háskólanámi í hagfræði og/eða viðskiptafræði, en framhaldsnám á því sviði er kostur. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslensku og ensku í tali og riti. Við leitum að öflugum frumkvöðli, sem hefur tamið sér öguð og skipulögð vinnubrögð og á jafnframt auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 13. apríl nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Ath. fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI.

**Guðný Harðardóttir** og **Eygló Huld Jónsdóttir** veita nánari upplýsingar. Vinsamlega sendið umsóknir og meðfylgjandi prófgögn til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is). Viðtalstími er virka daga frá kl. 13-15.



Suðurlandsbraut 6 - sími 588 3031 - [www.stra.is](http://www.stra.is)

Fagmennska í yfir 20 ár



## Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

## Framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunarinnar Sauðárkróki

### Laus er til umsóknar staða framkvæmdastjóra

Óskum eftir að ráða framkvæmdastjóra fyrir Heilbrigðisstofnunina Sauðárkróki. Framkvæmdastjóri er skipaður af heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra til fimm ára. Skipað verður í stöðuna frá og með 1. júlí 2007.

**Framkvæmdastjóri** hefur yfirumsjón með daglegum rekstri og starfsmannahaldi heilbrigðisstofnunarinnar, en undir stofnunina heyra sjúkrahús og heilsugæsla. Hann annast gerð starfs- og fjárhagsáætlana, samþæfingu þjónustubátta, gæðapróun og árangursmat, tekur þátt í langtíma stefnumörkun og vinnur að nýjungum og breytingum til hagsbóta fyrir sjúklinga auk annarra áhugaverðra verkefna

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur séu með háskólapróf í viðskiptafræði eða með sambærilegt háskólanám, en reynsla af stjórnun, fjármálaumsýslu og áætlanagerð er nauðsynleg. Áhersla er lögð á faglegan metnað, skipuleg vinnubrögð, hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og faglegan metnað til árangurs í starfi.

**Í boði er** áhugaverð stjórnunarstaða í faglegu starfsumhverfi. Laun og önnur starfskjör eru ákvörðuð af kjararáði sbr. lög nr. 47/2006 um kjararáð.

**Umsóknarfrestur** er til og með 10. apríl nk. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun hefur verið tekin.

**Guðný Harðardóttir** og **Eygló Huld Jónsdóttir** hjá STRÁ MRI ehf. veita nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl. 13-15 alla virka daga meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið umsóknir eða eigin starfsferilskrár ásamt viðeigandi prófgögnum til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is). Umsóknareyðublöð má finna á heimasíðu [www.stra.is](http://www.stra.is).



Suðurlandsbraut 6, 4. hæð - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - [www.stra.is](http://www.stra.is)

Fagmennska í yfir 20 ár



## Vélamenn

Vegna aukinna verkefna óskar Heimir og Þorgeir hf. eftir að ráða vélamenn. **Upplýsingar** veitir Geir Sæmundsson í síma 696-9936 og [geir@hogth.is](mailto:geir@hogth.is). Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins [www.hogth.is](http://www.hogth.is). Heimir og Þorgeir er ört vaxandi félag sem býður góða aðstöðu fyrir starfsmenn.

Heimir og Þorgeir ehf.  
Dugguvogi 2, 104 Reykjavík sími. 554-6464.

## Móttökuritari



Flugfélagið JetX leitar að móttökuritari og er vinnutími frá 9:00 til 17:00 virka daga.

### Menntun og hæfniskröfur:

- Lipurð í samskiptum
- Frumkvæði
- Nákvæmni og vönduð vinnubrögð
- Mjög góð enskukunnátta
- Haldgóð menntun og grunnþekking á tölum

### Starfssvið:

- Símsvörun
- Umsjón með viðveruskrá
- Umsjón með hádegisverði starfsmanna
- Innkaup (matur, ritföng o.p.h.)
- Flokkun gagna
- Undirbúningur funda og móttaka viðskiptavina
- Umsjón með póstsendingum
- Aðstoð við handbókaútgáfu
- Ýmis önnur tilfallandi störf

Um er að ræða líflegt og spennandi starf hjá flugfélagi sem er starfrækt í alþjóðlegu rekstrarumhverfi. Við leitum að áhugasömum, jákvæðum einstaklingi sem hefur ríka þjónustulund. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst og er fólk á öllum aldri hvatt til að sækja um. Umsóknir óskast sendar í tölvupósti á [info@jetx.is](mailto:info@jetx.is) eða í almennum pósti á JetX, Hlíðasmára 12, 201 Kópavogi fyrir 30. mars nk. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

JetX • Hlíðasmári 12 • 201 Kópavogur • Sími 517 6000 • Fax 517 6001



# SAMSKIP NÝ TÆKIFÆRI

Samskip hf. eru ört vaxandi flutningafyrirtæki sem býður viðskiptavinum sínum upp á alhliða flutninga og tengda þjónustu hvert sem er og hvaðan sem er í heiminum. Samskip starfrækja skrifstofur og dótturfélög beggja vegna Atlantshafsins og starfa þannig á alþjóðlegum flutningamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa nú um 1400 manns á 56 skrifstofum í 23 löndum.

Vegna aukinna verkefna leita Samskip að öflugum einstaklingum í eftirtalin störf:

## Verkfræðingur:

### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Styring á flutningatækjum með lágmarkun kostnaðar og hámarkun nýtingar að leiðarljósi
- Samantekt og úrvinnsla töluþgra upplýsinga
- Þátttaka í markmiðsáætlun og gæðastarfi fyrirtækisins

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í verkfræði eða sambærilegt nám
- Góð enskukunnátta, bæði í tali og riti
- Samstarfshæfni
- Frumkvæði
- Sveigjanleiki

## Þjónustufulltrúi í söludeild Innanlandssviðs

### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Upplýsingagjöf og þjónusta við viðskiptavini
- Móttaka og afhending sendinga
- Skráning fylgibréfa og annarra skjala
- Ábyrgð á uppgjörum og frágangur í gjaldkerabók
- Önnur verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdents- eða verslunarpóf eða sambærileg menntun
- Hagnýt reynsla af skrifstofustörfum
- Góð tölvuþekking
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í samskiptum og rík þjónustulund.
- Fágúð framkoma

## Farmskrárfulltrúar í Innflutningsdeild

### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Tekjuskráning í flutningskerfi Samskipa
- Móttaka og skil á farmskrám
- Sending tilkynninga og reikninga vegna flutningsgjalda
- Samskipti við tollaembætti
- Samskipti við erlendar skrifstofur Samskipa
- Samskipti og þjónusta við innri og ytri viðskiptavini félagsins

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun kostur en ekki skilyrði
- Reynsla af skrifstofustörfum kostur
- Almenn tölvuþekking
- Góð enskukunnátta, bæði í tali og riti
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Þjónustulund og fágúð framkoma

## Forsvarsmaður í bílaporti

### Ábyrgðar- og starfssvið:

- Umsjón með losun og lestun gáma
- Afgreiðsla bíla til viðskiptavina
- Samskipti við innri og ytri viðskiptavini
- Önnur tilfallandi verkefni í bílaporti

### Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf, verslunarpróf eða haldgóð reynsla
- Reynsla af vöruhúsastarfsemi æskileg
- Lyftarapróf kostur en ekki skilyrði
- Almenn tölvuþekking
- Þjónustulund og jákvætt viðmót

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfánardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfín á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## Framkvæmdastjóri upplýsingatækniferla

Almennar kröfur sem gerðar eru til allra starfsmanna:

- Færni í mannlegum samskiptum
- Vilji til að starfa í teyrum með jafningjum
- Jákvæðni og virðing fyrir öðrum
- Vilji til að leita stöðugra endurbóta
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vilji til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Hægt er að sækja um störfín á [www.alcoa.is](http://www.alcoa.is) og hjá Sigurlaugu Þorsteinsdóttur (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) og Helgu Snædal (helga.snaedal@capacent.is) hjá Capacent í síma 540 1000.

Einnig er hægt að fá aðstoð hjá Svæðisvinnumiðlun Austurlands.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að sinna fjölbreyttum störfum hjá Alcoa Fjarðaáli. Samstarf, hópvinna og valddreifing eru lykilatriði. Mikil áhersla lögð á stöðugar endurbætur og vaxandi hæfni og ábyrgð starfsmanna.

### Ábyrgðarsvið:

- Leiða upplýsingatækniferla Alcoa Fjarðaáls, innleiðingu og þróun hugbúnaðar tengdan framleiðslu og rekstri fyrirtækisins.
- Stýra samskiptum og samstarfi við upplýsingatækniþjónustu Alcoa Inc. og þau svið móðurfélagsins sem sinna þróun upplýsingatækniþjónu, ásamt þátttöku í tækniteymum innan Alcoa samsteypunnar.
- Hafa yfirumsjón með greiningu og lausn málefna á sviði upplýsingatækni innan Alcoa Fjarðaáls og veita faglega ráðgjöf við lausn þeirra.
- Leiða og efla eigið starfsmannateymi til að ná framúrskarandi árangri samkvæmt þeim markmiðum sem sett eru og til samræmis við gildi fyrirtækisins, stefnu og verklagsreglur.
- Ábyrgð á gerð og framkvæmd áætlana á eigin starfssviði.
- Leiða þróun upplýsingatækniferla Alcoa Fjarðaáls og stöðugar endurbætur.
- Þátttaka í störfum framkvæmdastjórnar og aðstoð við þróun þjálfunaráætlana fyrir nýja starfsmenn.
- Virk þátttaka í mótun og framkvæmd framtíðarsýnar og stefnu fyrirtækisins, einnig markmiðasetningu.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða tæknifræði, meistaraþráða æskileg.
- Reynsla af stjórnun í tæknifyrirtæki eða tæknideild.
- Reynsla af breytingastjórnun.
- Hæfni til greina og leysa vandamál.
- Reynsla af uppbyggingu og eflingu starfsfólks og liðsheildar.
- Góð þekking á íslensku viðskiptalífi.
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í rit- og talmáli, sem og hæfni til tjáningar.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Vinnustaður er í álveri Alcoa Fjarðaáls á Reyðarfirði.

### Störfín henta jafnt konum sem körlum

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um störfín hjá Alcoa Fjarðaáli. Starfsumhverfi er hannað þannig að öll störfín henta jafnt báðum kynjum og stefnt er að góðri aldursdreifingu starfsmanna.



Búðareyri 3  
730 Reyðarfjörður  
Sími 470 7700  
[www.alcoa.is](http://www.alcoa.is)

**Alcoa Fjarðaál**





# NÝTT TÁKN-MARGFÖLD REYNSLA

## TERIS

### Viðskiptastjóri - Svið - Viðskiptaþjónusta og markaðsmál

Starfið felst í fjölbreyttri ráðgjöf til viðskiptavina varðandi upplýsingatækni, þarfagreiningu verkefna, markaðssetningu á þjónustu Teris sem og öðrum verkefnum. Viðskiptastjóri sinnir verkefnastjórn og gætir hagsmuna viðskiptavina innan Teris. Við leitum að aðila sem hefur háskólamenntun á sviði upplýsingatækni, verkfræði eða viðskiptafræði. Þekking og reynsla af almennri starfsemi fjármálafyrirtækja er æskileg. Góð almenn tölvkunnátta er skilyrði sem og reynsla af verkefnastjórnun. Gerð er krafa um góða íslenskukunnáttu, góð enskukunnáttu er æskileg. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og hugmyndaríkur í starfi og eiga gott með samstarf.

### Starfsmaður notendabjónustu - Svið - Notenda- og rekstraþjónusta

Starfsmenn notendabjónustu veita almenna þjónustu við notkun kerfa, sinna ráðgjöf og greiningu. Einnig taka þeir þátt í viðmóts- og viðtökuprófunum kerfa, innleiðingu á nýjum hugbúnaði, sinna námskeiðahaldi og handbókargerð. Gerð er krafa um góða almenna menntun sem nýttist í starfi, háskólapróf er ekki skilyrði. Þekking og reynsla af almennri starfsemi fjármálafyrirtækja er æskileg. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður í starfi og hafa mikla þjónustulund. Gerð er krafa um góða íslenskukunnáttu. Mikilvægir eiginleikar eru þolinmæði, hæfni til ákvarðanatöku og hæfni til að miðla þekkingu.

### Starfsmaður í kerfisrekstur - Svið - Notenda- og rekstraþjónusta

Starfið felst í fyrirbyggjandi eftirliti og viðhaldi með kerfum Teris. Starfið felur í sér eftirlit með gagnagrunnum (Oracle og MS SQL), vefkerfum, grunnvinnslum, afritun, netþjónum, gagnasendingum og com+ hlutasöfnum, svo eitthvað sé nefnt. Við leitum að aðila með góða grunnþekkingu á Microsoft tölvuumhverfi. Jafnframt er þekking og reynsla að vinna með IIS æskileg. Reynsla að vinna með scriptur og hafa góða þekkingu á þeim (VBS, JS, BAT). Grunnþekking á gagnagrunnum og SQL fyrirspurnamáli er nauðsynleg. Þá er góð þekking á UNIX/Linux kostur, æskilegt er að viðkomandi hafi viðurkenndar gráður. Gerð er krafa um samviskusemi og stundvísi. Aðilinn þarf að vera skipulagður, sjálfstæður og tilbúinn að læra og vaxa í starfi. Einnig þarf hann að vera tilbúinn að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni sem hann getur haft mikil áhrif á. Mikill kostur er að hafa Microsoft menntun s.s. MCSA/MCSE/MCP.

### Vettvangs og tækniþjónusta - Svið - Notenda- og rekstraþjónusta

Starfið felst m.a. í uppsetningum á nýjum tölvum fyrir viðskiptavinum, bilanagreiningu og öðrum vandamálum tengdum útstöðvum. Starfið felur einnig í sér vinnu úr verkbeiðnum varðandi tæknileg vandamál og lagfæringar þeirra sem og reglulegri viðveru hjá viðskiptavinum þar sem vandamál eru leyst og unnið er að fyrirbyggjandi viðhaldi. Við leitum að aðila sem þekkir og er vanur að vinna með Microsoft-lausrir (Windows XP/Vista, Office, samþættingu kerfa og virkni þeirra). Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á vélbúnaði – bæði tölvum og jaðarlutum (prentarar, skrifplötur og fleira). Gerð er krafa um samviskusemi og stundvísi. Þá er rík þjónustulund krafa. Æskilegt að hafa reynslu, þekkingu og getu til að vinna sjálfstætt og/eða í hópi. Viðkomandi þarf að vera skipulagður og að hafa tamið sér öguð og vönduð vinnubrögð. Vera tilbúinn að leggja mikið á sig og læra nýja hluti til að vaxa og dafna í starfi. Mikill kostur er að hafa Microsoft menntun s.s. MCSA/MCSE/MCP.

### Rekstur gagnagrunna (DBA) - Svið - Notenda- og rekstraþjónusta

Við leitum að liðsauka í gagnagrunnshóp fyrirtækisins. Fyrirtækið rekur eitt af stærri og flóknari gagnagrunnskerfum landsins. Við leitum að starfsmanni sem hefur reynslu og þekkingu af MS SQL eða Oracle gagnagrunnum. Æskileg menntun er á sviði tölvunar-, kerfis- eða verkfræði. Gerð er krafa um samviskusemi og stundvísi. Viðkomandi þarf að búa yfir ríkri þjónustulund og geta unnið sjálfstætt og/eða í hópi. Einnig þarf viðkomandi að vera skipulagður og hafa tamið sér öguð og vönduð vinnubrögð. Vera tilbúinn að leggja mikið á sig og læra nýja hluti til að vaxa og dafna í starfi. Oracle og/eða Microsoft gráður kostur.

### Forstöðumaður Viðskiptatengsla og sjálfsafgreiðslu - Svið - Viðskiptabankalausrir

Starf hans felst í mótun vöruframboðs og samþættingu lausna á sviði sjálfsafgreiðslu, veflausna, viðskiptamanna- og sölulausna. Viðkomandi starfsmaður mun vinna náið með vörustjórum þjónustulausna og sjá um sölu- og kynningarmál ásamt ráðgjöf varðandi upplýsingatækni. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði verkfræði, viðskiptafræði eða upplýsingatækni. Þekking og reynsla af starfsemi fjármálafyrirtækja er æskileg ásamt reynslu af stjórnun. Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði sem og reynsla af verkefnastjórnun. Gerð er krafa um góða íslenskukunnáttu, góð enskukunnáttu er æskileg. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og hugmyndaríkur í starfi.

### Vöru- og verkefnastjóri - Svið - Fjárfestingabankalausrir

Leitað er að starfsmanni til að hafa yfirumsjón með lausnum á sviði markaðsviðskipta, fjár- og áhættustýringar eða einkabankabjónustu. Helstu verkefni eru vöruþróun, verkefnastjórnun, þarfagreiningar og sölu- og kynningarmál. Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, verkfræði eða upplýsingatækni. Þekking og reynsla af starfsemi verðbréfafyrirtækja eða fjárfestingabanka er æskileg. Góð almenn tölvukunnátta er skilyrði sem og reynsla af verkefnastjórnun. Gerð er krafa um góða íslenskukunnáttu, góð enskukunnáttu er æskileg. Viðkomandi þarf að vera sjálfstæður og hugmyndaríkur í starfi og tilbúinn að takast á við spennandi verkefni á ört vaxandi sviði fjármála.

### Gagnagrunnsérfræðingur - Svið - Þróun

Starfið felst í þróun lausna á sviði viðskiptagreindar. Helstu verkefni eru uppbygging á vöruhúsi gagna og lausnum því tengdu. Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingi á sviði tölvunar-, verk-, viðskipta- eða hagfræði. Gerð er krafa um góða tölvuþekkingu, reynslu af skýrslugerð og úrvinnslu gagna, helst úr fjármálageiranum. Mikill kostur er ef viðkomandi hefur þekkingu á gagnagrunnum, t.d. Oracle, á hreinsunartólum, t.d. Oracle Warehouse Builder, og á starfsemi fjármálastofnana. Leitað er að drifandi einstaklingi sem á gott með að vinna sjálfstætt sem og í hópi.

### Hugbúnaðarsérfræðingur - Svið - Þróun

Starfið felst í þróun og innleiðingu á lausnum tengdum fjárfestingabankastarfsemi. Helstu verkefni eru tengd innleiðingu, forritun og samþættingu lausna á fjárfestingar- og verðbréfasviði. Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingi á sviði tölvunar- eða kerfisfræði og viðbótarnám eða reynsla tengd viðskiptafræði er mikill kostur. Framundan eru krefjandi verkefni við uppbyggingu heilstæðra lausna sem gera kröfu um drifandi einstaklinga með mikinn metnað í þróun á nýrri þjónustu.

### Hugbúnaðarsérfræðingur - Svið - Þróun

Teris leggur metnað í að bæta við sig nýju fólki með nýjar hugmyndir. Við erum því alltaf að leita að fólki sem er að ljúka háskólamenntun á sviði tölvunar- eða kerfisfræði. Framundan eru mörg krefjandi verkefni við þróun og samþættingu lausna í umhverfi sem gerir kröfu um beitingu nýjustu tækni á hverjum tíma.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfín á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Teris er framsækið upplýsingatækniyrirtæki og leiðandi í þjónustu við fyrirtæki á fjármálamarkaði. Við kappkostum að veita viðskiptavinum okkar heildarlausnir og vera upplýsingatækni svið þeirra. Meðal viðskiptavina Teris eru sparísjóðirnir, bankar og önnur fjármálafyrirtæki á Íslandi. Fyrirtækið er vottað samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO/IEC 27001:2005 um stjórnun upplýsingaöryggis.

Forveri Teris, Tölvumiðstöð sparísjóðanna, var stofnuð í mars 1989. Í mars 2007 var nafni fyrirtækisins breytt í Teris og sama mánuð fór starfsmannafjöldinn yfir 100. Fyrirtækið er á meðal stærstu upplýsingatækniyrirtækja landsins. Teris er þekkingarfyrirtæki og starfsmenn því mikilvægasta auðlindin. Ánægja og vellíðan starfsmanna er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi. Aðbúnaður starfsmanna er mjög góður og fyrirtækið býður uppá sveigjanleika þar sem því er við komið. Sjá nánar um fyrirtækið á vefslóðinni: [www.teris.is](http://www.teris.is)





Á Seltjarnarnesi stunda um 650 grunnskólanemendur nám. Seltjarnarnesbær er traust og framsýnt bæjarfélag þar sem lífsgæðum og heill fjölskyldunnar er skipað í öndvegi. Umhverfi sem íbúar geta verið stoltir af, góð menntun barna og efling íþróttar og heilsu eru áherslupættir sem setja fjölskylduna í brennidepil.

## AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRAR

Seltjarnarnesbær óskar eftir að ráða tvo öfluga aðstoðarskólastjóra við Grunnskóla Seltjarnarness. Leitað er að hæfileikaríkum stjórnendum sem gegna munu lykilstöðum í stjórnunarteymi skólans.

### Aðstoðarskólastjórar munu í samvinnu við skólastjóra:

- Stjórna daglegri starfsemi og rekstri skólans
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda og heimila
- Taka þátt í stefnumótun um rekstur og faglegar áherslur skólans

### Leitað er að stjórnendum með:

- Háskólamenntun, framhaldsmenntun æskileg
- Kennsluréttindi á grunnskólastigi
- Þekkingu á starfi grunnskóla, reynsla af stjórnun starfsmanna kostur

Leitað er að stjórnendum í mjög áhugaverð og spennandi störf. Viðkomandi þurfa að vera gæddir ríkum samskiptahæfileikum, röggssamir, skipulagðir og sjálfstæðir í vinnubrögðum.

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfina á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Flugstöðir ohf. er opinbert hlutafélag sem tók yfir þjónustuverkefni Flugmálastjórnar Íslands þann 1. janúar 2007. Hjá Flugstöðum ohf. starfa um 230 starfsmenn. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvallar og veita flugumferðar – og flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug og alþjóðlegt flug yfir Norður – Atlantshafi. Flugstöðir ohf. leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

## RITARI / AÐSTOÐARMAÐUR FORSTJÓRA

Flugstöðir ohf. óska eftir að ráða drífandi einstakling í starf ritara/aðstoðarmanns forstjóra.

### Starfssvið

- móttaka viðskiptavina og símaavarsla á skrifstofu forstjóra
- Skýrslugerð og skráningarvinna
- Aðstoð við forstjóra vegna ýmissa verkefna
- Aðstoð við innlenda og erlenda gesti og hópa á vegum fyrirtækisins
- Umsjón með fundum og fundarherbergjum
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Mjög góð ensku- og tölvukunnátta, kunnátta í Norðurlandamálum mikill kostur
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Nákvæmni í starfi og skipulagshæfileikar
- Hæfni til þess að vinna undir álagi
- Góð almenn menntun

Við leitum að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að vera töluglögur og eiga auðvelt með að vinna undir álagi. Hann þarf einnig að vera skipulagður í verkum sínum og vera áhugasamur um störf sín.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

### Vélvirkjar-Vélstjórar

Vegna aukinna umsvifa í starfsemi okkar óskum við eftir duglegum og kraftmiklum vélvirkjum eða vélstjórum til starfa sem fyrst í skemmtileg og fjölbreytt störf. Góð laun eru í boði.

#### Starfssvið:

- Viðgerðarþjónusta á vélbúnaði um borð í skipum, bátum og vinnuvélum.
- Vinna á verkstæði
- Ýmis verkefni tengd rafmagni á vélbúnaði

#### Hæfniskröfur:

- Þekking á dísilvélum og framdriftsgírur
- Gott vald á ensku í rituðu og töluðu máli æskilegt
- Þekking á rafmagnsbúnaði dísilvéla æskileg
- Geta unnið sjálfstætt

Áhugasamir sendi umsóknir með upplýsingum um menntun og fyrri störf á netfangið kristjang@rs.is, umsóknarfrestur er til 3. apríl.

Nánari upplýsingar veitir Kristján Guðmundsson í síma 843-4426.



**R. SIGMUNDSSON**

Fiskislóð 16 og Ánanaust 1  
101 Reykjavík  
Sími 520-0000  
[www.rs.is](http://www.rs.is)

## Veitingasala - landsbyggðin

564872

Veitingastaður sem er staðsettur tæpa 200 kílómetra frá Reykjavík óskar eftir að ráða til sín starfsmann í matseld og almenna afgreiðslu.



Í starfinu felst að elda og framreiða skyndibitafæði auk þess að halda staðnum hreinum. Yfir vetrartímann er viðkomandi í veitingasölu og ber ábyrgð á eldamennsku, afgreiðslu og þrifum. Yfir sumartímann eru fleiri sem skipta með sér verkum. Vinnutími er alla virka daga frá kl. 09:00-20:00.



Leitað er að traustum, heiðarlegum, snyrtilegum og sveigjanlegum einstaklingi sem hefur gaman af að vinna við matseld.

Skráning og upplýsingar á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)

Vinna.is  
Sími 511-1144  
[www.vinna.is](http://www.vinna.is)

**vinna.is**  
ATVINNUMIÖLUN





## MÁLM- EÐA RAFIÐNAÐAR- MAÐUR BORGARNESI

Staða málm- eða rafiðnaðarmanns hjá vélaverkstæði Vegagerðarinnar í Borgarnesi er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

### Starfssvið

- Vinna við viðhald bifreiða og véla
- Ýmis tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Sveinspróf í málm- eða rafiðn
- Reynsla af bíla- og vélaviðgerðum æskileg
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## LÖGFRÆÐINGUR

Staða lögfræðings hjá lögfræðideild Vegagerðarinnar í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Stéttarfélags lögfræðinga.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

### Starfssvið

- Ráðgjöf og aðstoð við gerð samninga við landeigendur
- Afgreiðsla bótakrafna
- Önnur lögfræðileg ráðgjöf er tengist starfsemi Vegagerðarinnar

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í lögfræði
- Æskileg reynsla af samningagerð
- Æskileg þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## VÉLAMADUR PATREKSFIRÐI

Staða vélamanns hjá þjónustustöð Vegagerðarinnar á Patreksfirði er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og Starfsgreinasambands Íslands.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

### Starfssvið

- Stjórn bifreiða og vinnuvéla
- Almenn verkamannastörf
- Ýmis verkefni sem tengjast viðhaldi bifreiða og véla

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Réttindi til að aka bifreið sem er meira en 3.500 kg að heildarþyngd
- Réttindi til að stjórna vinnuvélum
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurlaug Þorsteinsdóttir (sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 10. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## AÐALBÓKARI

Te & Kaffi er traust og framsækið fyrirtæki þar sem lögð er áhersla á heiðarleika, reglusemi, frumkvæði og árangur. Við óskum eftir að ráða aðalbókara til starfa.

Te & Kaffi var stofnað í apríl 1984 og var fyrsta íslenska fyrirtækið til að sérhæfa sig í framleiðslu og sölu á fersku sælkerakaffi (speciality coffee) og laufte í lausavigt. Te & Kaffi rekur kaffibrennslu í Hafnarfirði, heildverslun og sérverslanir og vinnur að sérsniðnum kaffilausnum til fyrirtækja í samstarfi við fyrirtækjasvið Pennans. Te & Kaffi skólinn annast þjálfun fagfólks auk þess að bjóða einstaklingum og starfsfólki fyrirtækja námskeið og fræðslu.

### Starfssvið

- Ábyrgð á bókhaldi fyrirtækisins
- Færslur og afstemmingar bókhalds
- Launabókhald
- Undirbúningur bókhalds til endurskoðanda
- Útsending greiðsluseðla
- Önnur tilfallandi verkefni

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð reynsla og þekking á bókhaldi
- Góð almenn tölvukunnátta
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði og drifkraftur

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Arnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Te & Kaffi ehf., Stapahrauni 4, 220 Hafnarfjörður, sími 555 1910, [www.teogkaffi.is](http://www.teogkaffi.is)  
Sérverslanir: Laugavegur 27, Kringlan, Suðurver, Smáralind.



# Verslunarstjóri á Laugarvatni

## Samkaup

Samkaup hf. rekur 38 verslanir undir merkjum Samkaup úrval, Samkaup strax, Kaskó og Nettó og eru þær víða um landið.

Hjá Samkaupum hf. starfa í dag 750 manns og margir með langan starfsaldur. Frekari upplýsingar má finna á heimasíðu. [www.samkaup.is](http://www.samkaup.is)

## Samkaup óska eftir að ráða verslunarstjóra í ferðþjónustuverzlun á Laugarvatni.

### Starfssvið

- Ábyrgð á rekstri verslunar
- Dagleg stjórnun
- Starfsmannahald
- Samskipti við viðskiptavini
- Birgðahald og önnur tilfallandi störf

### Menntun og hæfniskröfur

- Góð almenn grunnenntun
- Reynsla af verslunarstörfum
- Reynsla af stjórnun og rekstri
- Góðir skipulagshæfileikar
- Reynsla af starfsmannahaldi
- Rík þjónustulund

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi, samstarfsfúsum og sjálfstæðum.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 31. mars nk. Númer starfs er 6454.

Upplýsingar veita Þórir Þorvarðarson og Arna Pálsdóttir. Netföng: [thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is) og [arna@hagvangur.is](mailto:arna@hagvangur.is)

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

# Starfspjálfun

Próunarsamvinnustofnun Íslands auglýsir eftir ungu háskólaþingi sem hefur áhuga á fimm mánaða starfspjálfun í tengslum við verkefni á sviði próunarsamvinnu í samstarfslöndum stofnunarinnar. Starfstími er frá 1. júlí til 1. desember.



Próunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við próunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lókust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.


[www.iceida.is](http://www.iceida.is)

### Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa lokið grunnámi í háskóla (BA, BSc eða sambærilegu) og ekki vera eldri en 32 ára að aldri. Mjög góð enskukunnátta er skilyrði, svo og góð tölvukunnátta, sjálfstæð vinnubrögð, þolinmæði og lipurð í mannlegum samskiptum. Þekking á þróunarmálum og þróunarstörfum sem og menningu þróunarlanda er ákjósanleg.

### Helstu viðfangsefni

- **Í Namíbíu:** Aðstoð við undirbúning, eftirlit og framkvæmd félagslegra verkefna PSSÍ í landinu, einkum á sviði leikskóla- og/eða fullorðinsfræðslu, auk aðstoðar við umsýslu- og skrifstofustörf. Leitað er að umsækjanda með menntun í félagsvísindum eða á sviði kennslu- og fræðslumála. Starfið getur falið í sér ferðalög við erfið skilyrði.
- **Í Malaví:** Starf við rannsókn (cluster study) sem nýst gæti mörgum verkefnum PSSÍ í Malaví, þó einkum heilbrigðisverkefnum, auk aðstoðar við umsýslu- og skrifstofustörf. Leitað er að umsækjanda með menntun í heilbrigðis- eða félagsvísindum, með þekkingu á aðferðafræði rannsókna og lýðheilsu. Starfið felur í sér búsetu í dreifbýli við erfið skilyrði.
- **Í Mósambík:** Aðstoð við undirbúning, upplýsingaöflun og kynningarstarf í verkefnum stofnunarinnar í landinu, en þau eru m.a. á sviði fiskimála og sjómannamenntunar, fullorðinsfræðslu og félagslegra verkefna. Leitað er að umsækjanda með menntun í félagsvísindum eða á sviði kennslu- og fræðslumála. Kunnátta í portúgölsku er æskileg. Starfið getur falið í sér ferðalög við erfið skilyrði.
- **Í Níkaragva:** Aðstoð við undirbúning, eftirlit og framkvæmd félagslegra verkefna PSSÍ í landinu auk annarra tilfallandi verkefna, þ.á m. almenn skrifstofu- og umsýslustörf. Leitað er að umsækjanda með bakgrunn í félagsvísindum og/eða mennta- eða lýðheilsuáttum. Spænskukunnátta er nauðsynleg. Starfið getur falið í sér ferðalög til afskekkt hluta Níkaragva.
- **Í Úganda:** Aðstoð innan Kalangala byggðapróunarverkefnis undir handleiðslu verkefnisstjóra PSSÍ. Upplýsingaöflun og undirbúningur varðandi HIV-stefnu héraðsins og ýmis önnur tilfallandi verkefni. Leitað er að umsækjanda með menntun í félags- eða heilbrigðisvísindum. Starfið felur í sér búsetu í dreifbýli og ferðalög við erfið skilyrði.



Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 25. apríl nk.

Aðrar upplýsingar um starfið veita Albert Arnarsson og Elísabet Sverrisdóttir ráðgjafar hjá Hagvangi. Netföng: [albert@hagvangur.is](mailto:albert@hagvangur.is) og [elisabet@hagvangur.is](mailto:elisabet@hagvangur.is)

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

0 1 2 3 4 5 6 7 8 9 10 11 12 13 14 15 16 17 18 19 20 21 22 23 24 25



Láttu okkur mæla með **pér!**

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

SKÓGARHLÍÐ 12 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 520 4700 • [WWW.HAGVANGUR.IS](http://WWW.HAGVANGUR.IS)



# OPIN KERFI

SAMVINNA = ÁRANGUR

OK.IS

## Spennandi störf hjá framsæknu fyrirtæki

Opin kerfi eru leiðandi fyrirtæki í upplýsingatækni á Íslandi. Fyrirtækið sérhæfir sig í sölu tölvu- og samskiptabúnaðar, auk ráðgjafar og jónustu. Opin kerfi eru umboðs- og jónustuaðili Hewlett Packard á Íslandi. Opin kerfi eru Microsoft Gold Partner og eru einn stærsti sölu- og jónustuaðili Microsoft á Íslandi. Þá er fyrirtækið leiðandi í Linux / Unix og samskiptalausnum.

Hjá Opnum kerfum starfar landslið sérfræðinga í upplýsingatækni sem leiðbeina viðskiptavinum við val á vöru og jónustu til að tryggja að hagkvæmasta og besta lausnin sé valin hverju sinni.

Opin kerfi leggja ríka áherslu á ánægju starfsmanna og mælist starfsánægjan með ví allra hæsta á landinu.

Opin kerfi eru fjölskylduvænt fyrirtæki sem býður upp á sveigjanlegan vinnutíma, virka endurmenntunarstefnu, símenntun í starfi og fjölbreytt og krefjandi verkefni í lífandi og skemmtilegu umhverfi. Þá bjóðast margvísleg tækifæri til starfs rónunar. Starfsmenn Opinna kerfa eru ríflega 100 talsins.

Leiðarljós Opinna kerfa er að samvinna skilar árangri.

### Sérfræðingur á sviði net- og samskiptalausna

#### Starfslýsing

Ráðgjöf, hönnun, jónusta og rekstur á netbúnaði, símkörfum og tengdum lausnum. Samskipti við fjarskiptabirgja, samstarfsaðila og viðskiptavini.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Tæknimenntun er æskileg og háskólamenntun kostur.
- Reynsla af rekstri símkörfa og IP-netkerfa er kostur.
- Góð almenn stýrikerfis ekking (Linux og/eða Windows).
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og lipurð í samskiptum.

Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Guðjónsson hjá Opnum kerfum, gunnarg@ok.is.

### Tæknimaður á verkstæði

#### Starfslýsing

Uppsetning, jónusta og viðgerðir á tölvubúnaði.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Þekking og reynsla af tæknistörfum.
- Áhugi á tölvutækni.
- Sjálfstæði og lipurð í samskiptum.
- Þjónustulund, vandvirkni og reglusemi.
- Menntun á sviði rafeindavirkjunar eða sambærileg menntun er kostur.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð og lipurð í samskiptum.

Upplýsingar um starfið veitir Helgi S. Sigurðsson hjá Opnum kerfum, helgis@ok.is.

### Viðskiptastjóri

#### Starfslýsing

Við leitum að einstaklingi sem er tilbúinn að ganga til liðs við öflugan hóp viðskiptastjóra. Um er að ræða ráðgjöf og sölu á upplýsingatæknilausnum.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta-, verk-, eða tölvunarfræði er æskileg.
- Þekking á upplýsingatækni.
- Áhugi á sölumennsku.
- Reynsla í ráðgjöf og sölu er æskileg.
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð.
- Metnaður til að ná árangri í starfi.
- Þjónustulund.

Upplýsingar um starfið veitir Halldóra Matthíasdóttir hjá Opnum kerfum, halldora@ok.is.

### Ráðgjafar og verkefnastjórar á sviði Microsoft-lausna

#### Starfslýsing

Greining, ráðgjöf og verkefnastjórn í sam ættingu upplýsingakerfa. Innleiðing hugbúnaðarlausna og samskipti við viðskiptavini.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum.
- Minnst 2ja ára reynsla af greiningarvinnu og hugbúnaðargerð.
- Þekking á Microsoft .NET umhverfinu.
- Sjálfstæði, ábyrgð og skipulögð vinnubrögð.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Upplýsingar um starfið veitir Árni Þór Jónsson hjá Opnum kerfum, arnithor@ok.is.

### Hugbúnaðarsérfræðingur á sviði Microsoft-lausna

#### Starfslýsing

Greining, hönnun og útfærsla hugbúnaðarlausna í Microsoft .NET umhverfinu. Sam ætting upplýsingakerfa. Gagnavinnsla og útfærsla verkferla.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum.
- Þekking á greiningarvinnu og hugbúnaðargerð.
- Þekking á Microsoft .NET umhverfinu.
- Sjálfstæði, ábyrgð og skipulögð vinnubrögð.
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Upplýsingar um starfið veitir Árni Þór Jónsson hjá Opnum kerfum, arnithor@ok.is.

### Sérfræðingur í afritunarlausnum

#### Starfslýsing


Ráðgjöf og stjórnun verkefna varðandi afritun og endurheimtingu gagna. Þjónusta og rekstur afritunarstöðva og hugbúnaðar (Openview Data Protector) í margbreytilegu umhverfi ar sem öryggi og áreiðanleg vinnubrögð er skilyrði.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum.
- Starfsreynsla er æskileg.
- Mjög góð stýrikerfis- og gagnagrunns ekking.
- Mjög góð ekking á vistun og meðhöndlun gagna, s.s. diskakerfum og gagnanetum.
- Skipulögð, sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

Upplýsingar um starfið veitir Gunnar Guðjónsson hjá Opnum kerfum, gunnarg@ok.is.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 2. apríl nk. 





# Rafport

## Sölumaður og lagermaður óskast

Rafport ehf óskar að ráða sölumann og lagermann til framtíðarstarfa í heildverslun sinni að Nýbýlavegi 14, Kópavogi.

Um er að ræða spennandi störf í ört vaxandi fyrirtæki á sviði raflagnaefnis og húsnæðisráðgjafar, og þarf viðkomandi að geta unnið sjálfstætt og vera skipulagður í vinnubrögðum. Menntun og reynsla í rafvirkjun / rafeindafræði eða öðrum sambærilegum greinum er nauðsyn hjá sölumanni.

Umsóknir þar sem fram koma menntun og reynsla leggjast inn hjá Rafport ehf, Nýbýlavegi 14, eða sendist í tölvupósti til Jóns Þórs [jonthor@rafport.is](mailto:jonthor@rafport.is), en hann veitir einnig nánari upplýsingar um starfið.

## Hvolsskóli á Hvolsvelli auglýsir eftir kennurum næsta skólaár.

Meðal kennslugreina er:

- bekkjarkennsla
- íslenska
- smíðar
- sérkennsla

*Í Hvolsskóla eru um 250 nemendur í 1. til 10. bekk og er öll aðstaða mjög góð. Húsnæði í boði fyrir nýja kennara á góðum kjörum. Kjörið tækifæri fyrir kennara sem eru opnir fyrir nýjungum og metnaðarfullu skólastarfi.*

Sjá nánar á heimasíðu Hvolsskóla <http://hvolsskoli.ismennt.is/> og heimasíðu Rangárbings eystra [www.hvolsvollur.is](http://www.hvolsvollur.is) netpóstur hjá skólastjóra er [unnar@ismennt.is](mailto:unnar@ismennt.is)

Nánari upplýsingar gefur skólastjóri í sínum 488-4142 og 898-8408. Skriflegar umsóknir sendist til skólastjóra Hvolsskóla fyrir 20. apríl 2007.

# HAR s mink

## Góður stóll óskar eftir húsbónda!

Vel staðsett hárgreiðslustofa með góða umsetningu er að breyta rekstrarformi og auglýsir því stóla til leigu fyrir áhugasama fagmenn með mikinn metnað. Góður starfsandi og góð aðstaða í boði.

## Kynningar og sölumaður óskast í hópinn okkar.

Heildsölufyrirtæki í örum vexti óskar eftir drifmiklum sölumanni á hársnyrti og snyrtivörum. Áhugi, fagmennska og þekking á þessu sviði skilyrði. Þarf að geta starfað sjálfstætt. Sveigjanlegur vinnutími. Nánari upplýsingar veitir rekstrarstjóri í síma: 897-2316



[www.lyfja.is](http://www.lyfja.is)

## Lyfjafræðingar – spennandi tækifæri



### Lyfsöluleyfishafar í Lyfju Neskaupstað og Borgarnesi

Óskum eftir lyfsöluleyfishöfum í Lyfju Neskaupstað og Lyfju Borgarnesi. Í störfunum felst m.a. að bera faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar, annast daglegan rekstur og umsýslu og sjá til þess að unnið sé samkvæmt lögum og reglugerðum um lyfsöluleyfi. Undir Lyfju Neskaupstað eru lyfjaútibú á Eskifirði og Reyðarfirði. Undir Lyfju Borgarnesi eru lyfjaútibú í Stykkishólmi, Grundarfirði og Búðardal.

Um er að ræða spennandi störf og tækifæri fyrir metnaðarfulla lyfjafræðinga. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf í júlí/ágúst 2007. Í boði er flutningsstyrkur, niðurgreitt húsnæði, samkeppnishæf laun og skemmtilegir vinnustaðir í vaxandi bæjarfélögum. Til greina kemur að ráða í störfin tímabundið í 2-5 ár.

**Hæfniskröfur:** Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi. Stjórnunarhæfileikar, rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

### Lyfjafræðingur í Lyfju Keflavík

Óskum eftir lyfjafræðingi til starfa í Lyfju Keflavík. Lyfjafræðingur annast m.a. ýmsa umsýslu í kring um lyf og lausasöluleyfi, afgreiðsu lyfseðla auk þess sem hann veitir viðskiptavinum og starfsfólki faglega ráðgjöf. Í boði er spennandi starf, skemmtilegur vinnustaður, gott vinnuumhverfi, samkeppnishæf laun og möguleiki á ýmsum sérverkefnum. **Viðkomandi þarf að geta hafið störf í júní/júlí 2007**

**Hæfniskröfur:** Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi. Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Skipulögð vinnubrögð, metnaður og geta til að vinna undir álagi.

### Lyfjafræðingar – tímabundin störf

Vegna aukinna umsvifa getum við bætt lyfjafræðingum við okkar metnaðarfulla starfsmannahóp í tímabundin verkefni í sumar. Um er að ræða afleysingar í apótekum Lyfju á landsbyggðinni sem geta verið allt frá viku til lengri tíma. Spennandi tækifæri fyrir lyfjafræðinga sem vilja hverfa frá amstri hversdagsins og breyta til í sumar. Ýmsir möguleikar í boði.

**Hæfniskröfur:** Háskólapróf í lyfjafræði, gilt starfsleyfi og reynsla úr apóteki. Metnaður, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.

**Nánari upplýsingar veitir Þorgerður Þráinsdóttir, starfsmannastjóri, í síma 530 3800, [thorgerdur@lyfja.is](mailto:thorgerdur@lyfja.is). Umsóknir sendist starfsmannastjóra á netfangið [thorgerdur@lyfja.is](mailto:thorgerdur@lyfja.is)**

Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Við leitum að sjálfstæðum, skipulögðum og metnaðarfullum lyfjafræðingum sem hafa áhuga á að ganga til liðs við spennandi og framsækið fyrirtæki.

Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og velliðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsuþjónu víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmum til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.



## KÓPAVOGSBÆR

### Frá Vatnsendaskóla

Vatnsendaskóli í Kópavogi er nýr grunnskóli sem tók til starfa haustið 2005. Næsta skólaár 2007-2008 verða nemendur í 1.- 9. bekk í skólanum. Í skólastarfinu er lögð sérstök áhersla á náttúrufræði og raungreinar, fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám. Kennarateymi vinna saman að skipulagningu kennslu og útfærslu námskrár. Skólinn er staðsettur í hlið sem hallar að Elliðavatni, einni helstu náttúruperlu höfuðborgarsvæðisins. Útikennsla, umhverfismennt, rannsóknarvinna og vettvangsnám eru mikilvægir þættir í skólastarfinu og er umhverfið kringum skólann kjörinn vettvangur fyrir slíka vinnu. Virðing, vinátta, samvinna og sköpun eru einkunnarorð skólans.

### Okkur vantar til liðs við okkur á næsta skólaári 2007-2008

- **Aðstoðarskólastjóra í fullt starf.** Menntunar- og færniskröfur: Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og menntunarfræða eða þróunar í skólastarfi. Reynsla af stjórnun æskileg. Lipurð í mannlegum samskiptum. Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.
- **Deildarstjóra: verkefni m.a. námskrá, námsmat og sjálfsmat skólans** Menntunar- og færniskröfur: Kennaramenntun og framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða eða þróunar í skólastarfi. Reynsla af stjórnun æskileg. Reynsla af kennslu og vinnu með börnum og unglingum.
- **Námsráðgjafa**
- **Bókasafnskennara**
- **Sérkennara**
- **Heimilisfræðikennara**
- **Íþróttakennara**
- **Smíðakennara**
- **Myndmenntakennara**
- **Tónmenntakennara**
- **Dönskukennara**
- **Íslenskukennara í unglingsdeild**
- **Náttúrufræðikennara í unglingsdeild og teymisvinnu með 1.- 7. bekk**
- **Umsjónarkennara í 5.- 6. bekk**

Við leitum að metnaðarfullum kennurum sem hafa áhuga á kennslu og þróun skólastarfs.

- **Stuðningsfulltrúa í fullt starf**
- **Starfsfólk í Dægradvöl 50-60% starf**

Umsóknarfrestur er til 21.apríl 2007

Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf berist til skólastjóra Guðrúnar Soffíu Jónasdóttur sem veitir nánari upplýsingar í síma 570-4330 og tölvupósti [guðrunj@vatnsendaskoli.is](mailto:guðrunj@vatnsendaskoli.is)

Upplýsingar um skólastarfið er að finna á heimasíðu skólans [www.vatnsendaskoli.is](http://www.vatnsendaskoli.is)

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)



## Fasteignasali

Við leitum að öflugum einstaklingi til að starfa við skjalagerð og sölu fasteigna hjá einni af eldri og virtari fasteignasölum landsins.

**Sölumaðurinn** annast skjalagerð og hefur milligöngu um kaup, sölu eða skipti á fasteignum, hann kemur jafnframt að mati fasteigna, tilboðs- og samningagerð. Hans er að þjónusta viðskiptavini á sem faglegastan hátt með það að leiðarljósi að fasteignaviðskipti gangi örugglega fyrir sig.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi löggildingu í fasteignasölu og/eða marktæka reynslu af sambærilegum störfum, en háskólamenntun á sviði lögfræði og/eða viðskiptafræði kemur einnig til greina. Áhersla er lögð á skilvís vinnubrögð, hæfni í samningagerð, lipurð í mannlegum samskiptum og faglegan metnað til árangurs í starfi.

**Umsóknarfrestur** er til og með 3. apríl nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega, en starfsbyrjun verður samkvæmt nánara samkomulagi.

**Eygló Huld Jónsdóttir** og **Regína Hjaltadóttir** veita nánari upplýsingar. Vinsamlega sendið umsóknir og meðfylgjandi prófgögn til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is). Viðtalstími er virka daga frá kl. 13-15.



Suðurlandsbraut 6 - sími 588 3031 - [www.stra.is](http://www.stra.is)

Fagmennska í yfir 20 ár



## Sérfræðingur á sviði verktaka- og verkefnafjármögnunar

Landsbankinn óskar eftir að ráða byggingaverkfræðing eða byggingatæknifræðing til starfa á fyrirtækjasviði bankans. Um er að ræða verkefni sem lúta að verkefnafjármögnun, verktakafjármögnun og fasteignafjármögnun. Viðkomandi þarf að vera töluglögur og eiga auðvelt með að tjá sig skipulega í ræðu og riti.

### Helstu verkefni:

- Yfirferð og mat á kostnaðaráætlunum vegna nýbygginga og breytinga á húsnæði
- Eftirlit með framvindu verkefna og skýrslugerð
- Samskipti við verktaka, lántakendur og opinbera aðila

### Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólapróf í byggingaverkfræði eða byggingatæknifræði
- Reynsla af eftirliti með byggingaframkvæmdum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Landsbankinn er eitt stærsta fjármálafyrirtæki landsins og veitir alhliða fjármálþjónustu til einstaklinga, fyrirtækja og stofnana.

Í anda sóknar og útrásar hefur Landsbankinn byggt upp 23 starfsstöðvar erlendis, í 14 löndum viðsvegar um heiminn.

Til að stuðla að vexti og arðsemi bankans er áhersla lögð á skemmtilegan vinnustað, starfsánægju og gott starfsumhverfi, sem og markvissa starfsþróun og þekkingu starfsfólks.

Landsbankinn leitast við að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk og efla það í störfum sínum.

Það er viðhorf stjórnenda Landsbankans að starfsfólkið, metnaður þess, kraftur og hollusta, séu lykillinn að farsælum rekstri bankans.

### Nánari upplýsingar veita:

Davíð Björnsson aðstoðarframkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs í síma 410 7410 eða Ingibjörg Jónsdóttir starfsmannasviði í síma 410 7902.

Umsóknir sendist á [ingibjorg.jonsdottir@landsbanki.is](mailto:ingibjorg.jonsdottir@landsbanki.is)  
Umsóknarfrestur rennur út 12. apríl nk.



Landsbankinn

Banki allra landmanna í 120 ár



Skipulagsstofnun heyrir undir umhverfisráðherra og starfar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 og lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og einnig samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat á áætlana.

Skipulagsstofnun er umhverfisráðherra til aðstoðar við yfirstjórn og framkvæmd skipulags- og byggingarlaga og laga um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veitir ráðgjöf og leiðbeiningar og sinnir afgreiðslu skipulags-, byggingarmála og mati á umhverfisáhrifum framkvæmda. Hjá Skipulagsstofnun starfar metnaðarfullt og samhent lið sérfræðinga.

## Lögfræðingur...

...óskast til starfa hjá Skipulagsstofnun

Leitað er að lögfræðingi til að veita fagsviðum Skipulagsstofnunar ráðgjöf við úrlausn viðfangsefna á sviði skipulags- og byggingarmála og umhverfismats.

### Helstu verkefni ...

• Lögfræðingur veitir ráðgjöf, fylgist með og miðlar til starfsmanna upplýsingum um ný lög, reglugerðir, úrskurði og dóma sem varða starfsemi stofnunarinnar og veitir umsagnir um lagafrumvörp.

• Hann tekur þátt í gerð umsagna um kærur sem stofnuninni berast til umsagnar.

### Þú þarft að...

- Hafa þekkingu á opinberri stjórnsýslu (æskilegt).
- Hafa starfsreynslu sem nýtist beint í starfinu (æskilegt).
- Vera skipulagður og sjálfstæður í vinnubrögðum.
- Eiga gott með samstarf, miðlun upplýsinga og sýna frumkvæði í starfi.

Laun greiddast samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins við viðkomandi stéttarfélag svo og stofnanasamningum stofnunarinnar við þau.

### Nánari upplýsingar...

Sigrún H. Kristjánsdóttir hjá Intellecta veitir nánari upplýsingar í síma 511-1225. Umsækjendum er jafnframt bent á að kynna sér auglýsinguna sem birt er á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is). Upplýsingar um Skipulagsstofnun eru að finna á heimasíðu stofnunarinnar: [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)

Umsóknir/ferilskrá sendist til Intellecta á neðangreint heimilisfang eða á [sigrun@intellecta.is](mailto:sigrun@intellecta.is) fyrir 16. apríl 2007.

Umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og helstu verkefnum sem umsækjendur hafa tekist á við á undanförunum árum og sem þeir telja að koma muni að gagni í starfinu.

Gætt verður fyllsta trúnaðar varðandi fyrirsöfnun og persónulegar upplýsingar og verður öllum umsóknum svarað.

intellecta

Lágmúla 6 108 Reykjavík  
Sími 511 1225  
[intellecta@intellecta.is](mailto:intellecta@intellecta.is)  
[www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)





Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Aðstoðarleikskólastjóri

### Laus staða aðstoðarleikskólastjóra á leikskólanum Seljaborg, Tunguseli 2

Leikskólinn Seljaborg er þriggja deilda skóli með 62 nemendum. Leikskólinn starfar í anda Hjallastefnunnar þar sem jákvæðni og gleði er í fyrirrúmi.

#### Menntunar og færniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Menntun eða reynsla í stjórnun æskileg
- Þekking á tölvu- og upplýsingatækni
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Staðan er laus 1. júní nk. Nánari upplýsingar veita Auður Jónsdóttir mannauðsráðgjafi í síma 411-7000 og Ágústa Amalía Friðriksdóttir leikskólastjóri í síma 557-6680/693-9844.

Umsóknafrestur er til 10. apríl 2007.

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og störf. Umsóknir sendist til skrifstofu Leikskólasviðs Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1 eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launaneftdar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á [www.leikskolasvid.is](http://www.leikskolasvid.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Lögmaður



### – fyrir íslenska verslun

FÍS eru samtök fyrirtækja úr öllum greinum verslunar þ.e. innflutningi, úttflutningi, umboðssölu, heildverslun og smásölu. Hlutverk FÍS er að gæta hagsmuna lítilla sem stórra fyrirtækja með því að vera framvörður heilbrigðra viðskiptahátta, sem tryggir réttar leikreglur í samkeppni, til eflingar verslun og almannahag á Íslandi.

Sjá nánar á [www.fis.is](http://www.fis.is)

### FÍS óskar eftir að ráða lögmann til starfa.

#### Helstu starfssvið:

- Kjaramál, útboðsmál, skatta- og tollamál.
- Almenn lögfræðipjónusta við aðildarfyrirtækin.

#### Í boði er:

- Áhugaverð og krefjandi verkefni fyrir fjölbreyttan og kröfuharðan hóp félagsmanna.
- Starf í faglegu, fjölbreyttu og sibreytilegu umhverfi.

Umsóknir skulu fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 3. apríl nk. Númer starfs er 6462.

Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson. Netfang: [thorir@hagvangur.is](mailto:thorir@hagvangur.is)



Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## B&L leitar að góðu fólki

### Starfsmaður í mötuneyti B&L

#### Starfssvið

Matreiðsla í mötuneyti B&L

Framsetning veitinga

Innkaup á matvælum

Frágangur

Vinnutími frá kl. 9 til 14.

#### Hæfniskröfur

Reynsla

Traust framkoma

Lipurð í mannlegum samskiptum

Frumkvæði og hugmyndaauðgi í matreiðslu

Reyklaus

B&L var í 9. sæti í Fyrirtæki ársins, árlegri könnun sem VR gerir meðal félagsmanna sinna og er því meðal fyrirmyndarfyrirtækja ársins 2006. B&L, sem er í flokki stærri fyrirtækja, var í 14. sæti árið áður og hefur því hækkað sig um 5 sæti á milli ára. Þá reyndist B&L jafnframt vera með bestu niðurstöðuna, í samanburði við önnur bílaumboð í flokki stærri fyrirtækja. Það umboð sem kom næst B&L var í 16. sæti.



Með bílinn handa þér

B&L er eitt stærsta og virtasta bifreiðaumboð landsins, stofnað árið 1954. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir bílaframleiðendurnar Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og einnig Arctic Cat vélsleða. B&L er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öflugra starfsmannastefnu. Alls starfa 128 manns hjá fyrirtækinu.

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið [bjarnib@bl.is](mailto:bjarnib@bl.is). Umsóknir þurfa að berast fyrir 01. apríl nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknnum svarað.

HYUNDAI

RENAULT

BMW

LAND ROVER

RENAULT TRUCKS

IRISBUS

ARCTIC CAT



The U.S. Embassy in Reykjavík is seeking an individual for the position of Public Affairs Assistant in the Public Diplomacy section. The closing date for the position is March 30, 2007. Application forms and further information can be found on the Embassy's home page:

<http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html>

## NORÐLINGASKÓLI

Norðlingaskóli í Norðlingaholti er nýr grunnskóli í Reykjavík sem leggur áherslu á að hverjum nemanda skuli búið námskilyrði svo hann megi, á eigin forsendum, þroskast og dafna og útskrifast úr grunnskóla sem sjálfstæður, sterkur og ekki síst lífsgláður einstaklingur.

Við skólann er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, samkenndu árganga, teymisvinnu starfsfólks og mikið samstarf við heimilin sem standa að skólanum.

Frekari upplýsingar er að finna á vefi lóðinni: [www.northingaskoli.is](http://www.northingaskoli.is)

Umsækjendur þurfa að hafa mjög góða íslenskukunnáttu og góða tilfinningu fyrir töluðu máli. Þeir þurfa að eiga auðvelt með að skipuleggja sig og geta unnið undir álagi, vera afar nákvæmir og sjálfstæðir í vinnubrögðum, auk þess að hafa þægilega nærveru.

Aðeins fólk með BA-próf í íslensku kemur til greina. Reynsla af prófarkalestri er æskileg.

Sækja skal um störf in á vef 365 miðla, [365midlar.is/storf-hja-365](http://365midlar.is/storf-hja-365). Frekari upplýsingar veitir Sigrún Árnadóttir, [sigrun.arnadottir@365.is](mailto:sigrun.arnadottir@365.is).

## PRÓFARKALESARAR/ MÁLFARSRÁÐGJAFAR

Sjónvarpssvið 365 miðla óskar eftir að ráða prófarkalesara í sumarafleysingar frá miðjum júní til miðs ágúst. Einnig er í boði hlutastarf til frambúðar á málfarsvöktum á fréttastofu Stöðvar 2.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtækið sem starfar á íslenskum markaði.





**Kaffi París leitar eftir starfsmanni í stöðu barþjóns sem allra fyrst**  
cafeparis@cafeparis.is  
Grétar s. 899 6600

**Verkstjóri í mótaflokk**  
Óskum eftir að fá verkstjóra með haldgóða reynslu yfir mótaflokk.  
Upplýsingar í s. 897 5307

## Járniðnaðarmenn

Vantar vana járniðnaðarmenn, vélvirkja eða járnsmiði.  
Upplýsingar í síma 468 1450 eða 898 0534

**Vélsmiðjan Þistill, Þórshöfn**

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður

**Amarberg** (555 3493 amarberg@hafnarfjordur.is) Haukakrauni 2  
Leikskólakennarar  
Annað starfsfólk

**Álfasteinn** (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is) Háholti 17  
Leikskólakennari með áherslu á elstu börnin  
Annað uppeldismenntað starfsfólk

**Stekkjarás** (664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is) Ásbraut 4  
Leikskólakennarar  
Deildarstjórastaða

**Sérkennsla**  
Starfsmenn með aðra uppeldismenntun  
Um er að ræða heilar stöður, hlutastöður og skilastöður

**Vesturkot** (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is) Miklaholti 1  
Matreiðslumeistari/matráður  
Leikskólakennari

**Víðivellir** (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is) Miðvangi 39  
Leikskólakennarar

**Víðistaðaskóli** (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is)  
Stuðningsfulltrúi

Allar upplýsingar um störf gefa skólustjórnar viðkomandi skóla.  
Sjá einnig nánar á heimasíðum skólanna.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf.  
Fræðslustjórnin í Hafnarfirði



**Reykjavíkurborg**  
Leikskólasvið



## Leikskólastjóri Vinagerði

### Laus er staða leikskólastjóra við leikskólann Vinagerði, Langagerði 1.

Vinagerði er þriggja deilda leikskóli með fimmtíu börnum.  
Leikskólinn er staðsettur miðsvæðis í grónu og barnvænu hverfi.  
Í starfi leikskólans er unnið með áherslu á kenningar J. Dewey.  
Sérstök námskrá hefur verið gerð fyrir elstu börn leikskólans.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að leikskólar móti hver sína sérstöðu og hafi faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði. Í skólanámskrá leikskólans, sem er samin af starfsfólki í samvinnu við foreldra, birtist sérstaða leikskólans, framtíðarsýn hans og markmið.

Meginverkefni leikskólastjóra eru að vera faglegur leiðtogi og bera ábyrgð á uppeldis- og menntastarfi leikskólans. Leikskólastjóri ber einnig ábyrgð á rekstri og starfsmannastjórnun í leikskólanum..

#### Menntunar og færniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun er áskilin
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar, uppeldis- og/eða menntunarfræða er æskileg
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun

- Þekking á rekstri og tölvukunnáttu
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknum fylgi starfsferilsskrá með yfirliti yfir nám og fyrri störf.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl nk. Staðan er laus frá 1.júní nk.

Umsóknir sendist til skrifstofu Leikskólasviðs Reykjavíkur, Frikirkjuvegi 1 eða starfsumsoknir.leikskolar@leikskolar.is

Upplýsingar veita Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri leikskólaskrifstofu (hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is) eða Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri Leikskólasviðs (ingunn.gisladdottir@reykjavik.is) í síma 411 7000.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launafélagar sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um laus störf á Leikskólasviði er að finna á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.  
Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## Matís ohf. óskar eftir að ráða viðskiptafræðing

**Matís ohf. (Matvælarannsóknir Íslands) óskar eftir að ráða drifandi og metnaðarfullan einstakling í starf viðskiptafræðings hjá fyrirtækinu.**

#### Starfssvið:

- o Vinna að uppgjöri með fjármálastjóra
- o Áætlanagerð
- o Bókhaldsvinnu
- o Greiningavinnu
- o Upplýsingar fyrir stjórnendur
- o Verkefnastjórnun
- o Ýmis sérverkefni

#### Hæfniskröfur:

- o Háskólamenntun í viðskiptafræði, helst af endurskoðunar- eða bókhaldsá sviði
- o Góð þekking og reynsla á bókhaldi og uppgjörsmálum
- o Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- o Lipurð í mannlegum samskiptum
- o Metnaður til að ná árangri í starfi

Umsóknum með upplýsingum um menntun og starfsreynslu, auk meðmæla, sendist til Matís ohf., Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2007. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 2. maí 2007.

Nánari upplýsingar veita Aðalbjörg E. Halldórsdóttir, fjármálastjóri, adalbjorg.e.haldorsdottir@matis.is, sími 422-5000 og Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, mannaútskjórnari, ingibjorg.s.sigurdardottir@matis.is, sími 858-5069.

Matís ohf. er hlutafélag í eigu ríkisins sem hefur tekið við starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarinnar, Matvælarannsóknna Keldnaholti (MATRA), Prokaria og Rannsóknastofnu Umhverfisstofnunar. Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis.

[www.matis.is](http://www.matis.is)



**INNES EHF.**  
Heildverslun.

## Lagermenn og bílstjóri

Vegna aukinna umsvifa óskar INNES EHF. eftir að bæta við starfsfólki.

[www.innes.is](http://www.innes.is)

Leitað er eftir jákvæðum einstaklingum sem búa yfir góðri reynslu af lagerstörfum eða útkeyrslu og eru tilbúnir að tileinka sér vönduð vinnubrögð í góðum hópi starfsmanna.

Innes ehf. leitar eftir duglegu og samviskusömu fólki í útkeyrslu og lagerstörf. Um framtíðarstörf er að ræða. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af sambærilegu starfi og geti hafið störf sem fyrst. Meiraprófsréttindi áskilin vegna starfs við útkeyrslu, lyftarpróf kostur v/ lagerstarfs. Umsóknarfrestur er til 3. apríl 2007.

Umsóknir óskast sendar á netfangið [vs@innes.is](mailto:vs@innes.is) eða í pósti merktar: Innes ehf, Fossaleyri 21, 112 Reykjavík "atvinnuumskókn"

Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á heimasíðu þess [www.innes.is](http://www.innes.is)



Innes er ein stærsta og öflugasta matvöruheildverslun landsins þar sem flest af vörumerkjum fyrirtækisins eru markaðsleiðandi á sínu sviði. Innes á ekki síst velgengni vörumerkja sinna að þakka góðu og samhentum starfsfólki sem nú í ár fagna 20 ára starfsafmæli fyrirtækisins. Starfsfólk fyrirtækisins er að Fossaleyri í Grafarvogi, í nýlegum og góðum húsnæðingum, þar sem starfsmönnum er boðið uppá góða starfsaðstöðu og gott mótuneyti. Einnig er fyrirtækið með starfsstöð á Akureyri og Egilsstöðum.

Innes er eigandi að Selecta fyrirtækjafjónustu og einnig stærsti eigandi að Haugen-Gruppen, sem er stór heildverslun á Norðurlöndunum með matvæli og vín. Hjá Innes og dótturfélögum starfa alls um 260 starfsmenn, þar af starfa 170 erlendis en 90 starfsmenn hjá Selecta og Innes.

**selecta**





**STARFSMAÐUR ÓSKAST**

Vegna mikilla anna vantar starfskraft til að sjá um yfirfærslur á geisladiska og DVD. Engrar sérþekkingar krafist, en þekking á Photoshop er æskileg. Þarf að geta byrjað sem fyrst.

Ferlisskrá sendist á [info@gagnvirkni.is](mailto:info@gagnvirkni.is)

Gagnvirkni, Hlíðasmára 8, Kópavogi. Sími: 5174511

**Framleiðsluhúsnæði óskast**

Reykjagarður hf, sem selur kjúkling og kjúklingarétti undir vörumerkinu Holta-kjúklingur, leitar eftir framleiðsluhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu ca. 200 - 250 m<sup>2</sup>. Gamalt eða nýtt húsnæði kemur til greina.

Upplýsingar í s. 534 0001 eða 856 4450  
Netfang: [kristjan@holta.is](mailto:kristjan@holta.is)

**KAREN MILLEN**

Við erum að leita að duglegum einstaklingum í fullt starf og hlutastarf. Starfið felst í almennum verslunarstörfum og ráðgjöf til viðskiptavina.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla í þjónustu
- Áhugi á tísku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi

Umsóknarfrestur er til 30. mars n.k.  
Ferlisskrá sendist á netfangið [hulda@hbu.is](mailto:hulda@hbu.is)



**KAREN MILLEN**  
Kringlunni og Smáralind

**Verzlunarstjóri****NÓATÚN****Spennandi starf í boði!**

Í Nóatúni vinnur mikið af hæfileikaríku fólki sem myndar samheldinn hóp og leggur sig fram við að veita viðskiptavinum Nóatúns fyrsta flokks þjónustu. Við leitum nú eftir jákvæðum og þjónustulíprum aðila sem er tilbúinn að leiða skemmtilegan hóp í rótgróinni Nóatúnsverslun. Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu af verslunarstörfum og vera eldri en 35 ára.

Sækið um á vefnum [www.noatun.is](http://www.noatun.is) eða sendið umsókn á Kaupás hf.  
Bíldshöfða 20, 110 Reykjavík, b.t. rekstrarstjóri Nóatúns.

**KÓPAVOGSBÆR****Sumarstörf**

**Kópavogsbær auglýsir eftirfarandi sumarstörf laus til umsóknar:**

**Áhaldahús**

- **Flokkstjórar og verkafólk** í garðyrkjustörf, grasslátt og almenn verkamannastörf. Æskilegt er að flokkstjórar hafi reynslu í verkstjórn og / eða garðyrkjustörfum. Nánari upplýsingar gefur Lilja Guðjónsdóttir, [lilja@kopavogur.is](mailto:lilja@kopavogur.is), sími 570 - 1660

**Vinnuskóli**

- **Leiðbeinendur (flokkstjórar)** sem vinna með og stjórna vinnuflokkum unglunga. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu í verkstjórn og að starfa með unglungum. Umsækjendur skulu vera 21 árs eða eldri.
- **Yfirleiðbeinendur** sem hafa umsjón með mörgum vinnuflokkum og ákveðnum verkefnum. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu í verkstjórn og skulu vera 21 árs eða eldri. Nánari upplýsingar gefur Sigurður G. Ólafsson, [sigurduro@kopavogur.is](mailto:sigurduro@kopavogur.is), sími 570 - 1550.

**Íþróttavellir**

- **Flokkstjórar og verkafólk** í almenna hirðingu og gæslustörf. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri. Nánari upplýsingar gefur Gunnar Guðmundsson, [gunnarg@kopavogur.is](mailto:gunnarg@kopavogur.is), sími 570 - 1600.

**Sundlaug Kópavogs**

- **Afleysingafólk.** Góð sundkunnátta áskilin. Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri. Nánari upplýsingar gefur Vildís Guðmundsdóttir, [vildis@kopavogur.is](mailto:vildis@kopavogur.is), sími 570 - 0470.

**Sundlaug Versöllum**

- **Afleysingafólk.** Góð sundkunnátta áskilin. Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri. Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Harðarson, [guðmundurh@kopavogur.is](mailto:guðmundurh@kopavogur.is), sími 570 - 0480.

**Leikjanámskeið**

- **Leiðbeinendur** sem hafa umsjón með leikja- og siglinganámskeiðum. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu og áhuga á starfi með börnum og skulu vera 21 árs eða eldri
- **Aðstoðarfólk** til aðstoðar leiðbeinendum. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu og áhuga á að starfa með börnum. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri. Nánari upplýsingar gefur Gunnar Guðmundsson, [gunnarg@kopavogur.is](mailto:gunnarg@kopavogur.is), sími 570 - 1600

**Götuleikhús**

- **Leiðbeinendur** sem hafa umsjón með götuleikhúsi. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu af leiklist (leikstjórn) og starfi með unglungum og skulu vera 21 árs eða eldri. Nánari upplýsingar gefur Linda Udengård, [lindau@kopavogur.is](mailto:lindau@kopavogur.is), sími 570 - 1600.

**Skólagarðar**

- **Leiðbeinendur (garðstjórar)** sem hafa umsjón með skólagörðum. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu og áhuga á ræktun og að starfa með börnum og skulu vera 21 árs eða eldri.
- **Aðstoðarfólk** til aðstoðar leiðbeinendum. Umsækjendur þurfa að hafa áhuga á að starfa með börnum. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri. Nánari upplýsingar gefur Sigurður G. Ólafsson, [sigurduro@kopavogur.is](mailto:sigurduro@kopavogur.is), sími 570 - 1550.

**Gæsluvellir**

- **Afleysingafólk** í 81% starf. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu og áhuga á að starfa með börnum. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri. Nánari upplýsingar gefur Emilía Júlíusdóttir, [emilia@kopavogur.is](mailto:emilia@kopavogur.is), sími 570 - 1400.

**Eingöngu er hægt að sækja um sumarstörf á heimasíðu Kópavogsbæjar**  
[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)  
frá 22. mars.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl 2007.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)



## HÁR HÁR

Við hjá Dóra á Langholtsveginum vantar rakara eða vanan herraklippara til starfa sem fyrst. Áhugasamir hafi samband við Dóra í s. 568 5775 eða 899 6637 - eða Ingu í s. 863 7949



## ÖKKUR VANTAR LÆRÐAN PRENTARA

Faglærður prentari óskast til starfa hjá Litrófi. Kraftur er reglusemi, stundvísi og áreiðanleiki. Upplýsingar gefur Erlingur í síma 563 6009 og umsóknir má senda á [erlingur@litrof.is](mailto:erlingur@litrof.is)

Litróf var stofnað árið 1943. Prentsmiðjan er vel búin fullkomnustu vélum og tækjum. Starfsandinn í Litrófi er lifandi, skemmtilegur og einkennist af metnaði til að gera vel. Þar eru nú 15 starfsmenn.



## LITRÓF - HAGPRENT

Vatnagarðar 14 104 Reykjavík 563 6000 [litrof@litrof.is](mailto:litrof@litrof.is) [www.litrof.is](http://www.litrof.is)

Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Sauðárkrúkur | Akureyri | Egilsstaðir | Reyðarfjörður | Selfoss | Reykjanesbær

# Spennandi tækifæri

## Vegna stórukinna verkefna óskum við eftir fólki í eftirfarandi störf:

### Þjónustufulltrúi – Greiðendabjónusta

Starf þjónustufulltrúa í greiðendabjónustu er fjölbreytt og krefjandi starf þar sem samskipti við greiðendur fara fram á staðnum, í síma og með tölvupóstsamskiptum. Meðal verkefna eru ýmis skjala- og tölvuvinnsla, almenn afgreiðsla og upplýsingagjöf til greiðenda, gerð samninga og samkomulaga og hringingar í greiðendur. Við leitum að talnaglöggum og þjónustulundum starfsmanni sem hefur góða almenna tölvukunnáttu, framúrskarandi samskiptahæfileika og ánægju af því að starfa í góðum hópi. Góð reynsla af skrifstofu- eða bankastörfum er kostur.

### Þjónustufulltrúi – Reyðarfjörður

Starf þjónustufulltrúa felst m.a. í afgreiðslu og upplýsingagjöf til greiðenda, símsvörun, hringingum í greiðendur ásamt almennri vinnslu innheimtumála á milliinnheimtu- og lögræðistigi. Við leitum að áreiðanlegum og samvirkusömum starfsmanni sem hefur ríka þjónustulund, er nákvæmur í starfi og með framúrskarandi samskiptahæfileika. Reynsla af skrifstofu- eða bankastörfum er kostur.

### Þjónustufulltrúi – Lögræðileg vinnsla

Meðal verkefna er almenn vinnsla mála í lögræðinnheimtu. Við leitum að skipulögðum, öguðum og talnaglöggum starfsmanni sem er nákvæmur í starfi og hefur áhuga á að starfa sem hluti af öflugum hópi. Reynsla af innheimtu- eða ritarastörfum á lögræðistofu er eskileg.

### Ráðgjafi – Fyrirtækjasvið

Í starfinu felst sala á þjónustu Intrum, samskipti við viðskiptavinum, greining og ráðgjöf varðandi meðferð viðskiptakrafna, auk tilboðs- og samningagerðar. Viðkomandi þarf að búa yfir frumkvæði, drifkrafti og góðum samskiptahæfileikum. Í starfinu reynir á sjálfstæð vinnubrögð og virka þátttöku í teymisvinnu. Krafa er gerð um reynslu af sambærilegum störfum. Háskólamenntun er kostur en ekki skilyrði.

Nánari upplýsingar veitir Sigurbjörg D. Hjaltadóttir, ráðningastjóri Intrum á Íslandi, í síma 440 7122. Vinsamlegast sækjið um á heimasíðu [www.intrum.is](http://www.intrum.is). Umsóknarfrestur er til og með 2. apríl 2007. Ráðið verður í störfum sem fyrst.

Intrum á Íslandi er hluti alþjóðlega innheimtu-fyrirtækisins Intrum Justitia, sem er leiðandi fyrirtæki í Evrópu á sviði markvissrar stýringar viðskiptakrafna (Credit Management Services). Á heimsvísu meðhöndlar Intrum milljónir mála á hverju ári fyrir fyrirtæki og stofnanir. Um 3000 starfsmenn vinna hjá Intrum í 22 Evrópulöndum, en jafnframt hefur fyrirtækið yfir 120 umboðsskrifstofur víða um heim. Hjá Intrum á Íslandi starfa yfir 120 starfsmenn á 10 skrifstofum Intrum um land allt. Intrum býður fyrirtækjum og stofnunum upp á heildarlausnir á sviði innheimtumála sem m.a. samanstanda af INKASSO, Kröfuvakt, Milli-landinnheimtu, Lögræðinnheimtu, Vanskila-upplýsingum, VSK endurgreiðslu og Ráðgjafa-þjónustu. Notkun upplýsingatækni er ríkur þáttur í starfsemi Intrum, en upplýsingatækni ásamt markvissri fjárfestingu í mannaúti er helsta vopnið í þeirri hagræðingu sem fyrir-tæknið hefur innleitt í innheimtustarfsemi. Þannig býður Intrum viðskiptavinum sínum aðgang að öflugum viðskiptavef sem gerir þeim kleift að fylgjast betur með framgangi innheimtunnar.

**intrum**  **justitia**

VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA

## Lausar stöður á framleiðslusviði

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfa. Actavis, sem er með höfuðstöðvar á Íslandi starfar í um 30 löndum í fimm heimsálfum og eru starfsmenn um tíu þúsund talsins.

Vegna sívaxandi verkefna hér heima og erlendis leitar Actavis að framúrskarandi einstaklingum til starfa.

### Lausar stöður á framleiðslusviði Actavis

Actavis hf. leitast eftir að ráða starfsmenn á framleiðslusvið fyrirtækisins. Starfsmenn í framleiðslu fara í gegnum mikla þjálfun og við leitum því að einstaklingum sem geta tileinkað sér nákvæm og sérhæfð vinnubrögð.

Um er að ræða framtíðarstarf í vaktavinnu þar sem unnið er á þrískiptum vöktum allan sólarhringinn. Umsækjendur þurfa að hafa góða íslenskukunnáttu og eiga að baki samfellda tveggja ára starfsreynslu.

#### Actavis leitast við að ráða starfsfólk sem:

- er metnaðarfullt
- hefur þjónustulund
- er sveigjanlegt
- vinnur vel í hópi
- sýnir frumkvæði
- hefur hagkvæmni að leiðarljósi

Umsóknarfrestur er til óskast fyltar út á [www.actavis.is](http://www.actavis.is) undir **Störf í boði** fyrir 31. mars. nk. Nánari upplýsingar veitir Arna Garðarsdóttir [agardarsdottir@actavis.is](mailto:agardarsdottir@actavis.is) og Ágústa Rúnarsdóttir [agrunarsdottir@actavis.is](mailto:agrunarsdottir@actavis.is) Eskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst.

Actavis hf. Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is www.actavis.com

### Starf við lyfjapökkun

#### Helstu verkefni:

- Pökkun á töflum og hylkjum
- Þrif á pökkunarvélum og pökkunarsvæði
- Uppgjör á pökkunarefni
- Áfylling á vélar
- Sýnataka og prófanir
- Merkingar á vörum til útflutnings
- Útfyllingar á staðfestingarskjölum

#### Þekkingar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærilegt nám er kostur
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði kostur

### Starf við lyfjablöndun

#### Helstu verkefni:

- Uppvigtun hráefna
- Blöndun hráefna
- Vökvagerð
- Stilling og vigtarprófanir
- Útfyllingar á staðfestingarskjölum

#### Þekkingar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun, s.s. bakaraiðn eða sambærileg menntun er kostur
- Reynsla og/eða þekking á framleiðslu eða sambærilegum iðnaði kostur

 **actavis**  
hagur í heilsu



**Tækniteiknari?**

Við leitum að starfsmanni til fjölbreyttra verkefna, ss. teiknivinnu, umsjónar með útgáfu teikninga, símsvörunar ofl.

Umsóknir sendist til  
Páls Gunnlaugssonar  
**pall@ask.is**  
sem gefur jafnframt nánari upplýsingar.

**ASK**  
ARKITEKTAR

Geirsgötu 9 • 101 Reykjavík • Sími 515 0300  
**www.ask.is**

ASK Arkitektar er alhliða arkitektastofa sem færst við hefðbundin verkefni á sviði arkitektura og innviðsarkitektura, ss. hönnun nýbygginga, endurhönnun eldri bygginga, hönnun húsgagna, skipulag eldri bygginga og nýbygginga, hönnunarskipti o.fl. Verkefni stofunnar hafa verið ummín fyrir fyrirtæki, sveitarfélög og einstaklinga. Teiknistofan er í nýju húsnæði í miðborginni og eru starfsmenn nú 21 talsins.

## Vélamann vantar!

Vélamann vantar á 180 tonna bát sem gerður er út á rækju.

Upplýsingar í s. 893 3077.



## Tölvunarfræðingur

Flugstöðir ohf. óska eftir að ráða öflugan einstakling í starf tölvunarfræðings í kerfisdeild fyrirtækisins.

### Starfssvið

Helstu verkefni felast m.a. í forritun kerfa og hafa eftirlit með tölvukerfum í flugstjórnarmiðstöð og kerfisdeild. Í starfinu felst einnig fyrirbyggjandi viðhald, greining bilana og ákvörðun viðbragða við þeim. Viðkomandi mun einnig koma að forritun vegna viðhalds kerfa í notkun, þarfagreiningu vegna nýrra verkefna, gerð kerfislýsinga vegna áætlanagerðar og mati á umfangi verkefna, uppsetningu og prófunar á hugbúnaði og fleiri spennandi verkefnum.

### Hæfniskröfur

Við gerum kröfu um háskólapróf í tölvunarfræði eða sambærilega menntun. Reynsla af UNIX, TCP/IP, X - windows og forritun í "C" er æskileg. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á íslenski og enski tungu. Einnig er nauðsynlegt að viðkomandi hafi frumkvæði í starfi, hafa góða samskiptahæfileika, sé skipulagður í verkum sínum og geti unnið undir álagi.

### Umsóknir

Frekari upplýsingar um starfið veitir Sigurður Hauksson, deildarstjóri og Ingunn Ólafsdóttir starfsmannastjóri síma 424-4000. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Skriflegar umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist starfsmannahaldi Flugstöða ohf. Turni, Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík, fyrir 11 apríl 2007.

Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Flugstöða ohf., [www.flugstodir.is](http://www.flugstodir.is)

Öllum umsóknum verður svarað.



Flugstöðir ohf. er opinbert hlutfélag sem tók yfir þjónustuverkefni Flugmálastjórnar Íslands þann 1. janúar 2007. Hjá Flugstöðum ohf. starfa um 220 starfsmenn. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugumferðar – og flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug og alþjóðlegt flug yfir Norður – Atlantshafi. Flugstöðir ohf. leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

## póst húsið

### Póst- og blaðberar óskast

Um er að ræða hressandi útiveru við útburð á blöðum og pósti, um helgar, milli kl. 6 og 7 á morgnana. Hafðu samband í síma 585 8330 eða fylltu út umsókn á [www.posthusid.is](http://www.posthusid.is)

Pósthusið ehf  
Suðurhrauni 1  
210 Garðabæ  
sími 585 8300  
fax 585 8309  
posthusid@posthusid.is

### Laus hverfi um helgar:

104-09	Langholtsvegur	112-03	Krosshamrar Rauðhamrar
104-14	Hlunnavogur Njörvasund Siglufvogur	112-07	Frostafold
104-18	Álfheimar	112-11	Logafold
104-19	Glaðheimar Álfheimar	112-20	Hrísrími
104-21	Barðavogur Karfavogur Snekkjvogur	112-23	Viðarrími
104-23	Goðheimar	112-25	Dísaborgir Álfaborgir
104-26	Dalbraut Selvogsgrunn Sporðagrunn	112-26	Dofraborgir Dvergaborgir
104-27	Sæviðarsund	112-28	Vættaborgir
104-29	Kamsvegur Ásvegur	112-29	Vættaborgir
104-31	Langholtsvegur	112-31	Laufengi
104-33	Sólheimar	112-32	Starengi
104-35	Drekavogur Njörvasund	112-36	Bakkastaðir
105-24	Miðtún Samtún	112-37	Bakkastaðir Barðastaðir
105-25	Hátún	112-38	Brúnastaðir
105-64	Lerkhlið Víðihlið	112-39	Garðsstaðir
108-10	Furugerði Hlyngerði Seljugerði Viðjugerði	112-40	Naustabryggja
108-12	Akurgerði Grundargerði	112-42	Berjarími
108-26	Bústaðavegur Hólmgarður	112-43	Reyrengei
108-40	Heiðargerði	112-44	Logafold
109-07	Bláskógur Dynskógur Skógarsel Árskógur	112-48	Salthamrar Stakkhamrar
109-08	Hléskógur Ljárskógur	112-54	Laufengi
109-09	Akrasel	112-55	Básbryggja
109-12	Gljúfrasel Grjótasel Grófarsel	112-60	Sóleyjarrími
109-23	Vaðlasei Vogasel Ystasei	112-61	Leiðhamrar Neshamrar
109-31	Strýtusel Stuðlasei	112-62	Bláhamrar Vegghamrar
109-38	Engjasei	112-66	Flétturími
109-43	Brekkusel	112-67	Miðhús
109-45	Holtasei Rangársel Raufarsel Réttasei	112-68	Sóleyjarrími
110-08	Næfurás Rauðás	190-01	Aragerði Hafnargata Heiðargerði Kirkjugerði Vogagerði
110-09	Klapparás Kleifarás Lækjarás Malarás	190-02	Hafnargata Hólagata Marargata Mýrargata Vogagerði
110-10	Norðurás Reykás	190-03	Brekkugata Fagradalur Hvammsdalur Hvammsgata
110-34	Lækjavað Rauðavað Reiðvað Sandavað	190-04	Akurgerði Heiðargerði Hofgerði Suðurgata Vogagerði Ægisgata
111-07	Vesturberg	190-05	Heiðardalur Leirdalur Lyngdalur Miðdalur
111-15	Depluhólar Erluhólar Fýlshólar Haukshólar Vesturhólar	210-14	Hraunhólar Langafit Lækjarfit
111-19	Hólaberg Lágaberg	210-18	Garðaflöt Lindarflöt
112-01	Dverghamrar Dyrhamrar	210-20	Brúarflöt Móaföt
		210-24	Sunnuföt
		225-01	Blátún Hátún Skólatún
		225-05	Bjarnastaðavör Gerðakot Hákotsvör Litlabæjarvör Sviðholtsvör Þoroddarkot

**Starfsfólk óskast til starfa við nýja Íþróttamiðstöð Ármanns og Próttar í Laugardal**

**Almenn störf m.a. bað- og gangavarsla**  
Starfsfólk óskast til starfa við nýja Íþróttamiðstöð Ármanns Próttar í Laugardal. Starfið felst m.a. í bað- og gangavörslu auk ræstingar. Bæði er um að ræða fullt starf og hlutastarf.

**Helgarstarfsmenn**  
Starfið felst í vinnu um helgar við húsvörslu og tengd störf í íþróttamiðstöð.

Mikilvægir þættir í fari starfsmanna eru m.a. góðir samskiptahæfileikar við börn og unglínga auk annarra almennra mannkosta.

**Umsóknarfrestur er sunnudagsins 1. apríl n.k.**

*Glímufélagið Ármann og Knattspyrnufélagið Próttur eru staðsett í hjarta íþróttanna í Laugardalnum. Félagin eru í miklum vexti og standa þau fyrir metnaðarfullu starfi á sviði íþróttar- og æskulýðsmála auk öflugs forvarnastarfs. Mikil endurskipulagning og breytingar eiga sér nú stað hjá félögunum. Ármann og Próttur standa sameiginlega að sérstöku "Rekstarfélagi" um íþróttamiðstöð í Laugardalnum að Engjavegi 7 Reykjavík. Um er að ræða samrekstur félögunna með sameiginlegu starfsmannahaldi.*

Umsóknum skal skilað á tölvupóstfangið [gvo@armantrottur.is](mailto:gvo@armantrottur.is)  
Nánari upplýsingar fást hjá framkvæmdastjóra í síma 896 2988

**Starfsmaður óskast á næturvaktir**

Við leitum að starfsmanni á næturvaktir í gesta-móttöku. Unnið er á 12 tíma vöktum aðra hverja viku.

**Mikilvægir eiginleikar** **Þekking og færni**

- Ábyrgðartilfinning
- Góð tölvukunnátta
- Sveigjanleiki
- Mikil tungumálafærni
- Mikill þjónustuvilji
- Jákvæðni

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á netfangið: [gisli.valdorsson@radissonsas.com](mailto:gisli.valdorsson@radissonsas.com) fyrir 1. desember 2006.

Nánari upplýsingar veitir Gísli Freyr Valdósson, forstöðumaður gistisviðs í síma 525 9901.

**Radisson SAS Hótel Saga**  
Radisson SAS Hótel Saga er 4 stjörnu hótél, búið öllum helstu þægindum, í einungis nokkurra mínútna göngufjarlægð frá hjarta Reykjavíkur. Það er nútímalegt hótél byggt á sigildum hefðum þar sem gæði, þjónusta og yfirburðir á öllum sviðum eru í fyrirrúmi. Radisson SAS Hótel Saga er hluti af Rezidor SAS sem rekur bátt í 300 hótél í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku. Hjá Hótel Sögu starfa um 130 manns.

**Radisson SAS**  
SAGA HOTEL, REYKJAVÍK





SKÓLAVÖRÐUSTÍG 13  
SÍMI 510 3800  
FAX 510 3801  
WWW.HUSAVIK.NET  
REYNIR BJÖRNSSON  
LÖGG. FASTEIGNASALI

## Löggiltur fasteignasali / lögfræðingur

Húsavík fasteignasala óskar eftir að ráða ábyrgan og metnaðarfullan starfsmann til að annast skjalagerð. Í því felst frágangur kaupsamninga, afsala og uppgjörs ásamt öðrum tilfallandi störfum sem þessu tengist.

### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og/eða löggilding í fasteignasölu
- Reynsla og þekking á skjalagerð, þó ekki skilyrði
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Samskiptahæfileikar og þjónustulund
- Heiðarleiki

HÚSAVÍK – ÞAR SEM GOTT ORÐSPOR SKIPTIR MÁLI



Reykjavíkurborg

## LEIKSKÓLASVIÐ

### Laus störf í leikskólum

#### Deildarstjóri

- **Heiðarborg**, Selásbraut 56, sími 557-7350. Frá 1. apríl n.k.
- **Njálsgötu**, Njálsgötu 9, sími 551-4860.

#### Leikskólakennari/leiðbeinandi

- **Blásalir**, Brekknaási 4, sími 557-5720.
- **Brekkuborg**, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380.
- **Hálsaborg**, Hálsaseli 27, sími 557-8360.
- **Jörfi**, Hæðargarði 27a, sími 553-0347.
- **Kvarnaborg**, Árkvörn 4, sími 567-3199.
- **Mariuborg**, Mariubaug 3, sími 577-1125.
- **Skógaborg**, Efstalandi 28, sími 553-1805.

#### Sérkennsla/Atferlisþjálfun

- **Heiðarborg**, Selásbraut 56, sími 557-7350. Frá 1. apríl n.k.

### Proskapjálfi

• **Lyngheimar**, Mururima 2, sími 567-0277/693-9850.  
Um er að ræða 100% stöðu þroskajálfa vegna barns með einhverfu. Staðan er laus frá 1. ágúst n.k.

### Aðstoð í eldhúsi

- **Brekkuborg**, Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380.
- **Hamraborg**, Grænuhlíð 24, sími 553-6905.

### Matráður/yfirmaður í eldhúsi

Laus er staða matráðs í leikskólanum Álfaborg sem er 3 deilda skóli. Í leikskólanum eru 63 börn og 19 starfsmenn. Leikskólinn mun flytja í nýjan og skemmtilegan skóla í ágúst.

Nánari upplýsingar gefur leikskólastjóri Anna H. Ágústsdóttir í síma 581-2488 og 693-9833.

## Öll laus störf í leikskólum eru auglýst á [www.leikskolar.is](http://www.leikskolar.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)  
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## Rafsól auglýsir eftir sölumanni fyrir HÓTELVÖRUR

Rafsól býður mikið úrval af vörum til hótela, gistiheimila og veitingastaða. Þessar vörur þarf að kynna fyrir tilvonandi viðskiptavinum og leitum við því að duglegum einstaklingi, karlmanni eða konu, á aldrinum 25-40 ára í þetta fjölbreytta og skemmtilega starf.

Upplýsingar veittar í síma 696 5606.

**HÓTELVÖRUR**  
**RAFSÓL**

Skipholti 33 • 105 Reykjavík • Sími 553 5600  
[www.rafsol.is](http://www.rafsol.is) • [rafsol@rafsol.is](mailto:rafsol@rafsol.is)

### Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

## Innritun í grunnskóla

**Innritun nemenda í fyrsta bekk (f. 2001) fer fram í grunnskólum Hafnarfjarðar 27.-30. mars nk. kl. 9:00 - 16:00.**

Sömu daga fer fram innritun nemenda sem flytjast á milli skólahverfa og þeirra sem flytja í Hafnarfjörð fyrir næsta skólaár. Innritunin fer fram í grunnskólunum og einnig er hægt að nálgast eyðublað á heimasíðum skólanna. Nemendur eiga rétt á skólavist í sínu skólahverfi en eins og undanfarin ár geta foreldrar sótt um að senda barnið sitt í aðra grunnskóla og er ávallt leitast við að koma til móts við þær óskir.

Áslandsskóli s. 585 4600 [aslandsskoli@aslandsskoli.is](mailto:aslandsskoli@aslandsskoli.is)  
Engidalsskóli s. 555 4433 [engidalsskoli@engidalsskoli.is](mailto:engidalsskoli@engidalsskoli.is)  
Hvaleyrarskóli s. 565 0200 [hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is](mailto:hvaleyrarskoli@hvaleyrarskoli.is)  
Lækjarskóli s. 555 0585 [skoli@laekjarskoli.is](mailto:skoli@laekjarskoli.is)  
Setbergsskóli s. 565 1011 [setbergsskoli@setbergsskoli.is](mailto:setbergsskoli@setbergsskoli.is)  
Viðistaðaskóli s. 595 5800 [vidistadaskoli@vidistadaskoli.is](mailto:vidistadaskoli@vidistadaskoli.is)  
Öldutúnsskóli s. 555 1546 [oldutunsskoli@oldutunsskoli.is](mailto:oldutunsskoli@oldutunsskoli.is)  
Hraunvallaskóli \* s. 590 2800 [hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is](mailto:hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is)  
\* Í Hraunvallaskóla verða nemendur í 1.-8. bekk næsta skólaár.

Sérstök athygli er vakin á því að umsóknarrestur um heimild til að stunda nám í sjálfstætt reknun skólum eða grunnskólum annarra sveitarfélaga á næsta skólaári er til 10. apríl og skulu umsóknir berast Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Strandgötu 31 á eyðublaðum sem fást þar eða í þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 6.

Einnig er hægt að sækja um rafrænt á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

Sérhver umsókn gildir fyrir eitt skólaár í senn.

### Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJÖRÐAR!  
Hafðu samband og fðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri þegarinn í síma 585 5500 og á heimasíðunni [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)



MOSFELLSBÆR

[www.mos.is](http://www.mos.is)

Pverholti 2 • 270 Mosfellsbæ • Sími 525 6700 • Fax 525 6729

### Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

**Innritun í grunnskóla Mosfellsbæjar fyrir skólaárið 2007-2008.**

Innritun 6 ára barna (fædd 2001) fer fram í grunnskólum Mosfellsbæjar dagana 26. og 27. mars frá kl. 10:00 - 14:00.

Í Mosfellsbæ geta foreldrar/forráðamenn valið í hvorn grunnskólann þeir senda barn sitt. Komi til þess að aðsókn í tiltekinn skóla er meiri en húsrými leyfir hafa þeir nemendur forgang sem búa á skólasvæðinu.

Varmarskóli tekur á móti skráningum í síma 525 0709 (yngri deild), á sérstöku eyðublaði á heimasíðu skólans [www.varmarskoli.is](http://www.varmarskoli.is) eða í gegnum netfangið [varmarsk@ismennt.is](mailto:varmarsk@ismennt.is).

Lágafellsskóli tekur á móti skráningum í síma 525 9200, á sérstöku eyðublaði á heimasíðu skólans [www.lagafellsskoli.is](http://www.lagafellsskoli.is) eða í gegnum netfangið [lagafell@lagafellsskoli.is](mailto:lagafell@lagafellsskoli.is).

ATH. Innritun í Dægradvöl beggja skóla fer fram á skrifstofum skólanna eftir 15. ágúst

Auk þess fer fram innritun nemenda sem eru að flytjast milli skólahverfa í Mosfellsbæ eða frá öðrum sveitarfélögum.

Sérstök athygli er vakin á því, að umsóknarrestur til að stunda nám í grunnskólum annarra sveitarfélaga er til 15. apríl og skulu umsóknir berast Skólaskrifstofu á eyðublaðum sem liggja frammi í þjónustuveri Mosfellsbæjar. Einnig er hægt að sækja um rafrænt á heimasíðu Mosfellsbæjar [www.mos.is](http://www.mos.is) (Stjórnsýsla-umsóknir). Sækja þarf um að nýju fyrir hvert skólaár.

Upplýsingar um skipulag skólasvæða og reglur um skólavist grunnskólabarna eru á heimasíðu Mosfellsbæjar, [www.mos.is](http://www.mos.is) (Skólar og æskulýðsstarf-grunnskólar-almennar upplýsingar).

Áriðandi er að foreldrar innriti börn sín á þessum tíma.

### Grunnskólafulltrúi.



### Hjúkrunarheimili

#### Hjúkrunarfræðingur á næturvakt

Hjúkrunarfræðingur á næturvakt ber ábyrgð á hjúkrunarþjónustu fyrir allt að 250 einstaklinga. Starfið er því umfangsmikið og fjölbreytt. Laun taka mið af ábyrgð og umfangi starfsins.

Hvenær starf getur hafist og starfshlutfall er samkomulagsatriði.

#### Ræstingarstjóri

Ný staða ræstingarstjóra er laus, um er að ræða 50% stöðu. Viðkomandi mun hafa umsjá með öllum ræstingar- og býti búrstörfum á Eir, einnig að kenna og leiðbeina starfsmönnum. Í starfinu felst föst ræsting og tilfallandi.

#### Sumarstörf

Okkur vantar starfsfólk til starfa í sumar við umönnunarstörf á öllum deildum heimilisins. Vaktir og starfshlutfall getur verið samkomulagsatriði.

#### Upplýsingar veita

Hjúkrunarforstjóri, Birna Kr. Svavarsdóttir eða Hjúkrunarfræðslustjóri, Jóna H. Magnúsdóttir. í síma. 522 5700.

Umsóknir er einnig hægt að senda á [fraedsla@eir.is](mailto:fraedsla@eir.is)



Hjúkrunarheimili

Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík.  
Sími. 522 5700. [www.eir.is](http://www.eir.is)



## Aðalfundur Fjáreigendafélags Reykjavíkur

Verður haldinn í Baðhúsinu Þriðjudaginn  
3. apríl kl.20:00

Reikningar félagsins liggja frammi til skoðunar  
þriðjudaginn 27. mars milli kl. 19-20.

## Fríkirkjusöfnuðurinn í Reykjavík Aðalsafnaðarfundur

Fríkirkjusafnaðarins  
verður haldinn sunnudaginn

1. apríl, eftir messu kl. 14:00 í Fríkirkjunni.

### Dagskrá:

1. Skýrsla safnaðarráðs.
2. Skýrsla safnaðarprests.
3. Reikningar safnaðarins lagðir fram.
4. Kosning í safnaðarráð og trúnaðarstjórn
5. Önnur mál.



**VINNUEFTIRLITID**

Búðshóla 16 - 110 Reykjavík - Sími 550 4600 - Fax 550 4611  
Netfang: vinnueftirlit@ver.is - Heimasíða: www.ver.is

## Endurmenntunarnámskeið fyrir ökumenn sem flytja hættulegan farm

Samkvæmt reglugerð nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi er gildistími starfsþjálfunarvottorðs ökumanns (ADR-skirteinis) sem annast flutning á hættulegum farmi 5 ár. Heimilt er að framlengja gildistíma vottorðsins um fimm ár í senn hafi handhafi þess á síðustu tólf mánuðum og ekki síðar en þrem mánuðum eftir að gildistími vottorðsins rann út lokið endurmenntunarnámskeiði og staðist próf í lok þess.

Fyrirhugað er að halda endurmenntunarnámskeiði á eftirfarandi stöðum:

**Egilsstöðum: 30.- 31. mars 2007.**

**Akureyri: 2. - 3. apríl 2007.**

**Reykjavík: 16. - 18. apríl 2007.**

**Ísafirði: 20. - 21. apríl 2007.**

Til að að endurnýja réttindi fyrir flutninga á hættulegum farmi í tönkum og/eða flutningi á sprengifimum farmi verður viðkomandi að hafa gild réttindi (setið námskeið og staðist próf) fyrir stykkjavöruflytninga (grunnnámskeið).

Skráning og nánari upplýsingar á umdæmisskrifstofum  
Vinnueftirlitsins (sjá heimasíðu Vinnueftirlitsins  
www.vinnueftirlit.is eða símaskrá).



**Faxaflóahafnir sf**  
Associated  
Icelandic  
Ports

Reykjavík  
Grundartangi  
Akranes  
Borgarnes

## Útboð

**Faxaflóahafnir sf óska eftir tilboðum í verkið,  
Vesturhöfn- endurnýjun rafdreifikerfa**

Verkið felst í endurnýjun á öllu rafdreifikerfi Vesturhafnar Reykjavíkur.

Endurnýja skal rafdreifikerfi við Bótarbyggju, Grandabakka, Grandabryggju og Norðurbakka. Verkið skal vinna í áföngum og skal verkinu að fullu lokið 1 nóvember 2007.

### Helstu magnþölur eru:

Jarðstrengir..... 3300 m  
Dreifiskápar..... 6 stk  
Tenglar..... 25 stk

Útboðsgögn verða seld á **skrifstofu Rafeikningar hf.** að Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík frá og með þriðjudeginum 27. mars n.k. á 5.000 kr hvert eintak. Tilboð verða opnuð á **sama stað þriðjudaginn 17. apríl 2007 kl. 11.00.**

**RAFEIKNING HF**  
RÁÐGAFARFRYRIRLEIÐING  
CONSULTING ENGINEERS



## TILBOÐ / ÚTBOÐ

### Auglýsing um sveinspróf

**Sveinspróf í eftirtöldum iðngreinum verða haldin sem hér segir ef næg þátttaka fæst:**

Matreiðslu, framreiðslu, bakaraið og kjötið 14.-16. maí.  
Prensmið, prentun og bókkandi, 21.-26. maí.  
Bifvélaþjón, 18. maí. Bílamálun í maí (nánari dagsetning auglýst síðar)  
Húsasmíði, 14.-16. maí.  
Pípulögnum, 9.-11. maí (nýja kerfið) og 22.-25. maí (gamla kerfið).  
Múrsmíði, 25. maí -1. júní.  
Málaraið, 7. maí -16. maí og 25. maí -1. júní.  
Sveinspróf í húsgagnasmíði, húsgagnabólstrun, dúklögnum og veggfóðrun, verða haldin í maí og júní.

**Umsóknarfrestur fyrir ofangreind próf er til 1. apríl.**

Sveinspróf í málmíðngreinum og netagerð verða haldin í maí og júní.

Gull- og silfursmíði og skósmíði í júní.  
Hársnyrtið, skriflegt próf 22. maí, verklegt 2.-5. júní.  
Snyrtifræði, 11.-13. maí og 19.-20. maí.  
Kjólasmíði, 31. maí - 6. júní og klæðskurði, 7.-13. júní.  
Bílasmíði, 1. og 2. júní.

**Umsóknarfrestur fyrir ofangreind próf er til 1. maí.**

Sveinspróf í ljósmyndun verða haldin í september.  
Sveinspróf í vélvirkjun verða haldin í október.

**Umsóknarfrestur fyrir ofangreind próf er til 1. júní.**

Nánari tímasetningar verða auglýstar á heimasíðu okkar  
www.uns.is.

Með umsókn skal leggja fram afrit af námssamningi, lífeyrissjóðsýfirlit og burtfararskírteini með einkunnum eða staðfestingu skóla á því að nemi muni útskrifast í maí 2007.

Kostnaður próftaka s.s. efniskostnaður, er mismunandi eftir iðngreinum.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu okkar, veffang: www.uns.is og á skrifstofunni.

Mat á vinnustaðanami í fjölmiðlataekni og bókasafnstækni fer fram 1. - 10. maí



**IDAN**  
fræðslusetur

IDAN - fræðslusetur,  
Hallveigarstíg 1, 101 Reykjavík,  
sími: 590 6400, bréfsími: 590 6401,  
netfang: idan@idan.is

# FIRMA CONSULTING

## Við finnum kaupendur og seljendur að fyrirtækjum

**Firma Consulting ehf.** (www.firmaconsulting.is) er ráðgjafar fyrirtæki sem sérhæfir sig í ráðgjöf við fjárfesta og stjórnendur fyrirtækja.

**Firma Consulting ehf.** leggur áherslu á persónulega og faglega þjónustu með áherslu á gæði, trúnað og traust í vinnubrögðum sínum. **Firma Consulting ehf.** veitir m.a. eftirtalda þjónustu:

- **Aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja.**
- **Aðstoð við verðmat á fyrirtækjum.**
- **Aðstoð við sameiningu fyrirtækja.**
- **Aðstoð við verðmat á fasteignum.**
- **Aðstoð við gerð kaupsamninga fyrirtækja og fasteigna.**
- **Aðstoð við kaup og sölu fyrirtækja erlendis í samstarfi við sérhæfð fyrirtæki á því sviði.**
- **Almenn rekstrarráðgjöf.**



Magnús Hreggviðsson viðskiptafræðingur og löggiltur fyrirtækja-, fasteigna- og skipasali. Magnús er með áratuga reynslu af endurskoðunarstörfum, sem rekstrarráðgjafi, fyrirtækja- og fasteignasali, útgefandi, fasteignarekandi, „land-developer“ í Smárahvammi og starfandi stjórnarformaður í nokkrum fyrirtækjum. Er aðalráðgjafi hjá Firma Consulting ehf. magnus@firmaconsulting.is

**Firma Consulting ehf.,** Þingaseli 10, 109 Reykjavík,  
GSM: (354) 820 8800 og (354) 896 6665.  
Fax: (354) 557 7766. Veffang: firmaconsulting.is



**FRÉTTABLAÐIÐ**

– smáauglýsingar sem allir sjá

## Útboð – byggingaframkvæmdir Pósthús á Akranesi

### Yfirlit verksins

Um er að ræða útboð á byggingu Pósthúss og frágangi lóðar á Akranesi. Verk þetta skal vinna samkvæmt verklýsingu og teikningum frá ASK Arkitektum ehf, RTS verkfræðistofu hf og Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf.

Pósthúsið verður að Smiðjuvöllum 30, Akranesi.

Húsið er staðsteypt hús á einni hæð, þak er úr einingum og ganga þarf frá bílastæðum og gangstéttum á lóð. Verkið skal unnið á tímabilinu júní 2007 til apríl 2008.

Stærð húss er um 470 m<sup>2</sup>.  
Stærð lóðar er 4.464 m<sup>2</sup>.

Í verkinu felst að byggja húsið og ganga frá því að öllu leyti bæði að utan og innan, með öllum lagnakerfum og öðru sem til heyrir. Einnig skal ganga frá lóð með malbiki, kantsteinum, grasi og skiltum.

### Útboðsgögn

Útboðsgögn verða til afhendingar frá og með 23. mars 2007 á Pósthúsinu Kirkjubraut 37, 300 Akranesi.

Tilboðum skal skila til :

Íslandsþóstur, Kirkjubraut 37, 300 Akranesi

**Skilafrestur á tilboðum er 26. apríl 2007  
kl. 14.00**



# ÚTBOÐ

## F.h. Framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, skrifstofu gatna- og eignamsýslu:

### Ársel - Endurbætur á þakgluggum.

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000 í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 11. apríl 2007, kl. 10:00, í Ráðhúsi Reykjavíkur.

10942

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



**Reykjavíkurborg**  
Þjónustu- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa  
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, tölfaxsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)

# ÚTBOÐ



## F.h. Strætó bs:

Er óskað eftir tilboðum í gasolíu fyrir strætisvagna byggðasamlagsins Strætó bs. EES útboð.

Útboðsgögn verða seld á kr. 3.000, í upplýsingaþjónustu Ráðhúss Reykjavíkur.

Opnun tilboða: 07. maí 2007, kl 10:00 í Ráðhúsi Reykjavíkur.

10940

Nánari upplýsingar er að finna á [www.reykjavik.is/utbod](http://www.reykjavik.is/utbod)



**Reykjavíkurborg**  
Þjónustu- og rekstrarsvið

Innkaupa- og rekstrarskrifstofa  
Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík  
Sími 411 1042 / 411 1043, tölfaxsími 411 1048  
Netfang: [utbod@reykjavik.is](mailto:utbod@reykjavik.is)



**DP FASTEIGNIR**  
[www.dpfasteignir.is](http://www.dpfasteignir.is)

Dagbjörg Pálsdóttir brl., lögg. fast.sali • Ragnheiður Þorkelsdóttir hdl., lögg. fast.sali.  
Andri Sigurðsson sölustjóri • Ólafur Finnþogsson sölumaður



**Brúnastaðir.** Mjög vandað og glæsilegt 212,4 fm. einbýlishús á einni hæð (þaraf 39,1 fm. bílskúr) á frábærum stað innst í botnlanga í Staðahverfinu Grafarvog. Eigninni fylgir 30 fm. rými sem er ekki inni heildarfermetratölunni. **Allar innréttingar, skápar og hurðir eru úr öl (Alder).** Gólfefni: Náttúrusteinn á forstofu, gestasalerni, holi /gangi, eldhúsi og skrifstofuh. við eldhús, flísar á baðh. Gegnheilt plankaparket (rauð eik) á stofu, sjónvarpshóli og svefnherb. Hiti í stéttum og innkeyrslu fyrir framan húsið. Lóð ræktuð og frágengin. **Verð 58,9 millj.**



**Vesturgata - sex íbúðir - aðeins fjórar eftir.** Glæsilegar 2ja - 4ra herbergja íbúðir í 4ra hæða fjölbýlishúsi og 2ja hæða bakhúsi á eftirsóttum stað í 101 Reykjavík. Eignirnar eru tilbúnar til afhendingar og afhendast fullbúnar að utan sem innan með gólfefnum. Fallegar innréttingar, ljóst eikarparket á gólfum nema á baðherbergi en þar eru flísar. Ísskápur, þvottavél með þurrkara ásamt uppþvottavél fylgir öllu íbúðunum. Lóð fullbúin með skóg-arbrúnum miðaldarsteini, hita í stéttum, lýsingu, hlöðnum blómakerum og stuðlabergi. **Verð frá 31,5 millj.**

Hverfisgötu 4-6 • 101 Reykjavík • Sími 561 7765 • Fax 561 7745

DP LÖGMENN [www.dp.is](http://www.dp.is) DP FASTEIGNIR [www.dpfasteignir.is](http://www.dpfasteignir.is)

TIL LEIGU



## FASTEIGNA- MARKAÐURINN

ÖÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: [fastmark@fastmark.is](mailto:fastmark@fastmark.is) - [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)  
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Hótel Breiðafjörður Stykkishólmi Hótel í fullum rekstri



**Hótel Breiðafjörður** í Stykkishólmi er til sölu. Um er að ræða 12 herbergja hótel í fullum rekstri. Herbergin eru 10 2ja manna og 2 eins manns. Eignin var öll tekin í gegn nýlega og er í góðu ásigkomulagi. Ný húsgögn í öllum herbergjum og parket á gólfum. Samþykki er fyrir um 100 fm stækkun við húsið, þar sem gert er ráð fyrir að setja veitingaskála. Mikil aukning hefur verið í gistinguottum og veitingasölu og eru góðar bókanir fyrir sumarið.

Nánari uppl. veittar á skrifstofu.



## FASTEIGNA- MARKAÐURINN

ÖÐINGSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.  
Netfang: [fastmark@fastmark.is](mailto:fastmark@fastmark.is) - [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)  
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Bólstaðarhlíð 32 Neðri sérhæð ásamt bílskúr Opið hús í dag frá kl. 15-16



Glæsileg neðri sérhæð í þrjúbýlishúsi sem er að birtu flatarmáli 129,0 fm þ.m.t. 23 fm bílskúr. Hæðin er endurnýjuð á vandaðan og smekklegan hátt, m.a. gler, gólfefni, innréttingar, innihurðir, rafmagnslagnir o.fl. Baðherbergi er flísalagt í gólf og vegg og glæsileg ný innrétting í eldhúsi. Borðaðstaða er í eldhúsi og útgangur á svalir til suðurs. Hús að utan nýlega viðgert. Sér geymsla í kjallara fylgir. **Laus til afhendingar við kaupsamning. Verð 41,9 millj.**

Hæðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 15-16.

### Álftamýri 54 3ja herb. íbúð á 1. hæð Opið hús í dag frá kl. 14-16




Þjört og vel skipulögð 87 fm 3ja herb. íbúð á 1. hæð, **íbúð 0103** auk sér geymslu í kjallara. Íbúðin skiptist í forstofu/hol, bjarta stofu/borðstofu með útgangi á svalir til suðurs, eldhús með snyrtilegri innréttingu, 2 góð herbergi, fataherb. innaf hjónaherbergi og baðherbergi með þvottadöðu, flísalagt í gólf og vegg. Góð íbúð á góðum stað með skóla og alla þjónustu í göngufæri. **Verð 22,9 millj.**

Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 14-16.

Íbúð merkt 0103. Verið velkomin.

### Skeljagrandi 1 3ja herb. útsýnisíbúð með sérinnng. Opið hús í dag frá kl. 13-14



Falleg 80 fm íbúð á 3. hæð, **efstu- íbúð 0302**, með sérinnangi af svölum ásamt stæði í bílageymslu. Eldhús með sprautulakkaðri innréttingu, þjört stofa/borðstofa, 2 herbergi með skápum og baðherbergi með þvottadöðu. Ljóst parket á gólfum. Suðvestursvalir. Frábært útsýni yfir Faxaflóann úr eldhúsi. Sameign í góðu ástandi, nýlega máluð. **Stutt í leikskóla, skóla og aðra þjónustu. Verð 22,9 millj.**

Íbúðin verður til sýnis í dag, sunnudag, frá kl. 13-14  
Íbúð merkt 0103. Verið velkomin

# Atvinnuhúsnæði til leigu.

## 300 m2 skrifstofuhúsnæði á þriðju hæð við Engjateig 3 er laust til leigu.

Auk hæðarinnar er sameign með lyftu og geymslu í kjallara. Verið er að endurgera húsið að innan þannig leigutaki getur haft áhrif á hvernig innréttingum og skipulagi hæðarinnar verður háttað. Hæðin er mjög þjört, með svölum beggja vegna hússins.

-bæði karla og konur, svo sem matreiðslufólk, þjónustufólk, fólk úr tölvugeiranum eða byggingariðnaði. Öll hafa mikla reynslu á sínu sviði. AVM Solutions geta boðið upp á lausráðna starfsmenn til skamms tíma, þegar um veikið, fri eða skamman fyrirvara er að ræða.  
Sjáið síðuna okkar www.avm.is eða hringið í Alan 897 8978 email avm@avm.is

**Aktu Taktu**  
Aktu Taktu Skúlagötu óskast eftir starfsfólki til að vinna aðra hverja helgi.  
Umsóknir á aktutaktu.is

**Ert þú snyrtifræðingur eða fóttaðgerðarfræðingur með reynslu?**  
Sem dreymir um að vinna á líflegri og skemmtilegri snyrtistofu? Þá er snyrtistofan Mist sú rétta fyrir þig. Fullt starf eða hlutastarf í boði.  
Nánari upplýsingar í síma 577 1577 & 893 1577.

**Café Flóra, Grasagarði**  
Reykjavíkur, óskast eftir að ráða til sín matreiðslumann í dagvinnu og starfsfólk í sal, ekki yngra en 20 ára. Um er að ræða sumarstarf á frábærum vinnustað, frá maí til september. Upplýsingar veitir Marentza í síma 661 7305.

**Leikskólinn Ösp**  
Vantar að ráða tvo starfsmenn í skilastöðu frá kl. 15.30 - 17.30. Uppl. gefur leikskólalastjóri í s. 557 6989 & 693 9819, Svanhildur.

**Rafvirkjar!!!**  
Rafvirkj óskast til starfa, fjölbreytt verkefni farmundan. Áhugasamir hafi samband í s. 698 1838 eða sigurtak@internet.is

**Foldaskálinn Grafarvogi**  
Óskar eftir starfsfólki 18 ára og eldri í fullt starf.  
Áhugasamir hafi samband við Óskar í síma 897 7466.

Kíktu á þetta!! Viltu vinna með skemmtilegu fólki? Ertu eldri en 22 ára? Hefurðu þjónustulund? Okkur á Andarunganum vantar fólk í vinnu. Ef þig langar að vinna með okkur hringdu þá í Ásu í síma 849 5422.

Björnsbakari - Vesturbæ óskast eftir starfskrafti til afgreiðslustarfa. Helga gefur frekari upplýsingar 699 5423. Góð laun í boði.

**Sportbarinn Ölver**  
Getum bætt við okkur duglegum og hressum dyrvörðum og barþjónum. Lágmarksaldur 20 ára. Uppl. virka daga á staðnum eða í s. 533 6220, eftir kl. 9:00 Magnús.

**Sportbarinn Ölver**  
Vaktstjóri óskast í sumaraleysingar, verður að vera vanur, getað unnið sjálfstætt og stjórnað öðru fólki. Uppl. gefur Magnús í s. 533 6220 virka daga.

Aupair til Århus DK. Isl. einst. faðir 43 ára. 2 dætur, 7 og 9. Danska töluð á heimilinu. Uppl. thordarson@mail.tele.dk

**Járniðnaðarmaður**  
Traust fyrirtæki á höfuðborgarsv. óskast eftir járníðnaðarmönnum eða vélvirkjum. Uppl. í s. 843 5642.

Starfskraftar óskast til afgreiðslu í söluverni í miðbænum alla virka daga. Mikil vinna framundan. Ágætis laun fyrr hressa, heiðarlega og þjónustulundaða manneskju. Einnig vantar starfskraft fyrir sumarið, tilvalið fyrir skólafólk sem vill vinna sér inn pening fyrir næsta vetur. Uppl. í s. 892 2365, milli 8 og 9 á kvöldin.

Bilistjóri óskast hjá verktaka í vörudreifingu. Meirapróf æskilegt. Uppl. í s. 820 3880, Tómas.

**Atvinna óskast**

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**  
í eftirtalin störf:  
Smiði, Múrara, Pipara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbilstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.  
SAS Starfsmannaleigan.  
Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000

Útvegum starfsfólk frá Evrópu í ferðaþjónustu, verslun, heimilishjálp, fiskvinnslu o.fl. skv. óskum atvinnurekanda. Aralöng reynsla. Uppl. í s. 4878576, ninukot@ninukot.is, www.ninukot.is. Ninukot.

Óskar eftir vinnu við ræstingar á kvöldin, er enskumælandi Uppl. í síma 5540047

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, bilstjórar, suðumenn o.fl. S. 845 7158.

**Viðskiptataekifæri**

Langar þig að koma hönnun þinni á framfæri í versl. á Laugav. S. 690 3596/864 5383.

**TILKYNNINGAR**

**Ýmislegt**

**Engar skuldir - Hæri tekjur**  
Skoðuðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

**Einkamál**

**18plús.is**  
XXX samfélag íslendinga á netinu  
- birtu eigin myndir -  
- skoðuðu myndir annarra -  
ATH. að vefurinn hentar jafnt konum sem körlum.



# Wii PAKKI ÁRSINS



NUNCHUK



FJARSTÝRING

STÝRIPINNI


41.990

4.133

RADGREIÐSLUR  
Í 12 MÁNUÐI

2.351


RADGREIÐSLUR  
Í 24 MÁNUÐI




6.499



6.499



5.999



6.499

ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI



6.999



5.999

KRINGLUNNI • SMÁRALIND • LAUGAVEGI



# Í lagalegu tómarúmi

Einstaklingar sem vilja leiðrétt kyn sitt á Íslandi eru í lagalegu tómarúmi og hafa engin lög eða reglur að styðjast við þegar kyn er leiðrétt. **Svandís Anna Sigurðardóttir** hefur unnið BA-ritgerð um þetta mál. *Guðrún Helga Sigurðardóttir* kynnti sér verk hennar og las um þá erfiðleika sem fylgja því að fæðast í röngum líkama, hvernig það er leiðrétt og hvernig staðið er að slíku hér á landi.

**M**argvíslegir erfiðleikar fylgja því að fæðast af röngu kyni og fylgir því oft áralöng barátta, fordómar, sjálfsvörn og líkamlegar breytingar. Talað er um kynáttunarbrot þegar átt er við skynjun einstaklings á sjálfum sér sem karlkyns eða kvenkyns. Einstaklingarnir geta haft sterk og þrálát óþægindi í sambandi við líkamlegt kyn sitt, löngun til að hafa líkama hins kynsins, óþægindi gagnvart kynhlutverki sínu og óska þess heitt að aðrir sjái sig í því kyni. Þessi vandí hefur oft staðið frá því í æsku en sérstaklega verða unglingsárin erfið því að þá breytist líkaminn í karls- eða konulíkama og um leið er skrúfað fyrir væntingar um að verða af réttu kyni á fullorðinsaldri.

Transsexúalismur hefur ekkert með kynheigð, kynlíf eða kynhegðun að gera.

Einstaklingar sem fæðast í röngum líkama verða að ganga í gegnum margar breytingar, bæði líffræðilegar og líka breytingar sem snúa að lagalegri stöðu, til dæmis breytingu á nafni. Ekki bætir úr skák að engin lög segja til um hvernig allar þessar breytingar eigi að ganga fyrir sig og virkar það nánast eins og transsexúalistar séu ekki til, eins og kemur fram í ritgerðinni, hvað þá að kveðið sé á um rétt þeirra. Í dag er því verið að fara framhjá lögum eða notast við lög sem eiga engan veginn við um þetta fólk, til dæmis lög um afkynjun og kynferðisofbeldi.

## Áhættusöm aðgerð

Kynleiðréttingaraðgerð er áhættusöm. Hjá einstaklingum sem fara í konu-í-karl aðgerð er myndaður getnaðarlimur frá svæðinu umhverfis snípinn. Svæðið er skorið og losað frá til að mynda liminn og taugaendum og næmni haldið við. Limurinn er oftast svo lítill að ekki er hægt að stunda samfarir. Aðrar breytingaleiðir eru mögulegar en það eru flóknari aðgerðir.

Hjá einstaklingum sem fara í karl-í-konu aðgerðir er húð getnaðarlimsins notuð til að mynda leggöng og búíð til op fyrir þau. Snipur er myndaður úr taugaendum og húð frá getnaðarliminum. Flestir einstaklingarnir geta stundað fullnægjandi kynlíf og kynfærin líta eins út og á líffræðilegum konum.

Minnst sex Íslendingar hafa lokið kynleiðréttingaraðgerðum en aðeins tveir hér á landi, hvor í sína áttina. Einstaklingur sem vill fara í kynleiðréttingu þarf að hafa náð 18 ára aldri og hafa búíð í réttu kynhlutverki í minnst tvö ár. Kynleiðrétting er algjörlega í höndum vinnuhóps fimm karlkyns lækna sem vinna í sjálfböðavinnu.

Læknarnir skilgreina hverjir eru transsexúalistar, hvað það er að vera kona og karl og hverjir eru tilbúnir til að gangast undir

kynleiðréttingu og fá að gera það. Í ritgerðinni kemur greinilega fram að aðgerðirnar byggja á velvilja Landlæknis og læknaþópsins enda hvorki lög né formlegar reglur fyrir hendi sem hægt er að styðjast við. Vinnuhópurinn fer eftir dönskum vinnureglum sem hafa dregist aftur úr í þróuninni.

„Má því ætla að endurskoðun á reglum og sveigjanleika vinnuhópsins hér á landi sé tímabær,“ segir Svandís Anna í ritgerð sinni.

## Ekki í boði hér

Kynleiðréttingaraðgerðin er gerð á spítala. Hér á landi byggist fyrirkomulagið á góðvild Landlæknis sem sér til þess að sjúklingurinn fari í og komist í gegnum aðgerðina. Kostnaðurinn er greiddur af Tryggingastofnun ríkisins. Stofnunin greiðir þó aðeins fyrir aðgerðina sjálfa, ekki aðrar aðgerðir sem tilheyra, til dæmis brjóstastækkunaraðgerðir, og er þannig skemmt á veg komin en tryggingastofnanir erlendis.

Aðeins einn skurdælknir gerir leiðréttingaraðgerðir hér á landi og eru aðgerðirnar ekki nógu margar til að halda honum við svo að leitað hefur verið eftir samstarfi við Danmörku.

Svandís Anna segir að lífið sé ekki fullkomið þótt leiðréttingaraðgerð sé lokið. Lífið geti orðið einmanalegt og erfitt geti reynt að vera stimplaður „kynskiptingur“, sérstaklega þegar viðkomandi skilgreinir sjálfan sig opinberlega sem transsexúalista. „En kjarkurinn sem það fólk sýnir er ómetanlegur í baráttunni gegn fordómum og hræðslu,“ segir í ritgerðinni.

Erlendis hafa komið upp mál þar sem fólk vill ganga í gegnum leiðréttingarferlið án þess að fara í skurdaðgerð en slík mál hafa ekki komið upp hér á landi. Ekki er víst að það væri hægt, til dæmis þar sem ekki eru til nein lög eða reglur um nafnbreytingu



ÁRALÖNG BARÁTTA FYLGIR Margvíslegir erfiðleikar fylgja því að fæðast af röngu kyni og fylgir því oft áralöng barátta, að sögn Svandísar Önnu Sigurðardóttur, sem skrifaði BA-ritgerð sína í sagnfræði og kynjfræði við Háskóla Íslands um transsexúalismum.

þeirra sem ætla að fara í aðgerð eða þá sem vilja nafnbreytingu án aðgerðar. „Það er ekki í boði hér á landi,“ segir Svandís Anna í ritgerð sinni.

Svandís Anna gerir fordóma að umtalfsni og segir að fólk sé dæmt eftir kynferði, til dæmis þegar þetta fólk sæki um nafna-

breytingu, því að það sé ekki leyft fyrr en kynfærum hafi verið breytt. Þá sendi vinnuhópur lækna bréf um að einstaklingurinn séu kominn í rétt kynhlutverk. Breytingin gerist þá samdægurs.

„Í stað þess að sjá hugrekki fólks í því að bera utan á sér sinn innri veruleika er talið að fólk sé svikult ef það samræmir ekki kyngervi og kynfæri við það sem telst „eðlilegt“. Því er ekki að furða að fólk gangi í gegnum erfiðar aðgerðir og langt ferli til að falla inn í ríkjandi kerfi,“ segir hún.

„Í stað þess að sjá hugrekki fólks í því að bera utan á sér sinn innri veruleika er talið að fólk sé svikult ef það samræmir ekki kyngervi og kynfæri við það sem telst „eðlilegt“.

## KYNSKIPTINGUR EÐA TRANSSEXÚALISTI?

Kynskiptingur er einstaklingur sem er í þann mund, eða í því ferli sem þarf til að breyta eða leiðrétt líkamlegt kyn. Þegar einstaklingurinn hefur lokið ferlinu er hann ekki lengur kynskiptingur heldur karl eða kona.

Fólk sem gengst undir aðgerðir er að samræma líkama og sál. Líkaminn er því lagfærður eða leiðréttur og því talað um leiðréttingu kyns frekar en kynskiptingu. Því eru notuð orðin transsexúalismi, transsexúalisti og kynleiðrétting.

### Sex lokið aðgerð

Minnst sex einstaklingar sem hafa lokið aðgerð búa hér á landi en þó eru þeir líklega mun fleiri. Tveir einstaklingar hafa gengist undir aðgerð hér á landi, hinir erlendis.

## MANNRÉTTINDI ÞVERBROTIN

Anna Jonna Ármannsdóttir rafeindaverkfræðingur segir að það komi sér ekkert á óvart að lagaumhverfið á Íslandi sé jafnt skammt á veg komið og í Danmörku því að Íslendingar hafi tekið margt upp eftir Dönum. Dönsku lögin um vönnun og afkynjun séu upphaflega frá um 1930. „Augljóst er að þau lög eiga alls ekki við þegar um er að ræða leiðréttingu á kyni,“ segir Anna Jonna.

Hún bendir á að vinnuhópur lækna beri einungis læknafræðilega ábyrgð en telur að stjórnvöld reyni að leggja ábyrgð á herðar þeim hvað varðar mannréttindi þessa hóps. Það sé ábyrgð sem læknarnir eigi engan veginn að bera.

Anna Jonna telur að mannréttindi hafi verið þverbrotin á transsexúalistum í mörg ár og ára-

tugi. „Það er eins og stjórnvöld treysti á það að læknarnir sjái um mannréttindi þessa hóps sem er alveg fátallegt fyrirkomulag. Læknarnir hafa um nóg annað að hugsa,“ segir hún.


Anna Jonna bendir á að samfélagið gangi út á það að fólk gefi upp nafn og sýni skirteini eða kennisþjald og það telur Anna Jonna vera hnýsni í einkalíf. „Það er verið að kafa á kyni fólks mörgum sinnum á dag. Þetta teljum við vera mannréttindabrot,“ segir hún og telur almennt reynt að gera transsexúalistum eins erfitt um vik og hægt er.

EIGA EKKI VIÐ „Augljóst er að þau lög eiga alls ekki við þegar um er að ræða leiðréttingu á kyni,“ segir Anna Jonna Ármannsdóttir rafeindaverkfræðingur um lög um afkynjun og vönnun.



## Starf við verðkannanir

FYLGIST  
MED OKKUR



VIÐ FYLGJUMST  
MED VERÐINU!

Við óskum eftir sjálfstæðum, röggsum og samvirksum starfskrafti til verðkannana.

Þarf helst að hafa unnið í matvöruverslun og/eða hafa góða vörupækkingu.

Starfstími í fullu starfi er 8-18 og helgarvinna er eftir samkomulagi en bæði getur verið um fullt starf og hlutastarf að ræða.

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst og hafi vinsamlegast samband við Svan starfsmannastjóra s: 691 9988 eða skrái sig inná [bonus.is](http://bonus.is).

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS





*Öndvegi*

HÚSGAGNAVERSLUN



[www.ondvegi.is](http://www.ondvegi.is), [ondvegi@ondvegi.is](mailto:ondvegi@ondvegi.is)

# RÝMINGAR- SALA 30-70% AFSLÁTTUR!

Vegna breytinga og flutninga á verslun okkar bjóðum við í takmarkaðan tíma allar vörur með 30-70% afslætti! • Fyrstir koma - fyrstir fá!

## FULL BÚÐ AF VÖRUM ÓTRÚLEGT VERÐ!

Opið í dag,  
sunnudag kl. 13-17.







# VAKMANNI!

STYRKERTÓNLEIKAR GEGN ÁTRÖSKUN

NASA 1. APRIL

**BJÖRK** ★ **MUGISON** ★ **LAY LOW**  
**PÉTUR BEN** ★ **KK** ★ **MAGGA STÍNA**  
**ESJA** (DANÍEL ÁGÚST // KRUMMI) ★ **WULFGANG**

EINNIG KOMA FRAM:

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR, MENNTAMÁLARAÐHERRA • SIV FRIDLEIFSDÓTTIR, HEILBRIGÐISRÁÐHERRA  
MATTHÍAS HALLDÓRSSON, LANDLÆKNIR • INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR, SAMFYLKINGIN  
KOLBRÚN HALLDÓRSÐÓTTIR, VINSTRI GRÆNIR • VILHJÁLmur Þ. VILHJÁLmSSON, BORGARSTJÓRI



**MÍÐAVERÐ 3.900 KR**  
**TAKMARKAÐUR MÍÐAFJÖLDI**  
MÍÐASALA Á MID.I.S, Í VERSLUNUM SKÍFUNNAR OG BT

**FORMA**  
SAMTOK ÁTRÖSKTUNARSTJÓKUNGA

WWW.FORMA.GO.IS

FRÉTTABLAÐIÐ

**mid.i.is**



## Rætt um Bjólf og Jónas



**Kl. 16.00**

**Silja Aðalsteinsdóttir** bókmenntafræðingur spjallar um *Sölu Völu* við gesti á Gljúfrasteini í tengslum við opna leshringinn Verk mánaðarins. Aðgangur er sem fyrr ókeypis og allir velkomnir. Útgangspunktur Silju er kvikmyndahandrit sem Halldór Laxness skrifaði veturinn 1927-1928 þegar hann dvaldi í Hollywood.

Bandaríska sendiráðið gengst fyrir heimsókn prófessorsins Dick Ringler hingað til lands en hann mun halda fyrirlestra í Háskóla Íslands á morgun og á þriðjudag. Ringler er prófessor emeritus við Wisconsin-háskóla í Madison, en þar kenndi hann fornslensku og norræn fræði í rúm þrjátíu ár. Hann er enn fremur heildsdoctur við Háskóla Íslands. Ringler mun ræða um fornenska frásagnarljóðið Bjólfskviðu sem verður gefið út í nýrri þýðingu fyrirlesarans síðar á þessu ári. Mun hann fjalla um ýmis álitamál sem tengjast þessu gamla kvæði og



**ÞÝÐANLEGUR JÓNAS** Bandaríski fræðimaðurinn Dick Ringler ræðir um þýðingar á verkum Jónasar Hallgrímssonar.

kynna leiklestur á þýðingunni sem kom nýlega út á geisladiski. Fyrirlesturinn verður haldinn á morgun milli kl. 12 og 13 í Odda við Sturlugötu. Í síðari fyrirlestrinum á þriðjudag mun Ringler fjalla um þýðingar á verkum Jónasar Hallgrímssonar og hvernig og hvort sé hægt að þýða form og merkingu skáldskaparins yfir á ensku. Fyrir nokkrum árum kom út ritið „Bard of Iceland“ sem hefur að geyma þýðingar fyrirlesarans á helstu skáldverkum Jónasar ásamt itarlegum skýringum og æviágripum skáldsins. Fyrirlesturinn verður kl. 12-13 í stofu 132 í Öskju við Sturlugötu.

**> Ekki missa af...**

tónleikum **Megasar og Píslarsveitarinnar** í **Hallgrímskirkju** í **Saurbæ** hinn 7. apríl næstkomandi. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni af **50 ára afmæli** kirkjunnar en þar verða flutt nokkrir Passíusálmar Hallgríms Péturssonar við lög eftir Megas.



**Kammerkór Biskupstungna** syngur einnig með á tónleikumunum en orgelleikari og stjórnandi þeirra er **Hilmar Örn Agnarsson**.

# menning

menning@frettabladid.is

**ABBA BABBA!** eftir Dr. Gunna

**FRABÆR** FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!

25. mars kl. 17.00 örfá sæti laus  
1. apríl kl. 14.00 og 1. apríl kl. 17.00

Miðasala í síma 555 2222  
eða á [www.midi.is](http://www.midi.is)  
[www.abbababb.is](http://www.abbababb.is)

Leikhúsið & Leikhusið



**KVENNAKÓR KÓPAVOGS** Flytur fjölbreytta efnisskrá í Salnum í tilefni afmælisins.

## Veglegir tónleikar

Kvinnakór Kópavogs fagnar fimm ára afmæli sínu með tónleikum í Salnum í dag. Kórinn var stofnaður af Natalíu Chow Hewlett. Fjöldi kórkvenna hefur verið breytilegur þessi fimm ár, síðustu misserin um 35-45 konur.

Kórinn hefur keppt að því frá stofnun að taka þátt í kórakeppni Musica Mundi í Búdapest og í apríl láta kórfélagar þann draum sinn rætast og ferðast þangað austur til að reyna sig við raddir meginlandsins.

Tvennir tónleikar hafa verið haldnir flest starfsárin og hefur kórinn oftast staðið einn að þeim.

Efnisskrá kórssins hefur verið fjölbreytt, til dæmis þjóðlög frá ýmsum löndum, kirkjútónlist, bítlalög og negrasálmar. Kórinn hefur líka sungið á fjölmörgum tungumálum öðrum en íslensku eins og ensku, ítölsku, latínu, þýsku, kínversku og ungversku.

Undirleikari kórssins frá upphafi hefur verið Julian Hewlett en tónleikumum á sunnudag fær kórinn einnig liðstyrk, söngkonan Regína Ósk Óskarsdóttir mun syngja einsöng með kórnum auk þess sem ungar raddir Englakórssins hljóma. Tónleikarnir á sunnudag hefjast kl. 14.

## Dóttir vísar veginn

Í Listasafni Íslands við Frikirkjuveg standa nú yfir yfirlitssýningar á verkum Jóns Engilberts og Jóhanns Briem. Í dag kl. 14 leiðir dóttir þess fyrrnefnda, Greta Engilberts, gesti safnsins um sýningu föður síns og ræðir um verk hans og lífshlaup.

Í tengslum við sýningarnar eru gefnar út bækur um listamennina. Í bók um Jóhann Briem skrifar dr. Halldór Björn Runólfsson safnstjóri Listasafns Íslands en í bók um Jón Engilberts skrifar Æsa Sigurjónsdóttir listfræðingur grein um Jón. Báðar bækurnar eru prýddar fjölda litmynda af verkum eftir listamennina. Sýn-



**MYNDLIST JÓNS ENGILBERTS**

ingarnar standa til 29. apríl en aðgangur að Listasafni Íslands er ókeypis.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

22 23 24 25 26 27 28

### Sunnudagur

#### TÓNLEIKAR

15.00 Styrktartónleikar til minningar um **Garðar Karlsson** tónlistarkennara. Nemendur og kennarar í **Tónlistarskóla Eyjafjarðar** halda tónleika í **Laugaborg** í **Eyjafjarðarsveit**. A efnisskránni er fjölbreytt tónlist frá ýmsum tímum. Tónleikarnir eru liður í vetrardagskrá Laugarborgar.

#### LEIKLIST

20.00 Allra síðasta sýning á leikritinu **Ismerica - take the tour with Paris and Tyra** verður sunnudagskvöldið 25. mars. Mæting er í **Kramhúsið** við **Bergstaðastraeti** en miðapantanir í síma 551-0343.

#### SÝNINGAR

12.00 Í **Listasafni Akureyrar** stendur yfir ljósmyndasýningin **Augliti til auglitis**. Fjórðan franskir myndlistarmenn eiga verk á sýningunni en markmið hennar er að veita innsýn í hvernig myndlistarmenn nútímans nota miðil ljósmyndarinnar. Sýningarstjóri er **Isabelle de Montfumat** en sýningin er liður í frönsku menningarkynningunni **Pourquoi Pas?**

13.00 **Bjarni Jónsson** listmálari sýnir um þessar mundir málverk í **Sjóminjasafninu** við **Grandagarð**. sem lýsa lífi og störfum sjómanna á tímum áraskipanna. Bjarni hefur í áratugi unnið að gerðmynda sem eru heimildir um líf forfeðra okkar og hafa myndir hans til dæmis prýtt hið mikla heimildir um íslenska sjávarhætti. Sýningin er opin á laugardögum og sunnudögum milli kl. 13-17.

#### SÍÐUSTU FORVÖÐ

13.00 **Guðrún Kristjánsdóttir** sýnir verk sín í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu. Yfirskrift sýningarinnar er **Veðurfar** en hana er að finna í Ásmundarsal og Gryfju. Guðrún vinnur jöfnum höndum í þrykk, myndbönd og flytur verk beint á vegg eða á rúðu, með málningu eða útskorinni fóliu. Sýningin stendur til 25. mars. Í **Aristofu** stendur yfir sýning franska listamannsins **Etienne de France LIVE SUCKS!** Sýningin er hluti af frönsku menningaráttinni **Pourquoi Pas?**

14.00 **Hlynur Hallsson** sýnir í **galleriBOXÍ** á Akureyri. Á sýningunni **LJÓS LICHT LIGHT** er verk sem samanstendur af borði og sætum sem gerð eru á afar einfaldan hátt úr froðuplastplötum og gæruskinni.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## Draumalandið

eftir Andra Sne Magnason

22. mars fimmtud. 2. sýn kl. 20:00

23. mars föstud. 3. sýn kl. 20:00

24. mars laugard. 4. sýn kl. 20:00

29. mars fimmtud. 5. sýn kl. 20:00

30. mars föstud. 6. sýn kl. 20:00

31. mars laugard. 7. sýn kl. 20:00

### HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ

Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á [www.midi.is](http://www.midi.is)

### Stóra sviðið kl. 20:00

**SITJI GUDS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson. Í dag sun. 25/3 kl. 14:00 örfá sæti laus, kl. 17.00 örfá sæti laus, sun. 1/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00, sun. 2/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00. Sýningum lýkur í apríl!

**LEG** - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flis. Mið. 28/3 örfá sæti laus, fim. 29/3 uppselt. fös. 30/3 örfá sæti laus, lau. 31/3 örfá sæti laus, fim. 12/4, fös. 13/4 örfá sæti laus, lau. 14/4, fim. 19/4, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus. Ath. nemendaafsláttinn og hópaafsláttinn. Námuafsláttur fá 35% afslátt ef greitt er með Námuafsláttinn.

### Smíðaverkstæðið kl. 20:00

**Hálsfesti Helenu** eftir Carole Fréchette. Frumsýning lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 örfá sæti laus, fös. 21/4.

### Kúlan

**PÉTUR OG ÚLFURINN** - Brúðsýning Bernds Ogronniks eftir verki Prokofievs. Í dag sun. 25/3 kl. 13:30 örfá sæti laus og kl. 15:00 örfá sæti laus. Allra síðustu sýningar!

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is).

Afgreiðsla er opin kl. 12:30 - 18:00 mán. - þri. Aðra daga kl. 12:30 - 20:00. Leikhúskjallarin er opin fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga. Upplýsingar í miðasölusíma.

Leikhúsbloggið er á [www.leikhusid.blog.is](http://www.leikhusid.blog.is) Fylgist með!

## „DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“

DAGUR VONAR

### SÍÐAN SKEIN SÓL

20 ára afmælistónleikar Mið 18/4 kl. 20 Miðav. 3.900

### VILTU FINNA MILLJÓN?

Lau 31/3 kl. 20 Sun 15/4 kl. 20  
Fös 20/4 kl. 20

### HÖRÐUR TORFA

Kertaljósatónleikar Mán 2/4 kl. 20 Miðav. 3.100

### EILÍF HAMINGJA

Í samstarfi við Hið lífandi leikhús  
Í kvöld kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl. 20 AUKAS.  
Sun 15/4 kl. 20 Pri 17/4 kl. 20

### LADDI 6-TUGUR

Lau 31/3 kl. 14 UPPS. Pri 3/4 kl. 20 UPPS.  
Mið 4/4 kl. 20 UPPS. Mið 4/4 kl. 22:30 UPPS.  
Fim 5/4 kl. 17 Fim 5/4 kl. 20 UPPS.  
Sun 15/4 kl. 14 UPPS. Mán 16/4 kl. 21 UPPS.  
Fim 19/4 kl. 14 Fim 19/4 kl. 17 UPPS.  
Fim 19/4 kl. 21 UPPS. Fös 27/4 kl. 20 UPPS.  
Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS. Fös 4/5 kl. 20  
Fös 4/5 kl. 22:30 Fim 10/5 kl. 20 UPPS.  
Fim 10/5 kl. 22:30 Mið 30/5 kl. 20 UPPS.

### FEBRÚARSÝNING ÍD

Í kvöld kl. 20 Síðasta sýning

### SÖNGLEIKURINN ÁST

Í samstarfi við Vesturport  
Fim 29/3 kl. 20 UPPS. Fös 30/3 kl. 20 UPPS.  
Lau 31/3 kl. 20 UPPS. Sun 1/4 kl. 20 UPPS.  
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 20  
Fös 20/4 kl. 20 Lau 21/4 kl. 20  
Sun 22/4 kl. 20 Mið 25/4 kl. 20 UPPS.  
Lau 28/4 kl. 20

Miðasala 568 8000  
[www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

### DAGUR VONAR

Í kvöld kl. 20 UPPS. Mið 18/4 kl. 20  
Fim 19/4 kl. 20 Fim 26/4 kl. 20  
Fös 27/4 kl. 20 Fim 3/5 kl. 20

### SÖNGLEIKURINN GRETTIR

Mið 28/3 kl. 20 FORSÝNING MIÐAVERÐ 1.500  
Fim 29/3 kl. 20 FORSÝNING UPPSELT  
Fös 30/3 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT  
Sun 1/4 kl. 20 2. sýning Gul kort  
Lau 14/4 kl. 20 3. sýning Rauð kort  
Lau 21/4 kl. 20 4. sýning Græn kort

### RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Í dag kl. 14 Síðasta sýning

### KILLER JOE

Í samstarfi við leikhúsið Skámána  
Fim 29/3 kl. 20 Fös 30/3 kl. 20  
Fim 5/4 kl. 20 Lau 14/4 kl. 20

### KARÍUS OG BAKTUS

Í dag kl. 13, 14, 15 UPPS.  
Sun 1/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.  
Sun 15/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.  
Sun 22/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.  
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR  
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR  
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

### ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Mið 28/3 kl. 20 AUKAS. Síðasta sýning

### MEZZOFORTE

Pri 27/3 kl. 18 Pri 27/3 kl. 21 UPPS.  
Miðaverð 2.500

## BORGARLEIKHÚSIÐ

**ÁST**

SÖNGLEIKUR EFTIR  
GÍSLA ÖRN GARDARSSON  
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Í samstarfi við Vesturport

29. mars - uppselt  
30. mars - uppselt  
31. mars - uppselt  
1. apríl - uppselt  
14. apríl - uppselt  
15. apríl - örfá sæti laus

Miðasala 568 8000  
[www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

**GIANNI SCHICCHI** Giacomo Puccini

**SUOR ANGELICA**

ÓPERUSTÚDÍÓ ÍSLENSKU ÓPERUNNAR: Systir Angelica og Gianni Schicchi eftir Puccini

**FÁAR SÝNINGAR - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA!**

2. sýn. sun. 25 mars kl. 20 - 3. sýn. þri. 27. mars kl. 20  
4. sýn. fim. 29. mars kl. 20 - LOKASÝNING

Þátttakendur eru nemendur í tónlistarskólum í söng og hljóðferaleik

**CAVALLERIA RUSTICANA - FRUMSÝNING Á ANNAN Í PÁSKUM**

Mánud. 9. apríl (annar í páskum) kl. 17.00 - FRUMSÝNING - UPPSELT  
2. sýn. mið. 11. apríl kl. 20 - 3. sýn. lau. 14. apríl kl. 20 - 4. sýn. sun. 15. apríl kl. 17

[www.opera.is](http://www.opera.is) | [opera@opera.is](mailto:opera@opera.is) | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ISLENSKA ÓPERAN  
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA  
Í 25 ÁR



EGILS PREMIUM OG MASTERCARD Í SAMVINNU VIÐ CONCERT KYNNA MEÐ STOLTI

STÓRTÓNLEIKAR Í HÖLLINNI MEÐ

# JOSH GROBAN

ÁSAMT  
SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
OG GOSPELKÓR  
REYKJAVÍKUR

LAUGARDALSHÖLL  
16. MAÍ 2007  
MIÐASALA HEFST  
29. MARS, KL. 10:00

MASTERCARD FORSALA  
28. MARS, KL. 10:00



Go to [joshgroban.com](http://joshgroban.com)



KOMIN Í VERSLANIR



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, [www.kreditkort.is/](http://www.kreditkort.is/) klubbar

**FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA  
Á WWW.MIDI.IS OG Í  
VERSLUNUM SKÍFUNNAR**

Einnig í verslunum BT úti á landi og í Hafnarfirði





**Nýtt í bíó**

FRÁ FRAMLEIÐENDUM TEXAS CHAINSAW MASSACRE OG THE AMITYVILLE HORROR

MEÐ SOPHIA BUSH ÚR ONE TREE HILL OG SEAN BEAN (NATIONAL TREASURE & LORD OF THE RINGS).

**THE HITCHER**

MAGNÁÐUR SPENNUTRYLLIR UM FERDALAG TVEGGJA HÁSKÓLANEMA Á ÓNEFNDUM ÞJÓÐVEGI Í USA OG HREMMINGUM PEIRRA!

STRANGLÉGA BÖNNUÐ INNAN 16 ÁRA

LÚXUS

FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA! ÞESSI ER STÓR... VIÐ MÆLDUM!

**EPIC MOVIE**

UPPLIFDU MYNDINA SEM FÉKK ENGIN ÓSKARSVERÐLAUN! FRÁBÆR GAMANMYND PÁR SEM GERT ER GRÍN AF HELSTU STÓRMYNDUM SÍÐASTA ÁRS.

BLEKKINGAMEISTARINN

FRUMSÝNING

EDWARD NORTON PAUL GIAMATTI JESSICA BIEL

**THE ILLUSIONIST**

ERKI ER ALLT SEM VÍNIST

VENUS

FRÁBÆR SKEMMTILEG! "FRÁBÆR SKEMMTILEG!" -S.V.MBL

FRÁBÆR LEIKUR OG EFTIRMINNILEG MYND! "S. FRETTABLAÐIÐ"

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 000

REGNBOGINN SÍMI 551 900

BORGARBIÓ SÍMI 462 3500

THE HITCHER	kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA
THE HITCHER SÝND Í LÚXUS	kl. 2, 4, 6, 8 og 10
EPIC MOVIE	kl. 2, 4, 6, 8 og 10 B.I. 7 ÁRA
THE NUMBER 23	kl. 8 og 10.15 B.I. 16 ÁRA
GHOST RIDER	kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 B.I. 12 ÁRA
ANNA & SKAPSVEIFLURNAR ISL. TAL	kl. 2 STUTTMYND
NIGHT AT THE MUSEUM	kl. 3.20 og 5.40

MIDASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á **midi.is**

450 kr. í bíó!

450 kr. í bíó!

450 kr. í bíó!

MIDASALA Í BORGARBIÓ Á **midi.is**

BÍÓ.IS - allt á einum stað

Sími 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

MÖGNUB SPENNEMYND

JASON STATHAM WESLEY SNIPES RYAN PHILLIPPE

**CHAOS**

FRÁBÆR GAMANMYND PÁR SEM GERT ER GRÍN AF HELSTU STÓRMYNDUM

ÞESSI ER STÓR... VIÐ MÆLDUM!

ÞEGAR KERFIÐ BREGST...

SÝND KL. 4, 6, 8 OG 10.15 B.I. 16

SÝND KL. 2, 6, 8 OG 10 B.I. 7

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS

EDDIE MURPHY

**NORBIT**

SÝND KL. 2, 4, 6, 8 OG 10

450 KR. Í BÍÓ

MIDASALA OPNAÐ KL. 1.30

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Gamanleikarinn **Adam Sandler** hljóp í skarðið fyrir **David Letterman** þegar hann veiktist skyndilega í maga og gat ekki stjórnað kvöldþætti sínum. Sandler átti að vera aðalgestur þáttarins þar sem hann ætlaði að kynna mynd sína *Reign Over Me*. Samþykkti hann að stjórna þættinum og fékk í staðinn **Don Cheadle**, sem leikur með honum í *Reign Over Me*, til að vera aðalgesturinn. Veikindi Lettermans voru ekki talin alvarleg og því mun Sandler varla stjórna fleiri kvöldþáttum fyrir hann í framtíðinni.



## Meðlimir Lordi í hryllingsmynd

Hljómsveitin ófrýnilega Lordi frá Finnlandi mun fara með aðalhlutverk í hryllingsmyndinni *Dark Floors* sem verður frumsýnd í lok ársins. Meðlimir sveitarinnar eiga einnig þátt í handriti myndarinnar, auk þess sem þeir syngja titillagið.

*Dark Floors* gerist á sjúkrahúsi og mun vera nokkurs konar blanda af bandarískum og japönskum hryllingsmyndum. Stefnt er að frumsýningu myndarinnar á kvikmyndahátíðinni í Cannes hinn 20. maí.

Lordi hefur haft í nógu að snúast síðan hún vann Eurovision-keppnina í fyrra. Sveitin hefur selt fjölda geisladiska og spilað víðs vegar um heiminn við miklar vinsældir.

Nú stefnir sveitin sem sagt á að leggja kvikmyndaheiminn að fótum sér og verður gaman að sjá hvernig hún kemst frá því verkefni.

LORDI Hljómsveitin Lordi leikur í nýrri hryllingsmynd.



Sími: 553 2075

LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus

**Ódýrt í bíó**

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.2

ATH. SÝND KL.2

LAUGARÁS BÍÓ 450 kr. á 2 sýningar

# PÁLL FÉKK 29 SKEYTI, NÆSTFLEST Í BEKKNUM.

Heillaskeyti á fermingardaginn er persónuleg leið til að tjá vináttu og væntumþykju.

Sendu skeyti - farðu inn á [www.postur.is](http://www.postur.is) eða hringdu í síma 1446.

Einfalt og skemmtilegt!

**NÝJUNG - GJAFASKEYTI**  
Nú getur þú sent gjafakort frá Kringlunni með heillaskeytinu. Þú hringir í síma 1446 og tilgreinir gjafaupphæð.



BYRJAFU DAGINN Á BÍÓFERÐ > SPARBÍÓ 450 kr á allar sýningar merktar með appelsínugula á laugardögum og sunnudögum

JOHN TRAVOLTA TIM ALLEN MARTIN LAWRENCE WILLIAM M. MACY

**WILD HOGS**

Stærsta grínmyndin í Bandaríkjunum á þessu ári

KVIKMYNDAUPPLIFUN ÁRSINS

PREPARE FOR GLORY!

**300**

★★★★★ kvikmyndir.is  
★★★★★ FBL  
★★★★★ VJV TOPPS.IS  
★★★★★ FBL

STÆRSTA OPNUN ÁRSINS

25 SAMBÍÓ

CLONEY · BLANCHETT · MAGUIRE

**The Good German**

George Clooney, Tobey Maguire og Cate Blanchett sýna stórleik í magnaðri mynd leikstjórans Steven Soderbergh

Sýnd í Háskólabíói

LILLY ALLEN · DREW BARRYMORE

**Music & Lyrics**

RÓMANTISK GÁSMANMYND

MURPHY · MURPHY

**NORBIT**

FEITASTA GRÍNMYND ÁRSINS

Frönsk- Kvikmyndahátíð 3. Mars Til 1. Apríl

THE GOOD GERMAN	kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20	B.16
LADY CHATTERLEY	kl. 4:00 - 5:40 - 8	B.16
300.	kl. 3:30 - 6 - 8:30 - 11	B.16
TELL NO ONE	kl. 3:30 - 10:20	B.16
MUSIC AND LYRICS	kl. 8	Leyfð
HORS DE PRIX	kl. 4 - 6 - 8	B.16
PARIS, JE T'AI ME	kl. 5:40	B.16
LES GUERRIERS DE LA BEAUTÉ	kl. 10:15	B.16

SAMBÍÓ / ÁLFABAKKA				SAMBÍÓ / KRINGLUNNI				SAMBÍÓ / KEFLAVÍK				SAMBÍÓ / AKUREYRI			
WILD HOGS	kl. 1:30-3:40-5:30-8-8:30-10:20-10:30	B.17		WILD HOGS	kl. 1:30-3:50-6-8:15-10:30	B.17	DIGITAL	WILD HOGS	kl. 8-10:10	Leyfð		WILD HOGS	kl. 4-6-8-10	B.17	
300.	kl. 5:30-8-10:30	B.16		300.	kl. 5:30-8-10:10-10:30	B.16	DIGITAL	300	kl. 5:30-10:10	B.16		300	kl. 5:40-8-10:20	B.16	
300. VIP	kl. 3-5:30-8-10:30			NORBIT	kl. 1:30-3:40-5:50-8	Leyfð		NORBIT	kl. 3:40-5:50-8	Leyfð		VEFURINN HEN...	kl. 2	Leyfð	
BLOOD & CHOCOLATE	kl. 5:50-8	B.12						BRIDGE TO TERABITHIA	kl. 1:40-3:40	Leyfð		BRIDGE TO TERABITHIA	kl. 2-4	Leyfð	
MUSIC & LYRICS	kl. 5:50-8-10:20	Leyfð						VEFUR KARL...	kl. 1:40	Leyfð					

# Tom Cruise leikur nasista

Leikarinn Tom Cruise ætlar að fara með aðalhlutverkið í nýrri kvikmynd sem gerist í seinni heimsstyrjöldinni. Cruise ætlaði upphaflega aðeins að framleiða myndina og hafði ráðið Bryan Singer, sem leikstýrði meðal annars The Usual Suspects og Superman Returns, til að leikstýra myndinni.

því að öllum líkindum í aðalhlutverkinu. Myndin fjallar um áætlun þýskra hershöfðingja um að myrða yfirmann sinn Adolf Hitler með því að koma sprengju fyrir í sprengju-byrgi hans. Eins og flestir vita gekk það ekki eftir því Hitler batt sjálfur enda á líf sitt í byrginu.



**TOM CRUISE** Cruise fer með aðalhlutverkið í nýrri stríðsmynd.

**FRÉTTIR AF FÓLKI**

Breska söngkonan **Lily Allen** var ekki ánægð með áhorfendur á tónleikum sínum á South by Southwest-hátíðinni í Texas á dögunum. „Þetta var allt mjög skrítið. Það eru allir öfugsúnir í Texas og jafnvel verri í Arkansas og Wyoming. Bandaríkjamenn eru svo ólíkir mér og því sem ég stend fyrir.“

**Kaupum frimerki**

Gömul umslög og póstkort, peningaseðla, brauðpeninga, stimpil-, spari- og orlofsmerki auk annarra gamla söfnunarnuma.

Allt frá stökum hlutum upp í stærri söfn

Gerum sanngjörn staðgreiðslutilboð

Verðum á ferð um Norðurland 28. mars- 1. apríl

Frimerki ehf.  
S: 692-9528, naphila@internet.is

KVIKMYNDAKLÚBBURINN

**FJALA KÖTTURINN**

SUNNUDAGUR 25. MARS

TJARNARBÍÓI SKRÁNING

FILMFEST.IS STENDUR YFIR

**ATH. MYNDIRNAR ERU EKKI VIÐ HÆFI YNGRI EN 16 ÁRA**

**KLUKKAN 17.00**  
ÁSTARINNAR KRÓKALEIÐ  
(Twisted Path of Love /Koibito tachi wa nureta), (JAP), Tatsumi Kumashiro, 1973.

**KLUKKAN 19.00**  
RAUÐHÆRÐA KONAN  
(The Woman with Red Hair /Akai kami no onna) (JAP), Tatsumi Kumashiro, 1979.

**KLUKKAN 21.00**  
VERÖLD GEISJUNNAR  
(World of Geisha /Yojoan fusuma no urabari) (JAP), Tatsumi Kumashiro, 1973.

# PÁLL FÉKK 29 SKEYTI, NÆSTFLEST Í BEKKNUM.

Heillaskeyti á fermingardaginn er persónuleg leið til að tjá vináttu og væntumþykju. Sendu skeyti - farðu inn á [www.postur.is](http://www.postur.is) eða hringdu í síma 1446. Einfalt og skemmtilegt!

**NÝJUNG - GJAFASKEYTI**

Nú getur þú sent gjafakort frá Kringlunni með heillaskeytinu. Þú hringir í síma 1446 og tilgreinir gjafaupphæð.



## > Birgir Leifur á einu undir pari

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson lék þriðja hringinn á Madeira-móttinu í Portúgal í gær á 71 höggi, eða einu undir pari. Leikur Birgis var nokkuð stöðugur en hann fékk fjóra fugla og þrjá skolla á hringnum. Hringurinn í gær var aðeins lakari en hringurinn á föstudag, þegar hann kom í hús á 70 höggum. Fyrsta hringinn lék Birgir á 74 höggum. Hann er í 35. sæti fyrir lokahringinn.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## Helena Sverrisdóttir

1. Snæfell, KR, Grindavík og Njarðvík. (1 stig)
2. 14 stig. (0)
3. Grænhöfðaejyar. (1)
4. FH hjá körlunum og Valur í kvennaflokki. (1)
5. Kevin Federline og Justin Timberlake. (1)
6. Það var alla vega skandall, ég segi 7. sæti. (0)
7. 300. (1)
8. The Departed. (1)

Samtals: 6 stig.

Helena marði nauman sigur á stöllu sinni úr Haukum. Pálína sagðist þó mjög líklega ætla að kæra úrslit keppinnar.



## EINVÍGIÐ

1. Hvaða fjögur lið eru komin í undanúrslit Iceland Express deildar karla?
2. Hvað skoraði Helena/Pálína mörg stig að meðaltali í deildinni í vetur (má námunda)?
3. Hvort liðið er fyrir ofan Ísland á styrkleikalista FIFA, Grænhöfðaejyar eða Gabon?
4. Hverjir eru Íslandsmeistarar karla og kvenna í fótbolta?
5. Nefndu tvo af fyrri kærustum Britney Spears.
6. Í hvaða sæti lenti Ísland á HM í handbolta í Þýskalandi?
7. Hversu margir Spaugstofuþættir hafa lítið dagsins ljós?
8. Hvaða mynd var valin sú besta á nýfstaðinni Óskars-verðlaunahátíð?

## Pálína Gunnlaugsdóttir

1. Njarðvík, KR, Snæfell og Grindavík. (1 stig)
2. 22 stig. (0)
3. Ég segi Grænhöfðaejyar. (1)
4. Ég held Valur og FH. (1)
5. Kevin Federline og Justin Timberlake. (1)
6. 6. sæti. (0)
7. Allt of margir. (0)
8. The Departed. (1)

Samtals: 5 stig.

Rétt svör: 2. Helena 21,2 - Pálína 9. 3. Grænhöfðaejyar (79. sæti, Ísland í 86. sæti og Gabon í 98. sæti). 5. Kevin Federline og Justin Timberlake og fleiri. 6. 8. sæti. 7. 300.



## ÚRSLIT

### DHL-deild karla:

HAUKAR-AKUREYRI 27-28 (15-13)  
**Mörk Hauka:** Guðmundur Pedersen 8/4, Andri Stefan 5, Árni Þór Sigtryggsson 3, Freyr Brynjarsen 3, Kári Kristjánsson 3, Sigurbergur Sveinsson 3, Gísli Jón Þórisson 2/1.  
**Varin skot:** Magnús Sigmundsson 19.  
**Mörk Akureyrar:** Goran Gusic 6/6, Magnús Stefánsson 5, Nikola Jankovic 5, Rúnar Sigtryggsson 3, Einar Logi Friðjónsson 2, Þorvaldur Þorvaldsson 2, Hörður Fannar Sigþórsson 2, Andri Snær Stefánsson 1, Ásbjörn Friðriksson 1, Aigars Lazdins 1.  
**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 20.

### STABAN:

1. VALUR	16	12	1	3	457:419	25
2. HK	16	11	2	3	443:407	24
3. FRAM	16	9	1	6	488:448	19
4. STJARNAN	16	9	0	7	438:429	18
5. AKUREYRI	17	7	2	8	454:469	16
6. HAUKAR	17	4	4	9	477:499	12
7. FYLKIR	16	4	2	10	442:475	10
8. ÍR	16	3	0	13	450:503	6

### DHL-deild kvenna:

HAUKAR-STJARNAN 26-32 (12-13)  
**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 11/6, Hanna Stefánsdóttir 4, Erna Halldórsdóttir 4, Harpa Melsted 3, Lilja Hauksdóttir 3, Sigrún Brynjólfssd. 1.  
**Varin skot:** Helga Torfad. 12, Bryndís Jónsd. 3.  
**Mörk Stjörnunnar:** Kristín Guðmundsdóttir 9, Sólveig Lára Kjærnested 7, Anna Blöndal 4, Elisabet Gunnarsdóttir 3, Kristín Clausen 3, Rakel Dögg Bragadóttir 3/3, Jóna Margrét Ragnarsdóttir 2/1, Alina Petrasche 1.  
**Varin skot:** Florentina Grecu 18.  
HK-GRÓTTA 25-21  
FH-FRAM 23-31

### STABA EFSTU LIÐA:

1. STJARNAN	20	17	1	2	624:408	35
2. GRÓTTA	21	13	3	5	527:466	29
3. VALUR	20	13	2	5	535:472	28
4. HAUKAR	21	13	1	7	586:530	27
5. FRAM	21	9	3	9	495:517	21

# Falldraugur í Firðinum

Handboltastórveldið Haukar riðar til falls eftir tap gegn Akureyri í gær, 27-28. Liðið gæti verið komið í fallsæti í dag. Akureyri svo gott sem sloppið við fall.

**HANDBOLTI** Það er af sem áður var. Handboltastórveldið Haukar heldur áfram að valda vonbrigðum og tap gegn Akureyri, 27-28, á heimavelli í gær gæti reynst dýrkeypt. Ef Fylkir sigrar ÍR í dag fer Fylkir upp að hlið Hauka en þessi lið mætast svo um næstu helgi í leik sem verður klárlega upp á líf og dauða fyrir bæði lið.

Staða Hauka í deildinni er mjög svo áhugaverð en liðið er vel mannað og ótrúlegt að Páll Ólafsson sé á góðri leið með að sökkva því. Hans tími var liðinn fyrir nokkuð löngu - það sáu flestir - og afskiptaleysi stjórnarinnar gæti reynst félaginu dýrkeypt því Páll á engin svör, hann virðist ekki ná til leikmanna, liðið er heillum horfið og höndlar engan veginn spennuleiki.

Þeir tapast nánast allir og leikurinn í gær var þar engin undantekning. Því er ekki að neita að falldraugurinn er á sveimi í Firðinum.

Haukarnir voru með unninn leik gegn Akureyri í gær en glutruðu leiknum niður á hreint ótrúlegan hátt á síðustu tíu mínútunum þar sem leikur liðsins var ráðleysislegur og hvorki leikmenn né þjálfari áttu svör við sterkum varnarleik Norðanmanna.

Lykilmenn halda áfram að valda



SEIGIR Hinir þunglamalegu Akureyringar eru ótrúlega seigir og þeir fóru langt á seigluinni í gær. Þeir sjást hér fagna í leiknum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

vonbrigðum og verulegur skortur er á sjálfstrausti hjá mönnum sem hafa hingað til átt að vera með þeim efnilegri eða betri hér á landi.

Haukar eru að sögn gjaldþrota

utan vallar og eru það klárlega innan vallar. Því er ekki nema von þótt menn spyrji sig að því hvort fall úr úrvalsdeild geti riðið handknattleiksdeildinni að fullu.

henry@frettabladid.is



MEISTARAR Það er aðeins tímarspursmál hvenær Stjarnan verður krýnd meistari og það vita stelpurnar vel sjálfar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stjornustúlkur með níu fingur á titlinum:

## Kristín og Sólveig Lára sáu um Haukastúlkur

**HANDBOLTI** Stjornustúlkur eru komnar með níu fingur á Íslandsmeistarabikarinn. Það varð ljóst eftir að liðið lagði Hauka sannfærandi, 26-32, á Ásvöllum í gær og síðar um daginn tapaði Gróttta. Leikurinn var í járnnum framan af en Stjarnan skreidd síðan fram úr í síðari hálfleik og leit aldrei til baka.

Stjarnan á fjóra leiki eftir af móttinu og þar af eru þrír gegn þrem neðstu liðum deildarinnar. Meidsli setja ekki strik í reikninginn hjá Stjornunni því liðið hefur yfir mun meiri breidd að ráða en önnur lið deildarinnar.

Stjarnan er með langbesta mannskapinn í deildinni og það hefði verið kjaftshögg fyrir Að-

alstein þjálfara ef hann hefði ekki skilað titlinum í ár sem er nú innan seilingar. Þrátt fyrir það verður ekki tekið af honum að stelpurnar hans eru mjög vel þjálfaðar og liðið leikur skemmtilegan bolta.

Breiddin og líkamlegi styrkurinn kom vel í ljós í gær þegar varamennirnir Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Lára Kjærnested sáu um að afgreiða Haukaliðið.

Stjornuliðið var líka á allt öðrum hraða og hreinlega keyrði yfir Haukastúlkur. Stjornustúlkur eru vel að væntanlegum titli komnar. Til hamingju Stjornustúlkur.

- hbg

## ÚRSLIT

### Undankeppni EM:

#### A-RÍÐILL:

KASAKSTAN-SERBÍA	2-1
PÓLLAND-ASERBAÍDSJAN	5-0

#### B-RÍÐILL:

FÆREYJAR-ÚKRAÍNA	0-2
SKOTLAND-GEORGÍA	2-1
LITHÁEN-FRAKKLAND	0-1
- Nicolas Anelka (73.).	

#### C-RÍÐILL:

MOLDÓVA-MALTA	1-1
NOREGUR-BOSNÍA	1-2
GRIKKLAND-TYRKLAND	1-4

#### D-RÍÐILL:

ÍRLAND-WALES	1-0
Stephen Ireland.	
KÝPUR-SLÓVAKÍA	1-3



HASAR Rooney og Ben Haim stungu saman nefjum í Ísrael.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

#### E-RÍÐILL:

EISTLAND-RÚSSLAND	0-2
ÍSRAEL-ENGLAND	0-0
KRÓATÍA-MAKEDÓNÍA	2-1

#### F-RÍÐILL:

LIECHTENSTEIN-NORÐUR-ÍRLAND	1-4
-----------------------------	-----

Spánn-Danmörk ekki búinn áður en Fréttablaðið fór í prentun.

#### G-RÍÐILL:

ALBANÍA-SLÓVENÍA	0-0
LÚXEMBOURG-HVÍTA-RÚSSLAND	1-2
HOLLAND-RÚMENÍA	0-0



SIGURVEGARAR Guðmundur Stephensen og Guðrún Björnsdóttir sjást hér með verðlaun sín í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Grand Prix-mót í borðtennis:

## Guðmundur óstöðvandi

**BORÐTENNIS** Guðmundur Stephensen Víkingi undirstrikaði yfirburði sína í íslenska borðtennisheiminum í gær þegar hann vann auðveldan sigur á Grand Prix-móti Rafkaupa.

Guðmundur lagði Kristján Jónasson Víkingi í úrslitum, 4-0, og allar loturnar næsta auðveldlega.

Í kvennaflokki sigraði Guðrún Björnsdóttir KR en hún lagði Víkinginn Magneu Ólafsdóttur í úrslitum, 4-1.

- hbg

## Do you want to study Fashion Design?



- Do you want to study in Denmark?
- Do you want to study in Denmark in an international environment?
- Are you looking for a programme which gives you good job opportunities?
- Are you interested in Fashion Design?
- Are you looking for a short education at university level?

Do as Kristin Holmgeirsdóttir and other young students.

Every year The Academy of Southern Denmark in Sønderborg welcomes students from Iceland. Come and join us! Sønderborg has an active "Íslendingafélag". Visit our website [www.sdes.dk](http://www.sdes.dk) to read more about your future in Denmark.

Syddansk Erhvervsakademi

Grundtvigs Allé 88  
DK-6400 Sønderborg  
Tlf. +45 7412 4141  
[www.sdes.dk](http://www.sdes.dk)



# PANASONIC DVD UPPTÖKUTÆKI FYLGIR ÖLLUM PANASONIC VEGGSJÓNVARPUM



Panasonic 42"  
PLASMA VEGGSJÓNVARP  
TH42PV60

**HD ready**  
Upplausn fyrir næstu kynslóðar Blueraý og HD-DVD spilara

**2X HDMI tengi**  
Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar Blueraý og HD-DVD spilara

**Skerpa 1:10.000**  
Svartur er dekkri og hvítur er bjartari

**V-real myndstýring**  
Frábær myndgæði

**Svartími 8ms**  
Myndin flóktir ekki og íþróttir komast vel til skila

**VGA tengi**  
Notaðu sjónvarpið sem 42" tölvuskjá

HD  
ready

40.000  
VERÐIÆKKUN

259.999

PANASONIC DMRES15 VERDLAUNA  
DVD UPPTÖKUTÆKI FYLGIR  
FYLGIR 24.999  
WHAT HI-FI? SOUND AND VISION

BT  
25.825\*  
12 mánaða

BT  
14.113\*\*  
24 mánaða

BT  
10.209\*\*\*  
36 mánaða

BT  
LÁN™



32"

Panasonic

Panasonic 32"  
LCD VEGGSJÓNVARP  
TX32LX60

**HD ready**  
Upplausn fyrir næstu kynslóðar Blueraý og HD-DVD spilara

**2X HDMI tengi**  
Stafrænt tengi fyrir næstu kynslóðar Blueraý og HD-DVD spilara

**Skerpa 1:1200**  
Svartur er dekkri og hvítur er bjartari

**V-real myndstýring**  
Frábær myndgæði

**Svartími 8ms**  
Myndin flóktir ekki og íþróttir komast vel til skila

**VGA tengi**  
Notaðu sjónvarpið sem 32" tölvuskjá

HD  
ready

169.999


PANASONIC DMRES15 VERDLAUNA  
DVD UPPTÖKUTÆKI FYLGIR  
FYLGIR 24.999  
WHAT HI-FI? SOUND AND VISION

BT  
16.938\*  
12 mánaða

BT  
9.280\*\*  
24 mánaða

BT  
6.727\*\*\*  
36 mánaða

BT  
LÁN™



**DVD upptökutæki og spilari**  
Vandaður spilari og multiformat upptökutæki

**TimeSlip**  
Taktu upp á meðan þú spilar (DVD-RAM)

**MP3 og JPEG afspilun**  
Spilar tónlist og sýnir ljósmyndir

**500 línu LP mode**  
Long play með miklum myndgæðum

FYLGIR  
24.999



**Panasonic**  
DMRES15



## ÚRSLIT

## Iceland Express-deild karla:

**NJARÐVÍK-GRINDAVÍK** 96-78  
**Stig Njarðvíkur:** Igor Beljanski 24 (hitti úr 10 af 13 skotum, 5 fráköst, 4 stoðs.), Jóhann Árni Ólafsson 15 (11 frák.,) Jeb Ivey 15 (6 stoðs.), Friðrik Stefánsson 10 (5 frák., 6 stoðs.), Egill Jónasson 6, Brenton Birmingham 6 (9 frák., 4 stoðs.), Guðmundur Jónsson 5, Ragnar Ragnarsson 5, Halldór Rúnar Karlsson 4, Hjörtur Hrafn Einarsson 4, Kristján Sigurðsson 2.

**Stig Grindavíkur:** Páll Axel Vilbergsson 24 (6 frák.), Björn Steinar Brynjólfsson 13, Adama Darboe 12 (7 stoðs.), Þorleifur Ólafsson 9 (4 stoðs.), Jonathan Griffin 9 (4 stoðs.), Páll Kristinsson 8 (13 frák., 3 varin), Sigurður Sigurbjörnsson 2, Davíð Páll Hermannsson 1.

Staðan í einvíginu er 1-0 fyrir Njarðvík.

## Iceland Express-deild kvk:

**GRINDAVÍK-KEFLAVÍK** 100-94  
**Stig Grindavíkur:** Tamara Bowie 42 (15 frák., 9 stoðs.), Hildur Sigurðardóttir 24 (16 frák.), Ingibjörg Jakobsdóttir 14, Ólöf Helga Pálsdóttir 9 (9 frák.), Jovana Lilja Stefánsdóttir 4, Petrunella Skúladóttir 4, Íris Sverrisdóttir 3.

**Stig Keflavíkur:** Bryndis Guðmundsdóttir 26, Kesha Watson 24 (15 frák., 7 stolnir, 7 stoðs.), Birna Valgarðsdóttir 16 (22 mín.), María Ben Erlingsdóttir 15 (8 frák.), Margrét Kara Sturludóttir 7 (4 varin, 16 mín.), Svava Ósk Stefánsdóttir 4 (7 frák., 4 stoðs.), Marín Rós Karlsdóttir 2.

Staðan í einvíginu er 1-1.



**KOBE BRYANT** Kóngurinn í NBA-boltanum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Kobe Bryant sjóðheitur:

## Yfir 50 stig fjóra leiki í röð

**KÖRFUBOLTI** Það er um lítið annað talað í NBA-boltanum þessa dagana en frammistöðu Kobe Bryant. Hann er búinn að spila fjóra leiki í röð þar sem hann hefur skorað yfir 50 stig.

Hann er aðeins annar leikmaðurinn í sögu NBA sem nær slíkum árangri en hinn er Wilt Chamberlain. Hann náði að skora yfir 50 stig í sjö leikjum í röð leiktíðina 1960-61.

Lakers hefur unnið alla þessa leiki en Kobe var með 65 stig í fyrsta leiknum, 50 í næsta, 60 í þriðja og svo aftur 50 stig í fjórða leiknum. -hb

# Meistararnir afvopnuðu skyttur Grindavíkur

Íslandsmeistararnir frá Njarðvík eru komnir með 1-0 forystu í einvíginu gegn Grindavík eftir 96-78 sigur í Ljónagryfjunni í gær. Vörn Njarðvíkur sýndi styrk sinn frá upphafi er hún afvopnaði skyttur Grindavíkur.

**KÖRFUBOLTI** Njarðvíkurhúsið bar nafn með réttu í gær því sigur-reiðir Grindavíkingar, eftir tvo útsigra í Borgarnesi, gengu hreinlega á vegg í fyrsta leikhlutunum í gær. Njarðvík vann hann 32-10 og Grindavíkurliðið setti aðeins niður 1 skot af 14 í leikhlutunum. Eftir það var leikurinn í öruggum höndum Íslandsmeistaranna, sem hafa nú unnið 18 leiki í röð og eru komnir í mikinn meistarahan. Í lokin munaði 18 stigum, 96-78, en síðustu þrjú leikhlutarnir voru aðeins formsatriði eftir þessar ótrúlegu upphafsminútur einvígisins.

„Þetta var merki um það að við vorum virkilega tilbúinir. Það er mikið búið að tala um flugið á Grindavík. Ég benti mínum mönnum á að við vorum búinir að vinna 17 leiki í röð og ef það kallast ekki flug þá veit ég ekki hvað,“ sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, eftir leikinn.

„Við vitum alveg um hvað þetta Grindavíkurlið snýst og hvar þeirra veikleikar eru. Við ætlum að nýta okkur það og gerðum það lengi vel í þessum leik í dag. Við horfum á það þannig að Darboe, Þorleifur og Griffin eru þeir sem við þurfum fyrst og fremst að stoppa. Það er erfitt að stoppa Pál Axel og við reynum bara að hægja á honum,“ sagði Einar Árni.

„Ég er búinn að segja það mjög oft í eyrun á mínum mönnum að þetta einvígi snýst bara um okkar vörn og ekkert annað. Ef við spilum okkar vörn þá vinnum við þetta einvígi. Þeir geta lagt upp með að stoppa Brenton eða að stoppa Ivey en okkar lið snýst ekki um tvo menn,“ bætti Einar Árni við.

Kvöldið í gær var kvöld þeirra Igors Beljanski (24 stig, 77% skotnýting, 5 fráköst, 4 stoðsendingar á 23 mínútum) og Jóhanns Árna Ólafssonar (15 stig og 11 fráköst) í sóknarleiknum. Igor var til dæmis með 15 stig eftir 8 mínútna leik þegar Grindavíkurliðið var komið 24-4 undir í leiknum.

„Ég get ekki útskýrt það hvað



**TVO STIG** Jóhann Árni Ólafsson átti frábæran leik fyrir Njarðvík í gær. Hann sést hér skora tvö af fimmtán stigum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

fór úrskeiðis í byrjun. Þessi leikur kláraðist í fyrsta leikhluta, við náðum aldrei að ógna þeim verulega og við þurfum að gera miklu miklu betur en þetta. Við vorum langt frá okkar besta leik,“ sagði Friðrik Ragnarsson, þjálfari Grindavíkur, eftir leikinn.

„Menn voru að bauka hver í sínu horni og við vorum ekki að vinna saman sem lið. Það verður að vinna saman sem lið og spila skipulega sókn á móti liði eins og Njarðvík. Við gerum ekkert sem einstaklingar á móti þeim en við getum unnið þá sem lið,“ sagði Friðrik.

„Við eigum Griffin alveg inni því hann gat ekkert að þessu

sinni,“ sagði Friðrik Ragnarsson um Bandaríkjamanninn sinn Jonathan Griffin, sem skoraði 27 stig að meðaltali í Skallagrímseinvíginu en skoraði aðeins 9 stig í gær og klikkaði á 8 af 10 skotum sínum.

„Hann var búinn að vera mjög traustur undanfarnar vikur og skora yfir 25 stig í hverjum leik þannig að ég er mjög ánægður með varnarleikinn hjá Brenton, Gumma og Jóa á hann. Það er frábær vinna að halda honum í 9 stigum,“ sagði Einar Árni um framgöngu sinna manna gegn Griffin, sem þurfti auk þess að yfirgefa völlum með fimm villur. -hb



**KOLBEINN SIGÞÓRSSON** Þessi efnilegi strákur leikur líkast til ekki með HK í nánustu framtíð.

## Íslenska U-17 liðið áfram: Kolbeinn skoraði fjögur mörk

**FÓTBOLTI** Íslenska U-17 ára landsliðið er komið áfram upp úr milli-riðli fyrir EM eftir ótrúlegan sigur á ríkjandi meisturum í þessum aldursflokki, Rússum. Íslenska liðið fer því í sjálfa loka-keppnina sem fram fer í Belgíu í byrjun maí.

Ísland tapaði ekki leik í riðla-keppninni og vann þar með riðilinn. Portúgal var með jafn mörg stig og Ísland en lakari markatölu og situr því eftir með sárt ennið.

Ísland vann leikinn 6-5 eftir að hafa verið yfir í hálfleik 5-0. Hinn magnaði leikmaður HK, Kolbeinn Sigþórsson, gerði sér lítið fyrir og skoraði fjögur mörk í leiknum, öll í fyrri hálfleik. Hin mörk Íslands skoruðu Frans Elvarsson og Aaron Palomares.

Ísland komst í 6-0 í leiknum en rússneski björninn hresstist heldur betur í kjölfarið. Hann vaknaði þó of seint og Ísland fagnaði sigri.

Glæsilegur árangur hjá strákunum en Lúkas Kostic þjálfar liðið. -hb

Þýski handboltinn:

## Lemgo lagði Grosswallstadt

**HANDBOLTI** Íslendingaliðin Grosswallstadt og Lemgo áttust við í þýsku úrvalsdeildinni í gær en leikurinn var sérstaklega mikilvægur fyrir Lemgo, sem berst um sæti í Evrópukeppnum að ári.

Lemgo fór með sigur af hólmi á útivelli, 27-29. Ásgeir Örn Hallgrímsson skoraði fjögur mörk fyrir Lemgo en Logi Geirsson var fjarverandi vegna meiðsla. Alexander Petersson skoraði sex mörk fyrir Grosswallstadt, sem saknaði að sjálfsgöðu Einars Hólmgeirssonar sem er meiddur á ný.

Lemgo er í sjöunda sæti deildarinnar en Grosswallstadt í því tíunda. -hb

Grindavík jafnaði metin gegn Keflavík í frábærum framlengdum leik:

## Nú dugði stórleikur Tamöru Bowie til sigurs fyrir Grindavík

**KÖRFUBOLTI** Grindavík jafnaði metin í 1-1 í undanúrslitaevígi sínu gegn Keflavík með 100-94 sigri á Keflavík í æsispennandi framlengdum leik í Grindavík í gær. Leikurinn var frábær skemmtun enda keyrðu bæði lið upp hraðann og skiptust á að ná yfirhöndinni með góðum spretum. Tamara Bowie átti enn einn stórleikinn og endaði hann aðeins einni stoðsendingu frá þrefaldri tvennu en hún var með 42 stig, 15 fráköst og 9 stoðsendingar.

Það stefndi í að þessi leikur þróaðist eins og sá fyrsti þar sem Bowie skoraði 28 stig í fyrri hálfleik en gaf svo eftir og Keflavíkurliðið sneri leiknum sér í hag í fjórða leikhluta.

Nú var Bowie aftur komin með 30 stig í hálfleik, Grindavík var 9 stigum yfir, 58-49, og aftur var eins og Bowie hefði klárað bensínið. Bowie nýtti aðeins eitt af sjö skotum sínum í þriðja leikhlutunum og eftir hann var Keflavík komið með forustuna, 66-69.

Hver sókn skipti síðan gríðarlegu máli í lokaleikhlutunum þar sem liðin skiptust á að hafa forustuna. Átta stig Birnu Valgarðsdóttur á síðustu fjórum mínútum virtust vera að koma Keflavík í lykilstöðu í einvíginu en Ólöf Helga Pálsdóttir átti eftir að segja



**BARÁTTA** Hildur Sigurðardóttir og félagar í Grindavík börðust til síðasta blóðdropa í gær og uppskáru sigur. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

sitt síðasta. Ólöf kom ekkert við sögu í fyrsta leiknum en spilaði lykhillutverk á lokakaflanum og náði meðal annars sóknarfrákasti, skoraði og setti niður víti að auki en með því kom hún muninum niður í tvö stig, 87-89.

Það var síðan umrædd Tamara Bowie sem tryggði Grindavík í framlenginguna með laglegri kórðu. Í framlengingunni voru það hins vegar þristar frá þeim Ólöfu Helgu og Ingibjörgu Jakobsdótt-

ur sem reyndust banabiti Keflavíkurliðsins en í bæði skiptin fann Bowie þær opnar fyrir utan eftir að hafa dregið til sín Keflavíkurvörnina.

Þessi lið eru mjög jöfn og það kæmi ekki á óvart ef þetta einvígi færi alla leið í oddaleik, sem er ekki slæm tilhugsun enda leikir þessara liða frábær skemmtun og glæsileg auglýsing fyrir kvenna-körfuna. -66

### BLEKKINGAMEISTARINN

FRUMSÝND 23. MARS

SÝND Í REGNBOGANUM



1 Ekkert hlé

2 Minna af auglýsingum

3 Engin truflan

græna ljósið

Ekkert hlé á góðum myndum

FRÉTTABLAÐIÐ

2 fyrir 1 allar frumsýningarhelgar gegn framvísun þessarar úrklippu.



Ennþá til  
miðar í stæði

# Laugardalshöll 28. mars

Hljómleikar hefjast stundvíslega kl. 20.00

Húsið opnar kl. 18.00

## Miðaverð:

A-stúka kr. 11.900

B-stúka kr. 9.900

Stæði kr. 5.900

## Miðasala

midi.is, Skífan Laugavegi 26,  
Kringlunni og Smáralind

Einnig BT Akureyri, BT Egilsstöðum  
og BT Selfossi

[www.cliffrichard.org](http://www.cliffrichard.org)



LÉTT  
BYLGJAN  
967  
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

IH  
ICELANDAIRHOTELS

midi.is

BÍLALEIGA  
AKUREYRAR  
Hóldur

National  
Car Rental

Coca-Cola  
light.



I music

Sony Ericsson



## Sony Ericsson W300i

Flottur Walkman® samlokuísmi  
– og þú nýtur tónlistarinnar hvar sem er

Innbyggð 20 MB minni • 256 MB minniskort fylgir með  
Bluetooth • Flugstilling • Fæst einnig hvítur  
Stereo handfrjáls búnaður fylgir

**Verð 19.980 kr.**

Verð áður 24.900 kr.



MDS-60 ferðahátalarar  
**Verð 3.980 kr.**

Verð áður 4.980 kr.

Þú færð símann í vefversluninni á [siminn.is](http://siminn.is)  
eða á næsta sölustað Símans.

Tilboðin gjalda til 15. apríl

**Síminn**

Fjöldi leikja fór fram í undankeppni EM í gær:

# England í erfiðum málum

**FÓTBOLTI** Enskir fjölmiðlar fara vafalítið fram á afsögn Steve McClaren eftir að England náði aðeins markalausni jafntefli gegn Ísrael á útivelli í gær. Leikurinn var vægt til orða tekið hrútleiðinlegur og enn eina ferðina olli enska liðið gríðarlegum vonbrigðum undir stjórn þjálfarans rauðbirkna.

Enska liðið stýrði ferðinni í leiknum lengstum en gekk ekkert að skapa sér færi. Það var einna helst Aaron Lennon sem gladdi augað í fyrri hálfleik en lítið kom út úr framherjunum Andy John-



**STARFIÐ Í HÆTTU** Enska landsliðið olli enn og aftur vonbrigðum undir stjórn McClaren í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**SLAKUR** Andy Johnson náði ekki að setja mark sitt á leikinn og var að vonum svekktur í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

son og Wayne Rooney. Ekki fór mikið meira fyrir miðjumönnum Steven Gerrard og Frank Lampard.

McClaren þorði ekki einu sinni að fara í þriggja manna vörn síðustu mínútur leiksins þegar Ísraelar voru búnir að búa um sig í skotgröfunum. Enska liðið er komið í fjórða sætið í sínum riðli þar sem Króatar og Rússar eru í efstu sætunum.

Fjöldi leikja fór fram í undankeppni EM í gær en þeir voru fæstir áhugaverðir. Leikir Þýskalands og Tékklands og Spánar og Danmerkur var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Annað sem bar helst til tíðinda var að Írland skyldi leggja Wales að velli, 1-0, og maðurinn sem skoraði sigurmarkið hét hinu skemmtilega nafni Stephen Ireland.

- hbg



## STYRKUR FRÁ NATA

(áður SAMIK og FITUR)

### SAMVINNA Í FERÐAMÁLUM MILLI GRÆNLANDS – ÍSLANDS OG FÆREYJA

Allir sem áhuga hafa á að efla samstarf í ferðamálum milli þessara landa geta sótt um styrk til fjármögnunar verkefna, hugmynda, vörubróunar, ferða eða annarra sambærilegra verkefna. Umsóknirnar þurfa að lágmarki að fela í sér þátttöku aðila frá a.m.k. tveimur löndum af löndunum þremur, þ.e. Grænlands, Íslands og Færeyja.

Hægt er að sækja um styrk vegna heildarkostnaðar verkefna, einstakra verkþátta eða ferðakostnaðar m.a. á eftirfarandi sviðum:

#### MENNTUN

starfstengt nám, nám í ferðamálafræðum o.þ.h.

#### ÞRÓUN FERÐAÞJÓNUSTUMÖGULEIKA MILLI LANDANNA

siglingar, þemaferðir, skemmtiferðir o.þ.h.

#### MARKAÐSSETNING OG GREINING Á FERÐAÞJÓNUSTU

#### ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF

skólaferðir, menningarferðir o.þ.h.

Verkefnum sem sótt er um styrk til þarf að vera lokið fyrir 31. desember 2007. Hægt er að sækja um styrk til heildarkostnaðar verkefna, einstakra verkþátta eða ferðakostnaðar. Allar umsóknir verða að berast á þar til gerðum eyðublöðum og skal ítarleg verkefnis lýsing og fjárhagsáætlun fylgja með. Umsóknir skulu fyllast út á dönsku eða ensku og sendast til:

#### NATA co/

Ferðamálastofa  
Lækjargata 3  
101 Reykjavík

#### SKILAFRESTUR UMSÓKNA ER TIL 10. APRÍL 2007

Umsóknareyðublöð má nálgast á vef Ferðamálastofu  
[www.ferdamalastofa.is](http://www.ferdamalastofa.is)

NATA er samstarfssamningur sem undirritaður hefur verið af ráðherra ferðamála Færeyja, Grænlands og Íslands. Tilgangur samstarfsins er að styrkja og efla áframhaldandi samstarf Vestnorrænu landanna á sviði ferðamála.

NATA hefur tekið yfir alla umsjón og útteilingu styrkja og aðstoðar sem áður féllu undir tvíhliða samninga Færeyja og Íslands (FITUR) annarsvegar og Grænlands og Íslands (SAMIK) hinsvegar.





GLÆSILEGT MANNVIRKI Hinn nýi Wembley er allur hinn glæsilegasti.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

## Fjör á fyrsta leiknum á nýja Wembley-vellinum: Fyrsta markið á Wembley kom eftir 25 sekúndur

**FÓTBOLTI** Mikið var um dýrðir þegar nýr og glæsilegur Wembley-leikvangur var vígður í gær. Það voru ungmennalið Englands og Ítalíu sem léku fyrsta leikinn.

Sextíu þúsund manns voru samankomnir á vellinum en ekki mátti hleypta fleirum inn þennan níutíu þúsund manna leikvang að þessu sinni. Áhorfendurnir þurftu aðeins að bíða í 25 sekúndur eftir fyrsta markinu en það gerði Giampaolo Pazzini sem skoraði öll þrjú mörk Ítala í skemmtilegum 3-3 leik.

David Bentley, Wayne Routledge og Matt Derbyshire skoruðu mörk Englands en mörkin í leiknum hefðu hæglega getað orðið fleiri.

- hbg



GIAMPAOLO PAZZINI Skoraði þrjú mörk á Wembley og var ekki fjarri því að skora það fjórða.  
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES



**PÓSTURINN**  
allur pakinn

## Tæmið póstkassa reglulega

Við hjá Póstinum biðjum landsmenn um að tæma póstkassa sína reglulega. Bréfberar eiga stundum í vandræðum með að setja póst í yfirfulla póstkassa og þá verða þeir að endursenda póstinn, sendanda og viðtakanda til verulegra óþæginda.

Aðstoð ykkar og tillitssemi auðveldar okkur að koma póstinum til skila, hratt og örugglega.

Þjónustuver | sími 580 1200 | postur@postur.is | www.postur.is

## CAPACENT KYNNIR RÁÐSTEFNUNA

# ÁRANGUR Í OPINBERA GEIRANUM VIRKA AÐFERÐIR EINKAREKSTURS?

Capacent boðar til ráðstefnu þar sem farið er yfir marga af þeim þáttum sem eru taldir hindra árangur fyrirtækja utan einkageirans í að ná árangri. Væntingar almennings og neytenda til þjónustu hafa aukist verulega undanfarin ár. Samhliða aukast kröfur um hraða, gæði og verð veittrar þjónustu. Til að mæta þessu hafa mörg opinber fyrirtæki í auknum mæli tileinkað sér aðferðafræði einkarekstrar s.s. í stefnumótun, rannsóknnum og mannauðsstjórnun með það að markmiði að auka árangur sinn.

### Dagskrá

- 13:00 Setning - Magnús Árni Magnússon, partner hjá Capacent Ráðgjöf.
- 13:15 Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, rannsóknarstjóri hjá Capacent Rannsóknnum.  
Eru viðhorf stjórnenda og starfsmanna hjá einkafyrirtækjum önnur en hjá opinberum aðilum?
- 14:00 Anna Birna Jensdóttir, framkvæmdastjóri Hjúkrunarheimilisins Sóltúns.  
„Hindranir og ávinningur í rekstri - frá borg og ríki til einkarekstars í heilbrigðisþjónustu“.
- 14:40 Einar Solheim, framkvæmdastjóri rekstarsviðs Umferðarstofu.  
Það er engin afsökun að vera ríkisstofnun - Frá stefnumótun að árangurstengingu launa.
- 15:20 Hlé.
- 15:30 Ægir Már Þórisson, mannauðsstjóri Capacent á Íslandi.  
Mannauðsstjórnun í opinbera geiranum.
- 16:10 Umræður.
- 16:30 Ráðstefnulok.

Ráðstefnan verður haldin á Nordica þann 28. mars og hefst kl. 13:00.  
Verð: 14.900 kr.  
Skráning og nánari upplýsingar á [www.capacent.is](http://www.capacent.is),  
[radstefna@capacent.is](mailto:radstefna@capacent.is) eða í síma 540 1000.

[www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM



> **BILL MURRAY**

Bill Murray er fæddur árið 1950 og er fimmti í röðinni af níu systkinum. Hann fór í fornám í læknisfræði en hætti eftir að vera gripinn með marjúana. Stuttu síðar var hann tekinn inn í gamanleikhópinn Second City í Chicago og vann á pizzustaðnum Little Caesar's með. Bill var 25 ára þegar hann var ráðinn í þættina Saturday Night Live þar sem hann lék næstu fimm árin við miklar vinsældir. Í dag hefur Bill leikið í fjölda mynda þrátt fyrir að gefa lítið fyrir Hollywood. Hann er ekki með umboðsmann heldur notast einungis við símsvara sem hann hlustar sjaldan á. Bill leikur í Lost in Translation á Stöð 2 Bíó kl. 14.00.



# dagskrá



## VIÐ TÆKIÐ SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR RIFJAR UPP GAMLAR STUNDIR

# Rykfallinn Hálandingur

„Holy ground Highlander, remember what Ramirez taught you!“ Hversu oft heyrði ég ekki þessa setningu á uppvaxtarárum mínum. Stóri bróðir hafði tekið upp hina epísku kvikmynd um hálandinginn Connor McLeod sem gat ekki dáði. Tíu ára tók ég ástfóstri við þessa mynd, sverðaglamrið, rúllandi hausa og ástarævintýrið.

Ég spáði lítið í það að Skotinn McLeod væri með franskan hreim og að félagi hans, Spánverjinn Juan Sanchez Villa-Lobos Ramirez, skyldi tala með skoskum hreim sem sómði sér vel á njósnara í þjónustu hennar hátignar Bretadrottningar.

En hvað sem segja má um gæði myndarinnar horfði ég á hana aftur, og aftur og ... aftur. Lyklabarnið sem kom heim úr skólanum nokkru á undan hinum í fjölskyldunni skemmti sér við að kveikja á vídeótækinu og horfa á bít og bít úr myndinni góðu. Ef ég var í sérstaklega góðu skapi slökkti ég jafnvel á hljóðinu og talaði með. Þvílík skemmtun. Svo lauk þessu dýrðartímabili, spólan tók að rykfalla ásamt



SKOTINN MCLEOD Hálandingur sem ekki hefur staðist tímans tönn.

öðrum mætum vinum, líkt og þeirri sem geymdi Terminator, Svarta folann og Strictly Ballroom.

Nokkrum árum síðar sá ég auglýst í sjónvarpsdagskránni að síðar sama kvöld ætti að sýna gamla kunningja minn Hálandinginn. Spennt settist ég með poppið fyrir framan skjáinn. Í fyrstu ætlaði ég ekki að kannast við myndina enda hafði alltaf vant að tíu fyrstu mínúturnar framan á myndina á spólunni (það hafði þó aldrei spilt ángiunni). Svo fór ég að kannast við mína uppáhaldsmynd. Setningar á borð við „Nuns, no humor,“ og „It's better to burn out, than to fade away!“ hljómuðu um stofuna á meðan á mig runnu tvær grímur. Var þetta myndin sem ég hafði horft á þúsund og einu sinni? Var þessi lélegi leikur eitthvað sem hafði heillað mig? Þóttu mér þessar tæknibrellur flottar?

Þessi reynsla hefur kennt mér að reyna ekki að upplifa gamlar góðar stundir við tækið.

### EKKI MISSA AF



19.45 Top Gear SKJÁREINN



20.05 Cold Case STÖÐ 2



13.55 Portland San Antonio - Kiel SÝN



20.10 Tónlist er lífið SJÓNVARPIÐ



20.00 My Name Is Earl 2 SÍRKUS

### SJÓNVARPIÐ

- 08.00 Morgunstundin okkar
- 08.01 Matti morgunn (6:26)
- 08.13 Hopp og hí Sessamí (45:52)
- 08.37 Friðþjófur forvitni (3:30)
- 09.00 Disneystundin
- 09.01 Suðandi stuð (7:21)
- 09.23 Sígildar teiknimyndir (28:42)
- 09.30 Herkúles (26:28)
- 09.55 HM í sundi Bein útsending.
- 12.15 Jón Ólaf
- 13.00 Spaugstofan
- 13.30 Tónlist er lífið (5:9)
- 14.00 Lithvörf
- 14.10 Maó (1:4)
- 15.10 Sannleikurinn um Eiffel-turninn (1:2)
- 16.05 Æskudraumur
- 17.50 Táknafréttir
- 18.00 Stundin okkar (25:30)
- 18.30 Hæsnakofinn (1:4)
- 18.38 Óli Alexander fílibomm bomm
- 19.00 Fréttir og veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Tónlist er lífið (7:9)

Að þessu sinni segir Haukur Tómasson tónskáld frá verkinu Vetrarkviða og rætt er við Ólaf Kjartan Sigurðarson söngvara.

- 20.40 Speer og hann (2:3)
- 22.10 Helgarsportíð
- 22.35 Regla nr. 1
- 00.00 Kastljós

### BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 06.05 The Pilot's Wife
- 08.00 Lost in Translation
- 10.00 Miss Congeniality 2
- 12.00 Shrek 2
- 14.00 Lost in Translation
- 16.00 Miss Congeniality 2
- 18.00 Shrek 2
- 20.00 The Pilot's Wife Dramatísk kvikmynd. Bönnuð börnum.
- 22.00 The Badge Glæpatyllir. Aðalhlutverk: Billy Bob Thornton, Patricia Arquette. Stranglega bönnuð börnum.
- 00.00 Intermission
- 02.00 Straight Into Darkness
- 04.00 The Badge



- 07.00 Myrkfælnu draugarnir (e)
- 07.15 Barney
- 07.40 William's Wish Wellingtons
- 07.45 Addi Panda
- 07.50 Pocoyo
- 08.00 Stubbarnir
- 08.25 Dóddi litli og Eyrnastór
- 08.35 Kalli og Lóla
- 08.50 Könnuðurinn Dóra
- 09.15 Grallaramir
- 09.40 Kalli litli kanína og vinir
- 10.00 Litlu Tommi og Jenni
- 10.25 Stóri draumurinn
- 10.50 Ævintýri Jonna Quests
- 11.15 Sabrina - Unglingsnornin
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.25 Sílfur Egils
- 14.00 Nágrannar
- 15.45 Meistarinn
- 16.35 Freddie
- 17.00 Beauty and the Geek
- 17.45 Oprah
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag og veður
- 19.15 Kompás

Íslenskur fréttaskýringabáttur í umsjá Jóhannes Kr. Kristjánssonar.

- 19.50 Sjálfstætt fólk (e)
- 20.25 Cold Case

Fjórða þáttaröð þessara vinsælu spennuþátta.

- 21.15 Twenty Four
- 22.00 Numbers

Önnur þáttaröð þessa bandaríska sakamálaþátta sem fjallar um stærðfræðisnilling sem aðstoðar bróður sinn, yfirmann hjá FBI, við að leysa snúin sakamál.

- 22.45 60 mínútur
- 23.30 X-Factor
- 00.40 X-Factor - úrlit símakosninga
- 01.10 Final Destination 2
- 02.40 Walk Away and I Stumble
- 03.50 Walk Away and I Stumble
- 05.00 Cold Case
- 05.45 Fréttir
- 06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp Tívi

### SÍRKUS TV

- 16.00 Da Ali G Show (e)
- Hinn eitruharði Ali G er mættur ásamt vinum sínum Borat frá Kazakistan og hinum austurríska og samkynhneigða Bruno. Ferðast þeir um Bretland og Bandaríkin og taka viðtöl við alls kyns fólk, hvort sem það eru kennarar eða háttsettir embættismenn. Fá viðmælendur kappana óþægilegar og vandræðalegar spurningar sem yfirleitt byður upp á álíka vandræðanleg svör.
- 16.30 Dirty Dancing
  - 17.15 Trading Spouses (e)
- Nokkrar fjölskyldur taka sig til og prófa nýtt líf. Er líf þeirra ekki nógu gott eða eru þau vanþakklát? Við fylgjumst með nokkrum fjölskyldum þar sem mæður og feður skipta um fjölskyldur.
- 18.00 Fashion Television (e)
- Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag.
- 18.30 Fréttir
  - 19.10 KF Nörf
  - 20.00 My Name Is Earl 2 - NÝTT (e)
- Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinsælu gamanþáttum heims og er þessi myndin en fyrri!
- 20.30 The Nine (e)
  - 21.15 Smith (e)
  - 22.00 X-2: X-Men United
- Hér er á ferðinni sjálfstætt framhald þar sem ofurmennin snúa aftur. Aðalhlutverk: Hugh Jackman, Patrick Stewart, Ian McKellen, Halle Berry. Leikstjóri: Bryan Singer.
- 00.15 Janice Dickinson Modeling Age (e)
  - 00.45 Dr. Vegas (e)
  - 01.35 Sírkus Rvk (e)
  - 02.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

### SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 N4 Fréttir og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.

16.45 og 17.45 Átak með Guðrúnu Gísla. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### SKJÁREINN

- 07.45 Vörutorg
  - 08.45 MotoGP
- Bein útsending frá öðru mótinu í MotoGP. Að þessu sinni fer keppnin fram í Jerez á Spáni.
- 13.15 Snocross (e)
  - 13.45 Love, Inc. - Lokapáttur (e)
  - 14.10 High School Reunion (e)
  - 15.00 Skólahreysti (e)
  - 16.00 Britain's Next Top Model (e)
  - 17.00 Innlit / útlit (e)
  - 18.00 The O.C. (e)
  - 18.55 Hack - NÝTT (e)
- Mike Olshanzky, leikinn af David Morse á ekki sjó dagana sæla. Hann var rekinn úr lögreglunni fyrir agabrot og gerðist í kjölfarið leigubílstjóri.
- 19.45 Top Gear (6:9)
- Vinsælasti bílaþáttur Bretlands.
- 20.40 Psych (7:15)
- Bandarísk gamanseria um mann með einstaka athyglisgáfu sem þykist vera skyggn og aðstoðar lögregluna við að leysa flókin sakamál.
- 21.30 Boston Legal (12:22)
- Bráðfyndið lögræðidrama um skrautlega lögræðinga í Boston.
- 22.30 Dexter (6.:2)
- Dexter vinnur fyrir lögregluna í Miami við að rannsaka blóðslettur á daginn en á kvöldin er hann kaldrifaður morðingi. Hann drepur bara þá sem eiga það skilið. Mögnuð þátta-röð sem er byggð á metsölubókinni Dagfar-sprúði morðinginn Dexter eftir Jeff Lyndsay.
- 23.20 C.S.I. (e)
  - 00.10 Heroes (e)
  - 01.10 Jericho (e)
  - 02.00 Vörutorg

### SKJÁR SPORT

- 14.00 Chelsea - Sheff. Utd. (frá 17. mars)
- 16.00 Sir Bobby Robson Golf Classic (e)
- 18.00 Ítölsku mörkin (frá 19. mars) (e)
- 19.00 Að leikslokum (e)
- 20.00 Everton - Arsenal (frá 18. mars)
- 22.00 Middlesbrough - Man. City (frá 17. mars)
- 00.00 Dagskrárlök

Samfylkingin

# „Við viljum að eldri borgarar og öryrkjar geti bætt kjör sín.“



Þeir eldri borgarar og öryrkjar sem geta og vilja, eiga að geta unnið sér inn peninga án þess að tryggingabætur þeirra skerðist. Við viljum hækka frítekjumarkíð þannig að þessir hópar geti haft 100.000 kr. á mánuði í tekjur af vinnu eða úr lífeyrissjóði án skerðingar.

Helgi Hjörvar og Lára Stefánsdóttir





Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 19.50

Sjálfstætt fólk

Í tilefni af því að Laddi varð sextugur á dögnum verður endursýndur þáttur frá árinu 2004 þar sem Jón Ársæll fylgdi Ladda á æskulóðirnar í



Norðurbrautinni í Hafnarfirði. Laddi er nú þekktari en nokkru sinni og fyllir sæti Borgarleikhússins kvöld eftir kvöld með leiftrandi gamanleik. Þetta er ómissandi þáttur fyrir alla þá sem hlegið hafa með Ladda í gegnum árin.

VIÐ MÆLUM MEÐ X-2: X MEN UNITED SIRKUS KL. 22

Spennynd sem er sjálfstætt framhald um ofurmennin. Togstreita ríkir í samfélaginu en hinir erfðabreyttu einstaklingar halda sínu striki. Baráttu góðs og ills linnir sjálfsgat seint en banatilræði við forsetann virkar sem olía á eldinn. Aðalhlutverk leika Hugh Jackman, Patrick Stewart, Ian McKellen og Halle Berry.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

08.00 Morgunfréttir	16.08 Veðurfregnir
08.05 Morgunandakt	16.10 Vísindamaður á tali
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni	17.00 Síðdegi skógarþúkanna
09.03 Lóðrétt eða lárétt	18.00 Kvöldfréttir
10.15 Hafa skáldin áhrif?	18.25 Auglýsingar
11.00 Guðsþjónusta í Akureyrarkirkju	18.26 Seiður og hélog
12.00 Hádegisútlarp	18.52 Dánarfregnir og auglýsingar
12.20 Hádegisfréttir	19.00 Afsprengi
12.45 Veðurfregnir	19.50 Óskastundin
13.00 Útlarpssleikhúsið: Sandbylur	20.35 Sagnaslóð
13.50 Sunnudagskonsert	21.15 Laufskálinn
Carl Maria von Weber.	21.55 Orð kvöldsins
14.10 Söngvamá	22.15 Til allra átta
15.00 Sögumenn: Ég er ómenntaðasti útlarpssmaður í heimi	23.00 Andrarímur
16.00 Síðdegisfréttir	00.10 Útlarpáð á samtengdum rásum til morguns

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SYN

07.00 Sporðaköst II (Vatnsá) Skemmtilegir veiðipættir þar sem rennt er fyrir fisk víða um land. Umsjónarmaður er Eggert Skúlason en dagskrárgerð annaðist Þórkur Bragi Baldvínsson.

10.35 EM 2008 (Spánn - Danmörk)

12.15 EM 2008 (Írland - Wales)

13.55 Meistaradeild Evrópu í handbol (Portland San Antonio - Kiel)

15.30 EM 2008 (Ísrael - England)

17.10 PGA Tour 2007 - Highlights Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum. Farið er yfir helstu tilþrífir fyrstu þrjú keppnisdagana en svo er efstu kylfingunum fylgt eftir á lokaholunum.

18.05 Meistaradeild Evrópu - fréttáttur Allt það helsta úr Meistaradeildinni. Fréttir af leikmönnum og liðum auk þess sem farið er yfir mörkin, helstu tilþrífir in í síðustu umferð og spáð í spilin fyrir næstu leiki.

18.35 Það helsta í PGA mótaröðinni

23.00 EM 2008 (Ísrael - England)

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.05 Fandango 6.30 Lille Nerd 7.00 SportsNerd 7.30 Øreflip 8.00 Danni 8.30 Hannah Montana 8.55 Bernard 9.00 Þá jobbjagt 9.30 Arbejdsliv - find et job! 10.00 TV Avisen 10.10 Boxen 10.25 OBS 10.30 SKUM TV 10.45 Flemmings Helte 11.00 SPAM 11.15 Boogie Listen Countdown 11.30 Hjerteflimmer 12.00 Gudstjeneste i DR Kirken 12.45 Når sjælen sidder i håret 13.15 Hold masken 13.45 HåndboldSøndag: Lada Togliatti - Viborg HK 15.30 Sigurds Bjørnetime 16.00 Familien Knurrår 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Junibevægelsen - Landsmøde 17.30 Rejsebrev fra Brutalis 18.00 Forestillinger 19.00 21 Søndag 19.40 SøndagsSporten 19.55 Dødens Detektiver 20.20 Motorcykeldagbog 22.20 Møde med 4.30 Karlsson på taget 5.00 Rasmus Klump 5.10 Peter Pedal 5.30 Kaj og Andrea 6.00 Postmand Per

NRK1

6.00 Kalle og Molo 6.25 Bravo Bibbi! 6.40 Disneytimen 7.35 Familien Pling 8.00 Liga 8.30 Dunder 9.00 NRKs sportssøndag 9.05 V-cup hopp 10.00 V-cup langrenn 11.00 V-cup hopp 11.45 V-cup langrenn 13.20 V-cup hopp 14.00 VM svømming 2007 15.30 Apen himmel 16.00 Pippi Langstrømpe 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.15 Der ingen skulle tru at nokon kunne bu 18.45 Et iskaldt kapløp 19.35 Insomnia - Den som synder sover ikke 21.10 Kveldsnytt 21.25 Perspektiv: Sjefen for det hvite hus 22.20 Nytt på nytt 22.50 Ingen grunn til begeistring

SVT 1

6.00 BoliBompa 6.01 Smá Einstains 6.25 Pingu 6.35 The boy 7.00 Manáid-tv 7.15 Disneydags 8.10 Lilla sportspjall 8.35 Grand Prix 9.25 Herr Galen 10.25 Ördforande Persson 11.25 Stina! 12.25 Kobra 12.55 Keith on the road 13.25 Les filles sont en marche! 13.55 Världen 14.55 När gräsrotterna tar över 15.25 Skolfrott 15.55 Anslagsstavlán 16.00 Pippi Långstrump 16.30 Wild Kids 17.30 Rapport 18.00 Playa del Sol 18.30 Sportspegin 19.15 Agenda 20.10 Nya drömjobbet 20.40 Vetenskap - livet före livet 21.10 Rapport 21.20 Höök 22.20 Brottskod: Försvunnen 4.00 Gomorron Sverige

# PENNINN Lagersala

## Lokadagur lagersölnunnar í dag!

90%

70%

afsláttur af ritföngum, föndur- og gjafavöru

30-80%

afsláttur af skrifstofuhúsgögnum

# Ópið í dag

## frá kl. 11 - 18

Hvenær?

**Í DAG!**

Hvar? →

Takmarkað magn af hverri vöru.

Húsgagnalager Pennans, Vesturvör 29, Kópavogi



## LÆRDÓMUR VIKUNNAR



„Ég hefði aldrei trúað að það tíðkadist lengur að fatafellur væru fengnar til að koma fram á samkomum eins og þessu herrakvöldi hestamannafélgsins Harðar. Þetta er eiginlega svo fjaránlegt að það er bara fyndið.“

Brynja Þorgeirsdóttir, fréttakona og hestamaður.

## HIN HLIÐIN ANNA SVAVA KNÚTSDÓTTIR LEIKLISTARNEMI

## Vill taka við kyndlinum af Opruh Winfrey

## Hvað er að fréttu?

Ég var að frumsýna verkið Lífið – Notkunarreglur hérna á Akureyri um helgina. Mjög fallegt og skemmtilegt verk eftir Þorvald Þorsteinsson sem er algjör snillingur.

## Augnlitur:

Grænleit.

## Starf:

Útskrifast sem leikkona í vor. Einnig vinn ég ýmis störf í sjónvarps- og kvikmyndageiranum.

## Fjölskylduhagur:

Í sambandi.

## Hvaðan ertu?

Úr Fossvoginum.

## Ertu hjátrúarfull?

Nei, alls ekki. 7-9-13.

## Uppáhaldssjónvarpsþátturinn:

Bráðavaktin, stenst svo sannarlega tímans tönn!

## Uppáhaldsmatur:

Grænmetisbuff og allur matur sem amma Anna eldar ofan í mig.

## Fallegasti staður:

Ásbyrgi, magnaður staður.

## iPod eða geislaspilari:

iPod, ómissandi æfingafélagi í ræktinni.

## Hvað er skemmtilegast?

Þegar mér tekst að skemmta öðrum.

## Hvað er leiðinlegast?

Óhagandi neikvæðni, því lífið er svo skemmtilegt!

## Helsti veikleiki:

Salmiakduft fyrir framan sjónvarpið.

## Helsti kostur:

Góða skapið.

## Helsta afrek:

Að læra að reima skóna þegar ég var 5 ára. Og ég kann það ennþá!

## Bestu vonbrigðin:

Að hætta að stækka við fermingu.

## Hver er draumurinn?

Að taka við kyndlinum af Opruh Winfrey.

## Hver er fyndnastur/fyndnust?

Ritar, persóna úr Lífið – Notkunarreglur, leikinn af Bjarna bekkjarbróður.

## Hvað fer mest í taugarnar á þér?

Að hundar geti ekki talað í símann, því ég sakna Gutta svo mikið.

## Hvað er mikilvægast?

Maggi minn, fjölskyldan og vinir.



## Opnar Gaukinn á ný

„Ég er að vinna í plönunum, skoða hverju ég ætla að breyta. Staðurinn opnar svo eftir rúmlega mánuð,“ segir Kristján Jónsson, betur þekktur sem Kiddi Bigfoot, sem keypt hefur rekstur skemmtistaðarins Gauks á Stöng af fasteignafélaginu Eik. Gaukurinn hefur verið lokaður síðustu mánuðina en það mun breytast innan tíðar. Kiddi segir að hann sé kominn með nokkrar hugmyndir á blað um hvernig stað hann hyggist reka í húsnæði Gauksins. Til að mynda sé mjög ofarlega á lista að þar fái hljómsveitir inni fyrir tónleikahald, en talsvert hefur verið rætt um skort á tónleikastöðum í borginni eftir að Gaukunum var lokað í fyrra.

Að svo komnu máli liggur ekki einu sinni fyrir hvað staður Kidda muni heita. „Nafnið Gaukur á Stöng er í eigu þriðja aðila svo það á eftir að skýrast. Það væri auðvitað óskandi að svo færi, þetta er bæði sögufrægt

nafn og hús,“ segir Kiddi, sem sjálfur býr yfir mikilli reynslu úr skemmtanalífsbransanum. Hann hefur starfað sem plötusnúður til margra ára á velflestum skemmtistöðum borgarinnar.

Kiddi fær húsnæðið afhent um næstu mánaðarmót. Líklegt er að fyrst um sinn verði einungis notast við efri hæðina. Heimildir Fréttablaðsins herma að ástæða þess sé sú að Framsóknarflokkurinn hafi falast eftir neðri hæðinni fyrir kosningaskrifstofu. „Fólk hefur falast eftir húsnæðinu,“ segir Kiddi leyndardómsfullur.

- hdm



OPNAR GAUKINN AFTUR  
Plötusnúðurinn og athafnamaðurinn Kiddi Bigfoot hefur keypt Gauk á Stöng og opnar hann innan tíðar.

## VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á bls. 8

1. Að 70 ár voru liðin frá opnun hennar.
2. Þórhallur Sævarsson.
3. Þeir segja Bretana hafa siglt í franski lögsögu.

## AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



## Borðum meiri fisk!

uppskrift að ljúffengum fiskrétti fyrir alla fjölskylduna

## Hnetusilungur

(fyrir 4)

700 g bleikjuflök  
3 msk. heilhveiti  
1/2 tsk. salt  
1 egg  
1 msk. léttmjólk  
100 g heslihnetuflögur  
2 msk. matarolía

Skafið roðið og skerið þunnar rákir í það. Blandið saman heilhveiti og salti og sláið saman eggj og mjólk með gaffli.

Veltið flökunum upp úr heilhveitinu, síðan eggjablöndunni og að lokum hnetuflögunum.

Hitið olíu á pönnu og steikið flökin í 2-3 mínútur á hvorri hlið. Gætið þess að hneturnar brenni ekki.

Berið fram með soðnum kartöflum, sitrónu-bátum og grænmetissalati.

Fleiri uppskriftir á [lydheilsustod.is](http://lydheilsustod.is)



## BORGARHOLTSSKÓLI: KEMUR Í VEG FYRIR LAN-MÓT NEMENDA

## Tölvuleikjamót ekki jákvæður samskiptamáti

„Ekkert verður af fyrirhuguðu LAN-móti sem vera átti í Egilshöll um næstu helgi. Skólayfirvöld bönnuðu Nemendafélagi Borgarholtsskóla að halda mótið og hótuðu að reka stjórn nemendafélagsins úr skólanum ef mótið hefði verið haldið þar sem að skólayfirvöld telja að mót sem þetta muni ýta undir tölvufíkn.“ Þetta stendur á vefsíðu nemendafélagsins borgari.is og þegar Fréttablaðið hafði samband við Reyni Grétar Jónsson, stjórnarmeðlim í nemendafélaginu, sagði hann þetta vera rétt.

„Skólinn vildi ekki fá reiða foreldra yfir sig vegna mótsins,“ segir Reynir, sem var augljóslega mjög ósáttur við yfirboðara sína. „Við vildum með þessu koma til móts við stóran hóp í skólanum sem hefur áhuga á þessu,“ bætir Reynir við.

Svokölluð LAN-mót ganga út á að stór hópur hittist á einum ákveðnum stað og spilar saman tölvuleik yfir netið. Þetta fyrirbæri nýtur mikilla vinsælda og úti í heimi eru haldin heimsmeist-



REYNI GRÉTAR Er undrandi á ákvörðun skólans og segir skrytið að margir nemendur megi kjósa en ekki spila tölvuleiki.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

aramót í ákveðnum tölvuleikjum. „Þetta er mjög skrytin ákvörðun því þetta hefur tíðkast í öðrum skólum og okkur finnst undarlegt að mörg okkar megi kjósa í næstu kosningum en ekki spila tölvuleiki,“ segir Reynir.

Aron Tómas Haraldsson, forvarnfulltrúi Borgarholtsskóla, staðfesti þessa ákvörðun í samtali við Fréttablaðið. Hann sagði það þó fullmikla einföldun hjá nemendafélaginu að skólinn hefði sett því stólinn fyrir dyrnar út af því að hann teldi þetta ýta undir tölvufíkn. Aron vildi líka gera lítið úr þeirri yfirlýsingu nemendafélagsins að hóttað hefði verið brottrekstri úr skólanum. Það væri orðum aukið. „Við erum ekki að segja að tölvur og tölvuleikir séu upphaf alls ills og tölvuleikjafíkn má að mestu leyti rekja til heimilanna,“ segir Aron Tómas. „En við

erum kannski líka að bregðast við þessari umræðu sem hefur verið í gangi þar sem heimilshaldi er stundum haldið í heljargreipum sökum tölvuleikja- og netnotkunar,“ bætir Aron við. „Og þar að auki finnst okkur svona LAN-mót ekki vera jákvæður samskiptamáti,“ segir hann.

Aron áréttar þó að málið sé ekki jafnefnt og nemendafélagið lætur vera láta á heimasíðu sinni. Skólinn hefði einnig þurft að útvega gæslu og fá kennara á vakt þannig að margt spilaði inn í þessa ákvörðun. Þá hafi margir starfsmenn skólans verið mjög ósáttir við LAN-mót sem haldið var á þemadögum nýverið. „Við veltum því líka fyrir okkur hvort þetta væri hefð sem við vildum vera að búa til án þess að hafa hugsad vandlega út í það,“ segir Aron.

freyrgiggja@frettabladid.is



ARON TÓMAS Segir skólan vera að bregðast við þeirri umræðu sem hafi verið um tölvuleikja- og netnotkun.

## Gráta næstum á hverjum degi

Tónleikaferð þeirra Eyjólf Kristjánssonar og Stefáns Hilmarssonar um landið til að kynna plötuna „Nokkrar notalegar ábreiður“ hefur gengið mjög vel.

„Þetta er alveg með ólíkindum. Við förum næstum því að gráta á hverjum degi, við erum svo hræðir. Stebbi hefur líka aldrei farið í svona ferð og honum finnst þetta mjög gaman,“ segir Eyfi. „Við erum búnir að hitta svo mikið af góðu fólki og við höfum líka spilað í fjór- um kirkjum, sem er svolítið nýr vinkill hjá okkur. Okkur

finnst það æðislega gaman og þetta hentar okkur vel. Við erum að flytja oft á tíðum viðkvæma tónlist sem þarf hlustunar. Í kirkjum hlusta allir,“ segir hann. „Við spilum á Ólafsfirði á veitingastað og þangað mættu 150 manns. Það var ótrúlega góð stemning og fólk hlustaði bara. Við höfum svo mikið verið í privat gíggum og kannski bara verið að spila í hálf tíma. Núna er þetta ríf-

lega tveggja tíma dagskrá og við erum að spila kannski 25 lög.“

Tónleikaferð þeirra Eyfa og Stebba er hvergi nærri lokið og framundan er spilamennska í Vestmannaeyjum þann 30. mars og á Selfossi 2. apríl.

Á efnisskrá þeirra félaga eru m.a. Eurovision-lögin sígildu Nína og Ég lifi í draumi. Spurður um nýja Eurovision lagið, Ég les í löfa þínum, segir Eyfi það ekki hafa gripið sig til að byrja með. „Núna er ég búinn að heyra það nokkrum sinnum og það verður bara betra og betra. Eiki gerir þetta vel, hann er svo góður söngvari og gerir mikið fyrir lagið. Það lekur lífsreynslan úr hverjum tón,“ segir hann og hlær. „Hann er pottþéttur „live“ og það er gaman að einhver svona reynslubolti skuli fara út.“

STEBBI OG EYFI Félagarnir Eyfi og Stebbi hafa fengið góðar mótur á tónleikaferðalagi sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



# LAGER SALA



**SÍÐASTA  
HELGIN**

**TÓNLIST  
TÖLVULEIKIR  
DVD MYNDIR  
OG DVD TÓNLIST**

**20%  
auka  
afsláttur**

**DVD MYNDIR**

**TÓNLIST**



**399 kr.**

**499 kr.**



**799 kr.**

**999 kr.**



**1.199 kr.**

**1.499 kr.**



**959 kr.**

**1.199 kr.**



**679 kr.**

**849 kr.**

**VERÐ FRÁ  
99KR**



**OPID  
11-19**



# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is  
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



Lyfja Lág múla  
Lyfja Smáratorgi

Opið 8-24  
alla daga



## BAKÞANKAR

BERGSTEINS SIGURÐSSONAR

### Dauðar sálir?

Afnám fyrningarfrests í gróf-um kynferðisbrotamálum er áfangasigur fyrir þolendur slíkra ódæðisverka og vafalítið heilla-skref fyrir íslenskt réttarkerfi. Í byrjun nýliðinnar viku hlustaði ég á nokkra þingmenn í útvarpinu gera upp nýlökio þing og voru þeir allir sammála um hér væri á ferð mikil réttarbót. Ég hjó hins vegar eftir orðalagi í þá veru að kynferðisofbeldi væri sá glæpur sem gengi hvað næst mannsmorði; það væri verið að myrða sálina í fólki og skemma það fyrir lífstíð.


**PETTA** er alls ekki í fyrsta sinn sem ég hef heyrt orðið sálarmorð notað í þessu samhengi. Þannig lýstu foreldrar stúlku sem hafði verið misnotuð líðan dóttur sinnar í fréttaviðtali fyrir nokkrum mánuðum. Fyrir tveimur árum eða svo gaf Jónína Benediktsdóttir út bók byggða á minningum stúlkna sem höfðu sætt misnotkun og í sjónvarpsviðtali komst hún svo að orði að kynferðisofbeldi væri eins og að þvo börnum upp úr klósetti. Fyrir réttu viku sá ég svo Guðnýju Halldórsdóttur segja í Kastljósi að konur sem hefðu orðið fyrir kynferðisofbeldi gætu ekki alið upp börnin sín.

**NÚ** skal tekið fram að ég er handviss um að bak við þessi handahófskenndu dæmi sem ég nefni hafi legið góð og velmeindandi hugsun. Umræðan um kynferðisofbeldi er hins vegar jafn vandmeðfarin og hún er mikilvæg. Stundum fæ ég ekki varist þeirri hugsun að rangar tilfinningar leiði hana á villigötur; í stað þess að hvetja til hluttekningar í garð þeirra sem verða fyrir kynferðisofbeldi sé tilhneiging til að ala fyrst og fremst á reiði í garð ódæðismannanna, jafnvel á kostnað þeirra fyrrnefndu. Hvaða huggun og styrk eiga þolendur kynferðisofbeldis að sækja í til dæmis fullyrðingar annarra um að nú hljóti þeir að vera dauðir að innan og vanhæfir uppalendur eða í sjónrænar myndlíkingar um klósettþvott?

**NÚ** er líka rétt að taka fram að ég er alls ekki að gera lítið úr þeim ömurlegu áhrifum sem kynferðisofbeldi hefur á þá sem fyrir því verða, eða á nokkurn hátt að bera í bætilfáka fyrir þá sem fremja slíka glæpi. Punkturinn er einfaldlega sá að enginn nema þeir sem hafa orðið fyrir þeirri ógæfu að vera beittir kynferðisofbeldi geta fjölyrt um áhrif þess á sig. Í ensku er hugtakið „rape survivor“ notað og Stígamót leggja áherslu á orðið þolandí frekar en fórnarlamb. Með öðrum orðum virðast þeir sem hafa orðið fyrir þessari óhugnanlegu reynslu vilja skirskota til þess að þeir hafi komist af. Ég legg til að við hin gerum það líka.

www.icelandexpress.is

# London Express



» VERÐ FRÁ: **7.995 kr.**  
Aðra leið með sköttum.

» BÖRN: **50%**  
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grimsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

» [www.icelandexpress.is](http://www.icelandexpress.is)



**Pioneer**  
MED FULLKOMNA FORYSTU

**PIONEER DCS-353**  
5.1 RÁSA HEIMABIÖKERFI

Kraftmikill 360W RMS magnari - HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið - USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minneskuubum og MP3 spáurum  
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX

Sjá ára ábyrgð!  
PIONEER-ORMSSON

**Kr. 49.900**

**LEPTO**  
THE NOTEBOOK COMPANY

4015-SE

- 15" XGA skjár
- Intel Pentium M750 1,86GHz örgjörvi
- 512MB DDR2 háhraða vinnsluminni
- 80GB harður diskur
- Inbyggður DVD/CD skrifari, þrálaust netkort, modem, kortalesari o.fl.
- 4 x USB2.0 tengi og 1 x Firewire
- Allt að 5 klst. rafhláðuending

**Kr. 89.900**

**Wii**  
LEIKJATÖLVA

**NÝ UPPLIFUN!**

Nær 6 milljón Nintendo Wii leikjatlur seldar á 4 mánuðum um allan heim.

**Kr. 29.900**

Farmingargjöf frá Ormsson hljómar vel.

**ORMSSON**

ELLEFU VERSLANIR OG UMBODSMENN UM LAND ALLT